



# Skynjun og skilningur

Erindi flutt á málþingi í Skálholti  
26.–28. október 2008



# Skynjun og skilningur

Prédikunarseminar  
í Skálholti  
26.–28. október 2008



Kjalarness  
prófastsdæmi

---

## **Skynjun og skilningur**

Úrgefandi: Kjalarnessprófastsdæmi 2009

©Kjalarnessprófastsdæmi

Umbrot: Einn, tveir og þrír auglýsingastofa

Prentun: Hjá Guðjón Ó

Prófarkalestur: Ása Björk Ólafsdóttir og Brynjólfur Ólason

Þýðing á fyrirlestrum Wilfried Engemann: Gunnar Kristjánsson,

Guðni Þór Ólafsson og Kristinn Ólason

# Skynjun og skilningur

Prédikunarseminar

í Skálholti 26.–28. október 2008

## Efnisyfirlit

Ása Björk Ólafsdóttir: Inngangur . . . . .	5
Gunnar Kristjánsson: Skynjun og skilningur . . . . .	7
Wilfried Engemann: Lífskenndin undir sjónhorni prédikunarinnar . . . . .	11
Wilfried Engemann: Tilfinningar trúarinnar sem áskorun fyrir prédikunarvinnu. . . . .	24
Wilfried Engemann: Söfnuðurinn sem lífsmótunarvettvangur . . . . .	34
Wilfried Engemann: Prédikunarundirbúningur og prédikunargreining í hópi . . . . .	48
Wilfried Engemann: Vinnustofa í prédikun . . . . .	56
Bragi J. Ingibergsson: Sjónin . . . . .	63
Jóna Hrönn Bolladóttir: Snerting. . . . .	66
Sólveig Lára Guðmundsdóttir: Ilman. . . . .	69
Gylfi Jónsson: Heyrnin. . . . .	72

---

Ása Björk Ólafsdóttir:

## Inngangur

Í þessu riti eru lögð fram erindi þau sem flutt voru á prédikunarseminari Kjalarnessprófastsdæmis sem haldið var í Skálholti dagana 26. - 28. október 2008. Það er hefð fyrir því að prófastsdæmið gefi út erindi hvers seminars og einnig þær hugleiðingar sem fluttar voru í kirkjunni. Er það von okkar sem að þessu prédikunarseminari stöndum, að með útgáfu efnisins megi sem flestir prédikarar nýta sér þær hugmyndir og hugleiðingar sem settar hafa verið fram og auðgast í prédikun sinni og boðun á hinum kristna akri. Var þetta sjötta prédikunarseminar Kjalarnessprófastsdæmis haldið með þessu sniði.

Að þessu sinni var áherslan á skynjun og skilning í prédikuninni og því voru prédikunar-efni þeirra fjögurra presta sem sömdu og fluttu prédikun í Skálholtskirkju: Ilman, snerting, sjón og heyrn. Það má með sanni segja að andrúmsloftið hafi verið óvenju magnað í kirkjunni þegar prédikarar hleyptu okkur inn í sínar dýpstu tilfinningar og upplifanir án þess að ganga fram af þeim sem á hlýddu. Er mikill fengur að því að þessi erindi birtist hér á prenti svo enn fleiri fái notið.

Wilfried Engemann er orðinn prestum í Kjalarnessprófastsdæmi kunnur eftir að hafa komið hingað á prédikunarseminar árið 2005 og var því mikil eftirvænting eftir erindum hans.

Wilfried Engemann er fæddur í Dresden í Þýskalandi árið 1959. Hann nam guðfræði í Leipzig og þjónaði sem prestur um skeið að námi loknu. Hann lauk doktorsprófi frá háskólunum í Rostock og Greifswald og þjónaði þar sem prestur um fjögurra ára skeið jafnframt því að vera prófessor við Münster árið 1994 á sviði prédikunarfræði og lítúrgískra fræða. Hann er háskólapredikari við Wilhelmsháskólann. Engemann hefur skrifað mikið um prédikunarfræði, m.a. Einführung in die Homiletik (Inngangur að prédikunarfræði) sem kennd er nánast við alla þýska háskóla.

Eftir að dr. Gunnar Kristjánsson prófastur hafði sett ráðstefnuna og þátttakendur höfðu notið fagurra hljóma kirkjuorgels Skálholtsdómkirkju, sem Tómas Guðni Eggertsson kallaði fram, var kvöldverður og síðan hófst dagskráin. Eftir fyrstu prédikunina og umræður um hana varpaði Engemann fram spurningunni: „Hver er áhætta prédikarans hverju sinni?“ Þessi spurning var eins konar rauður þráður alla ráðstefnuna, því þar sem við komum fram og tölum um skynjun, skilning og tilfinningar erum við berskjölduð að vissu leyti.

Hér birtast fjórir fyrirlestrar Engemanns sem hann flutti á ráðstefnunni og ein þriggja prédikana sem hann vann einnig út frá. Dr. Kristinn Ólason, dr. Gunnar Kristjánsson og

sr. Guðni Þór Ólafsson þýddu erindin, en prófarkalestur önnuðust Brynjólfur Ólason og Ása Björk Ólafsdóttir auk þess sem Þórhallur Heimisson las yfir.

Auk ofangreindra aðila heimsótti okkur Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur), prófessor við Listaháskóla Íslands, en hann flutti mjög lifandi og myndræna umfjöllun um ímyndir Jesú. Þetta erindi festist ekki á prenti og mun það því einungis lifa í minningu þeirra sem viðstödd voru.

Gunnar Kristjánsson:

# Skynjun og skilningur

## Upphafsorð

Verið velkomin á sjötta prédikunarseminarið sem haldið er á vegum Kjalarnessprófestsdæmis hér í Skálholti. Þessi seminör eru framlag prófestsdæmisins til símenntunar presta þar sem horft er til boðunarinnar í víðari merkingu sérstaklega. Seminörin eru opin öllum prestum, hvaðan sem þeir koma af landinu og reynslan af þessu samfélagi hefur verið góð og dýrmæt.

Á flest seminörin höfum við boðið gestum sem óhætt er að fullyrða að standi í fremstu röð praktískra guðfræðinga innan mótmælendaguðfræðinnar.

Að þessu sinni fáum við öðru sinni að njóta samvista við dr. Wilfried Engemann, prófessor við guðfræðideild háskólans í Münster en þar er fjölmennasta guðfræðideild í Þýskalandi með 1400 stúdentum. Hann hefur verið afkastamikill á vettvangi fræðanna, meðal annars hefur hann skrifað kennslubók í prédikunarfræði sem kennd er við alla þýska háskóla að heita má. Engemann þarf raunar ekki að kynna, hann er okkur að góðu kunnur frá því hann heimsótti okkur haustið 2005. Í erindasafni sem prófestsdæmið gaf út af því tilefni er að finna þrjá fyrirlestra sem hann flutti þá.

Í þeirri guðfræði sem við höfum fengið að njóta á þessum seminörum um prédikunarfræði hefur það ekki farið fram hjá neinum að áherslan er talsvert önnur en við Íslenskir guðfræðingar erum vanir, að ég segi ekki framandi. Og ég held að það muni gilda um þetta seminar alveg sérstaklega. Hvorki Engemann né aðrir gestir okkar eru menn hinna troðnu slóðu í guðfræði og trúarskilningi. Þvert á móti kalla þeir til samtals við hefðina um leið og þeir kalla til samtals við samtímann. Samtal við samtímann er til lítils ef guðfræðingar skoða ekki jafnframt sína eigin hefð og sína eigin guðfræði. Það á öðrum greinum guðfræðinnar framar við um praktíska guðfræði þar sem allar greinar guðfræðinnar mætast í einum punkti og hin vitsmunalega glíma guðfræðinga um framsetningu trúarinnar og samskipti við samfélag og menningu líðandi stundar fer fram.

Það sem gestum okkar og fyrirlesurum hefur legið talsvert á hjarta er að gera kristna trú skiljanlega í samfélagi sem hefur í vaxandi mæli snúið baki við allri trú og telur sig oft á tíðum betur komið án hennar. Inn í slíkar aðstæður hefur praktísk guðfræði beinst í vaxandi mæli á meginlandi Evrópu.

Því er það engin tilviljun að mikið hefur verið sótt í sjóði þeirra tíma þar sem kirkja og kristni stóðu í svipuðum sporum og við stöndum í nú. Þar horfa menn fyrst allra til

Friedrichs Schleiermachers á fyrri hluta níttjándu aldar og síðan til hinnar frjálslyndu guðfræðihefðar um aldamótin 1900 og á fyrstu áratugum tuttugustu aldar.

Í anddyri guðfræðideildar Humboldtháskólans í Berlín gefur að líta setningu úr ritum Schleiermachers, sem áður var prófessor við þann skóla, hún er á þessa leið – og var raunar valin á þennan stað af gesti okkar hér í fyrri, Wilhelm Gräb: „Soll der Knoten der Geschichte so auseinandergehen; das Christentum mit der Barbarei, die Wissenschaft mit dem Unglauben?“ Sem mætti þýða á þessa leið: „Fer það svo að hnútur sögunnar rakni með þeim hætti að kristindómurinn lendi í slagtogi með villimennskunni en raunvísindin með vantrúnni?“ Þessi setning er úr bréfi sem hann ritaði til vinar síns í upphafi níttjándu aldar. Og það liggur úr loftinu að mati guðfræðinga þessa háskóla að þessi tími kunni að vera runninn upp aftur.

Nú er sjónum – líkt og þá – beint að manningum sjálfum og samfélagi hans og hann er vakinn til umhugsunar um það sem skiptir hann eftir allt saman mestu máli, málið snýst um merkingu og tilgang lífs hans. Hvernig fær hann spurningum um það efni svarað, og hvernig verður hann var við slíkar spurningar? Hvernig koma þær til hans, hvernig vakna þær með honum?

Hér býður guðfræðin upp á samtal. Það samtal hefur prédikarinn öðrum fremur með höndum í prédikun sinni og í boðun allri. Þetta samtal beinist nú í vaxandi mæli að manningum, að tilfinningum hans meðal annars, að einu og öðru í því sambandi sem guðfræðin hefur lengst af látið liggja milli hluta eða jafnvel ýtt út af borðinu.

Í umfjöllun sinni hér í Skálholti árið 2005 beindi Engemann hins vegar sjónum að reynslu mannsins, að upplifun hans, að skynjun hans, að tilfinningum hans. Sama gerði Wilhelm Gräb á prédikunarseminarinu hér í fyrri, hann sagði þá orðrétt:

„Merking hefur með skilningarvitin að gera, merking byrjar með fagurfræðilegri reynslu, merking er eitthvað sem tengist skilningi mannsins og skilningarvitum hans og leiðir síðan djúpt inn í huga hans og vekur umhugsun hans.“ Og síðan sagði hann:

„Skilninginn öðlumst við með hjálp skilningarvitanna. Með skilningarvitunum fimm – með sjón, heyrn, ilmi, bragði og snertingu – myndast samhengi milli okkar sjálfra og annars „heims“ sem opnast okkur vegna skynjunarinnar. Smám saman miðlast til okkar merking sem á sér rætur í lífinu sjálfu: Þegar við upplifum það sem fagurt er, fagurt landslag, fagra matargerð, fagra tónlist, ástrík samskipti við annað fólk. Við þurfum ekki annað en að syngja svo að við fáum tilfinningu fyrir dýpri merkingu en hinni hversdagslegu, þegar tónlistin veldur hreyfingu í líkama okkar og sál. Það gerir okkur gott þegar við tökum undir af lífi og sál í söngnum í guðsþjónustunni. Við finnum hvernig fagur hljómur endurómar innra með okkur og skapar vellíðan með okkur. Við skynjum einhverja djúpa merkingu þar sem samhengi myndast milli okkar sjálfra og þess sem er í kringum okkur, í tengslum við annað fólk, við heilan söfnuð sem er samstilltur í tilbeiðslu, við skynjum merkingu sem nær djúpt inn í sálina.“

Þessi áhersla Gräbs á skynjun mannsins til viðbótar við hugsun hans og vitsmuni varð til þess að við ákváðum að hafa prédikanir þessa seminars allar um skilningarvitin. Jafnframt var vitað að sú áhersla yrði í fullu samræmi við erindi Engemanns eins og komið er á daginn.

Tilgangurinn með þessu vali á prédikunarefnum er ekki út af fyrir sig að gera grein fyrir því hvernig maðurinn skynjar heiminn heldur að láta á þessa nýju áherslu í guðfræði samtímans reyna. Hið guðfræðilega viðhorf snýst um að nálgast tilgang og merkingu lífsins með öðrum hætti en vitsmunum einum, einnig með skilningarvitunum sem eru ein leið mannsins til að skilja og finna merkingu og tilgang.

Í umfjöllun Engemans er alveg sér á báti áhugavert að veita því athygli hvaða tilgangi biblíutextinn gegnir í þessu hlutverki. Engemann beinir sjónum okkar að því hvernig Jesús nálgast manninn og hvaða viðbrögð fólk sýnir við návist hans, hvernig áhrif samtalsins við Jesú verða á einstaklinga. Þau verða ekki til með því að höfðað sé ávallt og nánast eingöngu til vitsmuna mannsins heldur einnig og ekki síður með snertingu, með máltíð, með samtali, sem hinu sjónræna sem hann finnur leiðina að hjarta mannsins og sem maðurinn finnur leiðina til hans. Textinn er því ávallt í miðpunkti um leið og maðurinn sjálfur er í miðpunkti, skynjun hans sem leiðir til nýs skilnings.

Prédikunarseminar er meira en tæknileg umfjöllun um gerð og flutning prédikunar, það fjallar um hina guðfræðilegu boðun í djúpum og víðtækum skilningi. En eins og flestum er kunnugt og sjá má af dagskránni verður einnig fjallað um hina praktísku hlið prédikunarundirbúnings og um flutning prédikunar. Þar er raunar um afar áhugavert efni að ræða sem gestur okkar mun leggja fram á morgun.

Á þessu seminari munu fjórir prestar flytja prédikanir um skilningarvitin en skilningarvitin eru reyndar fimm, dagskráin bauð ekki upp á prédikun um fimmta skilningarvitið svo að þar er prédikunarefni fyrir þá presta sem hér eru þegar þeir eru komnir heim í sín prestaköll. Ástæðan fyrir því að við tökum þetta sérstaka efni fyrir sem þema í prédikunum er heimsókn prófessors Gráb í fyrra en hann kom inn á það efni eins og áður er vitnað til.

Í framhaldi af prédikununum munum við taka þær til umfjöllunar, í því skini verður sem fyrr notast við matsblað sem prófessor Engemann hefur notað og látið okkur í hendur. Mikilvægt í þessu samhengi er að umræður verði opnar og einlægar, af umræðum eigum við öll að geta lært.

Ég vil geta þess að á morgun mun Engemann kynna hvernig prédikunarundirbúningur er kenndur í hans guðfræðideild og hvernig undirbúningur fer fram í hópi, einnig hvernig umræður og mat fer fram. Það er áhugavert að kynnst því vandaða kerfi sem stúdentar hans fara í gegnum og gæti markað tímamót ef okkur tækist að koma á slíkri vinnu í sambandi við prédikunina hjá okkur íslenskum prestum.

Það er engin tilviljun að Guðmundi Oddi Magnússyni, prófessor við Listaháskóla Íslands í hönnunar- og ímyndafræðum sem ég leyfi mér að nefna svo, var boðið að flytja hér fyrirlestur um ímyndir Jesú undir breiðu og sjálfvöldu sjónarhorni. Sem prófessor á sviði hugmyndafræði í nútímalist og landskunnur á þeim vettvangi ætti hann að vera einn þeirra manna sem veltir fyrir sér gildi mynda og ímynda sem fengist er við á líðandi stund. Það er samfélagið sem presturinn á samtal og samskipti við í prédikun sinni og boðun allri. Fátt er honum því jafnbrynt og að hafa næman skilning á undirstraumum líðandi stundar í samfélaginu.

Á prédikunarseminari er því farið djúpt í saumana bæði að því er varðar praktíska hluti en einnig að því er varðar boðunina sjálfa, inntak hennar og framsetningu. Hvernig er boðað, hvað er boðað, hvaða þemu eru á dagskrá, hvernig eru boðskiptin, hvaða fólk er í bekkjunum, til hvaða samfélags er talað? Það þarf ekki að skoða sögu guðfræði og prédikunar langt aftur í tímann til að finna og sjá að þar er talað inn í annan heim en við bekkjum og úr öðrum heimi en við bekkjum. Prédikunarfræðin eins og aðrar fræðigreinar eru ávallt börn síns tíma, tími prédikunarfræðingar er aldrei fullnaður og aldrei liðinn, hann er sífellt nýr eins og hver dagur sem rennur. Það var því ekki út í bláinn þegar Schleiermacher sagði að praktísk guðfræði væri drottning guðfræðinnar, þar skerast allar línur guðfræði og samfélags.

Prédikunin er tilboð prestsins um samtal, og þá ekki aðeins samtal um það sem honum sjálfum er hugleikið heldur um það sem söfnuðurinn telur sig þurfa á að halda. Það er samtal um manninn, um lífstilfinningu hans, um merkingu lífs hans, um líffskilning hans, um trú hans, jafnvel þótt hann kunni að nefna hana öðru nafni.

Ég býð ykkur öll velkomin til spennandi seminars þar sem eftirvæntingin liggur í loftinu og þar sem afraksturinn mun skila sér í ómældu magni til lengri eða skemmri tíma. Og við skulum ekki gleyma því að þar sem allir setja sig í lærdómsstellingar þar læra menn hver af öðrum. Það er seminar þar sem allir eru í senn nemendur og kennarar.

Megi svo verða nú sem hingað til.

Wilfried Engemann:

# Lífskenndin undir sjónhorni prédikunarinnar

## Prédikunarfræði og tilfinningar

Samantekt: Lífskennd manna er að verulegu leyti ákvörðuð af ást og frelsi í lífsreynslu manna. Þessi fyrirlestur leitar svara við spurningunni um það hvað það merkir að tileinka sér ástríðufulla lífskennd sem á sér rætur í ást og frelsi, og hvernig unnt sé að takast á við þetta efni í prédikunarundirbúningi. Nálgun mín byggist á því að skoða – og sýna fram á – hvaða máli slík reynsla skiptir fyrir trúarskilning mannsins og hvaða áhrif hún hefur á trú mannsins, m.a. hvaða áhrif ógnun við frelsi hans og rofin samskiptatengl hafa á trú hans.

## 1. Tilfinningar og prédikunarvinna Hugleiðingar í upphafi.

Spurningin um þýðingu tilfinninga eða tilfinningaríki fyrir prédikunarvinnu hefur tæpast verið sett fram með berum orðum í prédikunarfræðunum. Um tilfinningar mannsins er venjulega aðeins rætt í framhjáhlaupi eða út frá hagsýninni, til dæmis í sambandi við mælskufræðilegar spurningar, eða þegar reynt er að útskýra fyrirbærið „virk hlustun“,<sup>1</sup> eða – svo notað sé áþreifanlegra – hvaða áhrif góð prédikun hafi í för með sér: Að maður „fari glaðari og hugrakkari frá kirkjunni“<sup>2</sup> en maður kom.

Það er því kominn tími til að spyrja um tilfinningarnar á ýmsum sviðum fyrir mismunandi svið prédikunarfræðanna. Nokkur sjónarhorn vildi ég nefna hér:

### 1. Út frá prédikuninni

Hversu mikla tilfinningasemi er nauðsynlegt að hafa í prédikun til þess að hún verði trúverðug, svo að hún sé í tengslum við veruleika lifandi fólks þar sem hlegið er, grátíð, bölvað og huggað? Tilvera okkar er þrungen umtalsverðum tilfinningasvipingum. Getur prédikunin þá – eins og fólk upplifir iðulega – einkennst af ritskýringum á guðrækni Páls postula eða verið hlaðin trúfræðilegum skilgreiningum á Kristsfræði sextándu aldar? Með öðrum orðum: Ræðuhöldum sem snerta hvorki við tilfinningum prédikarans né áheyrandans?

1 Sjá: Thomas Nisslmüller: Homo audiens, Der Hör-Akt des Glaubens und die akustische Rezeption im Predigteschehen, Göttingen 2008, 244-245.

2 Til nánari skodunar á vidtöku prédikunarinnar: Sjá hina mikilvægu rannsókn hjá Helmut Schwier / Sieghard Gall: Predigt hören. Befunde und Ergebnisse der Heidelberger Umfrage zur Predigtrezeption (= Heidelberger Studien zur Predigtforschung), Münster 2008, 247 f.

Í framhaldi af þessari hispurslausu spurningu kviknar önnur: Hve mikið af raunverulegum tilfinningum sem hræra við fólki (ást, gremja, gleði, hugrekki, ótti) er réttlætánlegt að virkja sem grunntóna í prédikun án þess að það komi niður á efnisinnihaldi prédikunarinnar?

Reynslan sýnir að prédikanir eru taldar sérstaklega áhrifaríkar og eftirsóttar til lestrar ef hægt er að hlæja minnsta kosti einu sinni undir þeim og gráta einu sinni, eða að minnsta kosti að láta sér vökna um auga. Það eru prédikanir sem miða ekki aðeins að fræðslu, heldur snerta þær greinilega við fólki, og gera það með því að færa því tilfinninguna fyrir sjálfu sér og lífi sínu, eða að minnsta kosti að endurvekja slíka tilfinningu.

## 2. Prédikunin sem persónuleg tjáskipti

Hvaða máli skiptir gagnkvæmur áhugi prédikara og áheyrenda hverra á öðrum, svo sem gagnkvæm viðurkenning, virðing og umhyggja? Prédikarar vilja að sjálfsgöðu njóta viðurkenningar fyrir prédikun sína og áheyrendur láta sér það ekki í léttu rúmi liggja ef þeir fá það á tilfinninguna að nærvera þeirra og hlustun skipti engu máli. Hvaða áhrif hefur þetta á undirbúning og framsetningu prédikunarinnar? Hefur það áhrif á innihald hennar?

Mótmælendaprestar hafa tilhneigingu til að gæla við þá afstöðu að láta sig lítt eða ekkert varða um tilfinningaviðbrögð áheyrenda eða viðtökur þeirra við prédikuninni yfirhöfuð. Þetta er rökstutt með því að það sé beinlínis eðli fagnaðarerindisins að hneyksla söfnuðinn. En þá lítur fólk reyndar fram hjá því að í Nýja testamentinu hneyksluðust einungis þeir sem höfnuðu fagnaðarerindinu hvort eð var. Hins vegar hneyksluðust þeir ekki sem létu samstundis hrífast og tóku trú (og til þeirra ætti eðlilega líka að telja kirkjugestina sem heyra prédikunina), það fólk hneykslaðist ekki né gramdist yfir því sem Jesús gerði og sagði, heldur gladdist mjög, fylltist hamingju, þakklæti og upptendraðist í hrifningu. Hin sígilda aðgreining milli innihalds og tengsla í mannlegum samskiptum gengur út á það að við spyrjum ekki *hvort* við viljum vera “tilfinningaleg” eða ekki þegar við prédikum, heldur *með hvaða tilfinningum* við viljum mæta söfnuðinum. Því að samskipti eru alltaf öðrum þræði blandin tilfinningum.

## 3. Frá sjónarmiði prédikarans

Ástæðan fyrir því að tilfinningarnar verða að koma fram í prédikuninni – í innsta eðli hennar – er sú að lífskenndina upplifir maðurinn á vettvangi eigin tilfinningar fyrir frelsi og ást. Vond eða neikvæð lífskennd verður hlutskipti mannsins í kúgun og brengluðum tilfinningasamböndum. Þetta birtist á vettvangi tilfinninganna, það eru þær sem gefa þessa lífstilfinningu til kynna og koma henni áleiðis.<sup>3</sup>

Sú lífskennd sem kemur í ljós í einni ákveðinni prédikun skiptir máli: Lífskenndin sem prédikunin sprettur úr og birtist í flutningi hennar er tjáning á lífstilfinningu prédikarans. Það kemur fram í lífstilfinningunni hvers virði einni manneskju lífið er og hvernig það er henni einhvers virði. Þetta kemur fram í prédikuninni. Hún felur ávallt í sér einhvers konar lífstilfinningu. – Sama gildir líka á öðrum afmörkuðum sviðum lífsins: Tilfinningar til fólks eða til atvika gefa einnig til kynna ákveðna lífstilfinningu.

3 Sjá: Wilfried Engemann: Persönlichkeitsstruktur und Predigt. Homiletik aus transaktionsanalytischer Sicht, Leipzig 2:1992.

Enn fremur er hægt að spyrja með tilliti til persónu prédikarans: Að hve miklu leyti er fagmennska prédikarans háð því að hann þekki sínar eigin tilfinningar og kunnir að miðla þeim í prédikun? Er sanngjarn að búast við því af prédikaranum að hann upplifi tilfinningar sínar ekki bara sem einhverja strengi sem hljómi með, heldur geti líka notað þær sem tæki í tjáskiptum?

Það getur verið mjög vandasamt fyrir presta að takast á við eigin tilfinningar í hinu kirkjulega umhverfi. Ástæðan eru hin afar sérstæðu hliðaráhrif – ekki alltaf til góðs – kristinnar trúrækni, eða kristindómsins, á tilfinningalífið (ég hef hér í huga til dæmis hin brengluðu tengsl við sjálfelskuna og þöggun árásarhneigðarinnar).

#### 4. Með tilliti til áheyrandans

Sá sem hlustar á prédikun er á höttunum eftir því að fá jafnvægi á tilfinningar sínar eða að viðhalda tilfinningalegu jafnvægi, hann er opinn fyrir örvun með jákvæðum tilfinningum og að finna til vellíðunar – þetta gildir að vissu marki um öll tjáskipti.<sup>4</sup> Það gerist meðal annars þegar hann fær boð um eða merki sem gefa honum til kynna að hann sé æskilegur, að prédikaranum finnist það gott að hann sé viðstaddur og að hans vegna skili prédikarinn hlutverki sínu með ánægju.

Viðbrögð hans við hvatvíslegri, atyrðandi, umvandandi, möglandi og ásakandi prédikun eru innri lokun, innri hörfun, andmæli og gremja. Sú tilfinning að tilheyra ekki, vera ekki á réttum stað, sú upplifun að prédikunin geri honum hreinlega ekki gott, dregur mjög úr líkum þess að hann muni taka þátt í slíkum tjáskiptum til langframa.

Auðvitað snýst málið ekki eingöngu um að viðurkenna tilfinningarnar og taka þær gildar, heldur að þær séu teknar alvarlega og að orðum sé komið að þeim. Þar má nefna sektarkenndina. Þar snýst málið ekki um að auka á sektarkenndina eða nýta sér hana og setja hana á stall sem vísbendingu um syndsamlegt líferni áheyrandans, heldur að rekja upptök hennar og hugsanlega að losa sig (og áheyrandann) úr þeirri aðstöðu að burðast með óljósar sjálfsásakanir – og kannski breyta þrúgandi tilfinningu um sekt og samvisku-bit í leysandi kennd iðrunarinnar.

#### 5. Með tilliti til biblíutextanna

Í textum Biblíunnar er öðru fremur fengist við tvenns konar lífsreynslu: Frelsi og ást. Hvort tveggja í hæsta máta tengt tilfinningum, tvær þeirra „miklu tilfinninga“ sem enn tryggja athygli fjölmiðla og bíógesta. Og með þeim snýst málið í þessum Biblíutextum alltaf að trú, sem manni finnst líka einhvern veginn tengjast og vera í nánu sambengi við þær tilfinningar sem fylgja frelsi og ást í reynslu mannsins, að kalla þær fram og verja þær.

Í sama mæli gildir að trúin er samkvæmt vitnisburði Gamla og Nýja testamentisins alltaf í tengslum við lífskenndina: Sá sem trúir er talinn njóta meiri vellíðunar.<sup>5</sup> Það að þeir sem hafa komist til trúar, eða styrkst í trú sinni, halda sína leið í gleði, þakklæti og syngjandi lofsöngva, þetta eru ekki einfaldlega bara hliðaráhrif af tiltekinni „trúarvissu“, heldur eru þetta meðal frumlægustu tjáningarforma trúarinnar.

<sup>4</sup> Losun endorfins eða opioiden (vellíðunar-efnið) eykst í líkamanum samhliða velgengi í félagslegum samskiptum og þótt ekki sé nema samvistir með öðrum. Virkni slíks opioide er fyllilega sambærileg við opíum og heróín, með þeim mun að þau hafa „deya geyfandi eða svæfandi virkni, heldur einungis þægileg áhrif“ (Walter Bauer: Prinzip Menschlichkeit. Warum wir von Natur aus kooperieren, Hamburg 2006, 30).

<sup>5</sup> Sbr. til dæmis sælubo\_in í Mt 5.1-11.

Það sem í sálgæslunni nefnist „að tjá tilfinningabundna reynslu með orðum“<sup>6</sup> gildir að vissu marki líka þegar kemur að því að útleggja Biblíutexta. Það er ekki nóg að hafa lagt mælistiku söguryinnar á textana eða kortlagt í þeim trúfræðileg atriði til að skilja trúarvitnisburð þeirra, það þarf einnig að skynja reynsluheim og reynslukjarna hvers texta út frá tilfinningum sem hann býr yfir.

Þetta sjónarmið á við um prédikunina alla. Í sama mæli og það heppnast að miðla áheyrendum tilfinningatengdri reynslu með orðum, munu þeir gera ráð fyrir því að prédikunin sé marktæk og raunhæf fyrir þeirra eigin tilveru og tilfinningar og hafi þýðingu fyrir líf þeirra.

Ég hef nú varpað ljósi á nokkur atriði sem sýna meðal annars að þegar kemur að vinnu með og í og innan tilfinninganna er ekki um nein guðfræðilega grundvöllud sjónarmið að tefla. Fyrst og fremst eru það hagnýt sjónarhorn sem verður að taka gild. En ég er þó sannfærður um að hinar tilfinningalegu víddir prédikunarinnar eiga sér guðfræðilegar hliðar. Þær varða forsendur prédikunarinnar, á sérstakan hátt mannfræðina sem í henni felst og spurninguna um hlutverk prédikunarinnar. Þá snýst málið í grunninn um þá einföldu spurningu að hve miklu leyti það er ekki bara hugsanlegt, heldur líka óhjákvæmilegt, af guðfræðilegum eða kristnum-trúarlegum ástæðum, að skilja prédikun í dýpri skilningi orðsins sem þjónustu við lífstilfinningu manneskjunnar.<sup>7</sup>

## 2. Frelsi og kærleikur sem hreyfisorsakir lífsins

### Til skilnings á sálgæslunni og um verkefni hennar

Frelsi og kærleikur eru ekki bara miðlæg viðfangsefni kristindómsins. Frelsi og kærleikur eru hvort um sig miðlæg hreyfiöfl í tilvist mannsins, tilfinninga-lífs hans, og þar af leiðandi og óhjákvæmilega einnig prédikunarinnar. (Aths. orðið E-Motion sem Engemann notar, tilfinningar, er myndað af latneska orðinu *motio*, hreyfing. Orðaleikurinn kemur ekki fram í íslensku.) Prédikanir vísa því venjulega beint eða óbeint, ljós eða leynt, á reynslu mannsins af ófrelsi eða af brostinni, glataðri, bældri, týndri, hafnaðri og ógnaðri ást eða kærleika og það orð er í þessu samhengi sérhvert hugsanlegt form af veittri og móttækinni umhyggju. Mig langar stuttlega að fara ítarlegar í báða þessa þætti.

(a) **Upplifun frelsisskerðingar:** Mannekja, sem veit til dæmis ekki lengur hvað hún í raun og veru vill með og í lífi sínu, upplifir skerðingu á frelsi að því leyti að hún er sjálf ekki lengur viðfang eigin lífs. Hún höktir áhugalaus mót eigin framtíð, án eftirtvæntingar eða forvitni. Önnur mannekja verður fyrir þeirri þrúgandi reynslu að finnast hún lífa lífinu með þeim hætti sem – að hennar eigin álitni – er alls ekki sæmandi. Hún lifir líkt og í ánaud. Hún megnar ekki að framfylgja því sem hennar innri maður segir henni heldur er líf hennar eins og líf framandi menneskju. Framtíðin kemur ekki á óvart, tilfinningin gefur til kynna að hún sé þegar liðin hjá.<sup>8</sup> Hún getur ekki eða ekki lengur lýst því hvernig það er þegar maður kastar sér út í lífið og hvernig það er að stíga skref sem

6 Sjá: Isidor Baumgartner, Pastoralpsychologie. Einführung in die Praxis heilender Seelsorge, Düsseldorf 1990, 456 f.

7 Í þessu samhengi ber líka beinlínis að huga að nýju að hlutverki trúarinnar í sálusorgun, og verður það gert í síðari fyrirlestri sem tekur upp þráðinn frá þessum hugleiðingum.

8 Sjá grundvallarrit um möguleika á því að upplifa frelsið: Peter Bieri, Das Handwerk der Freiheit. Über die Entdeckung des eigenen Willens, München/Wien 2001, sérstakl. 84-121.

leiðir þangað sem maður hefur fulla ástæðu til að vilja fara – vegna þess að tilfinningarnar hvetja í þá átt. Þessi manneskja hefur glatað bæði frelsinu og með því tilfinningunni fyrir *viðáttum* lífsins.

(b) **Fjötrar í ástarsamböndum:** Svipað er með fólk sem verður fyrir þeirri reynslu að eiga ekki lengur neinn til að deila kærleikanum með. Umhyggjan – bæði að gefa hana og þiggja – er helsta hreyfiafl í mannlegu lífi,<sup>9</sup> truflun á samskiptum af þessu tagi veldur því að grundvallarhvati tilvistarinnar er í hættu. Manneskja sem kemur í messu með þá reynslu að vegarnesti að hún njóti ekki nægilegs kærleika, athygli og virðingar – vegna þess að makinn hefur yfirgefið hana, hún verður fyrir einelti á vinnustað eða börnin heimsækja hana ekki – á iðulega erfitt með að nefna sannfærandi ástæður fyrir því að hún eigi yfirleitt að lifa lengur. Getur prédikunin sýnt fram á ástæðurnar fyrir því? Bæði tilfinningin fyrir *viðáttu* hverfur sem og líka tilfinningin fyrir *dýpt* lífsins þegar samsíða sporbrautirnar, að veita og njóta ástar og umhyggju eru ekki lengur virkar.

Í ritgerð sinni um „tilfinningarýmið“ þar sem meðal annars er tekist á við það hvert sé hlutverk tilfinninganna í sígildum bókmenntum fornaldar og síðar, reyndi heimspekingurinn Hermann Schmitz í lok 7. áratugsins að þróa eins konar stafróf kenndanna, þar sem mikilvægustu „bókstafirnir“ voru *vidd* og *dýpt*.<sup>10</sup> Þótt Schmitz hafi ekki sjálfur beint orðað þá hugsun má alveg eins yfirfæra lýsingar hans á tilfinningunum „*vidd*“ og „*þröng*“ og nota þær til lýsingar á þeirri reynslu sem vísar til frelsis og frelsisskerðingar. Sömuleiðis má finna djúpstæða samsvörun með uppdrætti hans af kenndunum af *dýpt* og flatneskju lífsins í reynslunni af eða vöntun á kærleika. Ég tel þessar hliðstæður ekki tilviljun heldur árangur af viðleitni til að greina frumþætti í ferlum tilfinninganna.

Viðvarandi, ævilöng barátta um að tileinka sér frelsi, og sömuleiðis þá leiðandi hugsun mannsins að þiggja og gefa ást og kærleika er miðlæg sem hreyfiafl og auðlegð í lífi okkar. Það er líka hlutverk prédikunarinnar að halda tilfinningalegu aðgengi að því opnu.

### 3. Lífskenndin og þættir hins ástríðufulla lífs

#### 3.1 Til athugunar í upphafi

Aðgangur að ástríðufullu lífi opnast ekki án tilfinninga, án innri hreyfivaka og hreyfiafla, án markmiðs og væntinga sem hafa áhrif á tilvist mannsins og breytni hans. Það er ögrandi fyrir prédikarann að reyna að skynja þessi óbeisluðu öfl, öðlast þekkingu á þeim og tjá þau með orðum. Á þeirri ögrun eru margir fletir.

Svo ég taki dæmi af minni eigin prédikunarvinnu, þá er hún ekki eingöngu tjáning einhverrar tilvistarkenndar, hún þjónar í reynd líka alltaf tileinkun og dýpkun tilfinningar minnar fyrir lífinu almennt og því lífi sem ég lifi sjálfur. Af þessum ástæðum leikur

<sup>9</sup> Sjá: Joachim Bauer: Prinzip Menschlichkeit. Warum wir von Natur aus kooperieren, Hamburg 2006.

<sup>10</sup> Fjarlægð getur verið fyllt eða tóm, dýpt hefur stígvaxandi eiginleika, þ.e. maður greinir stíg dýptar eða flatneskju. Auk þess notar Schmitz skalann – ég mundi fremur tala um kenndaröxul – „ró“ vs. „óró“, sem og „lyftandi“ vs. „vingandi“. Sjá nánar um „rýmisþætti kenndanna“ hjá Hermann Schmitz, Der Gefühlsraum, Bonn 1969 (= System der Philosophie, Bd. 3: Der Raum; Zweiter Teil), 349-360.

prédikunarundirbúningurinn stórt hlutverk í að efla sjálfsþekkingu, sjálfsvirðingu og vitundarþroska prestsins sjálfs í daglegu lífi.<sup>11</sup> Í aðdraganda prédikunarinnar eru þær tilfinningar ávallt firna virkar sem hafa framkallað framandleik (eða kunnugleik) í eigin lífi, sem og þær, sem hafa orkað á mann með ókunnugleik eða kunnugleika í samskiptum við annað fólk eða Guð.

Þessi reynsla – sem fær mann til að skynja framandleik eða kunnugleik í eigin lífi – stendur í nánú samhengi við vandamálin við að taka á móti og veita kærleikann, stundum með skertu frelsi að fylginaut. Hvort manneskjan á frekar góða lífskennd og lifir af ástríðu, eða hvort hún býr við fremur óþægilega tilvistarupplifun og reynir að þrúka árin með einhverjum hætti – í stuttu máli: Lífskennd hennar – hefur með þann reynsluheim hennar að gera þar sem sjálfsvitund hennar mótast og jafnframt og ekki síður erum við að horfa á tilfinningasamstæðuna ást og frelsi sem er þessum reynsluheimi nátengd. Reynslan sem staðsetur frelsistilfinningu manneskjunnar, sem og reynsla manneskjunnar af því að njóta og gefa kærleika, ákvarðar að verulegu leyti tilvistarkennd okkar: Án reynslunnar af frelsi og ást eða kærleika væri ástríðufullt líf ekki mögulegt.

Prédikunin getur greitt götuna fyrir slíka reynslu, hún getur undirbúið jarðveginn og gert hana mögulega með því að huga að lífskennd mannsins og með viðeigandi hætti tekst á við kúgun sem maðurinn hefur upplifað og einnig getur hún fengist við þá truflun sem hefur orðið á miðlun og móttöku ástar og umhyggju. Prédikunin er tæki sem getur hjálpað einstaklingnum til að tileinka sér góða lífskennd á forsendum kristinnar trúar og hætta að umbera líf sem ekki finnur lengur til og hefur glatað sérhverri þrá, þekkir ekki lengur forvitni, líf sem skortir jafnt nútíð sem framtíð.

### 3.2 Hugtakið lífstilfinning eða lífskennd

Lífskennd mannsins er almennt rædd út frá tveimur hliðum. Annars vegar er lífskennd sú kennd sem einstaklingurinn finnur andspænis tilverunni, sem hann er á hinn bóginn bundinn og hluti af. Með öðrum orðum: Kennd mannsins fyrir sjálfum sér og tilfinning hans fyrir heiminum, m.ö.o. öðrum manneskjum, eru tvær hliðar á sömu lífskennd. Samsvarandi er líka hægt að lýsa lífskenndinni sem tilvistarupplifun, tilfinningu fyrir tilvistinni.<sup>12</sup> Wilhelm Wundt talaði um „alkenn“, og átti þar við heild allra upplifunar- kennda mannsins,<sup>13</sup> eins konar sniðmengi allra upplifana sem hefðu einhverntíma verið virkar eða mætti hugsanlega gera virkar að hluta eða tímabundið. Í dag er hægt að lýsa lífskenndinni sem tilfinningalegu fingrafari manns sem hann hefur fengið á ævibrautinni og er eins konar heildarsumma alls sem hann hefur fundið til og getur – eins og sjálfsvitundin einnig – tekið breytingum af og til.

Hér kemur líka til skjalanna hlutverk lífskenndar sem nokkurs konar tilfinningalegt heildarmat á lífinu. Hún er tjáning á því mati sem maður leggur á eigið líf,<sup>14</sup> grunnupp-

11 Karl-Wilhelm Dahm hefur skráð í rannsókn að undirbúningur guðsþjónustu og prédikunar séu meðal þeirra verka sem einna mest örva prestinn og veita honum fyllingu (vgl. Karl-Wilhelm Dahm: Frust und Lust im heutigen Pfarrberuf, in: DtPBl, Jhg. 105, H. 5/2005, 232-237). Það stafar að minni hyggju ekki bara af væntingum þeirra á viðurkenningu safnaðarsins heldur líka af þeirri sálusorgun sem opnast í prédikunarundirbúningnum.

12 Sbr: G. E. Schulze, Grundriß der philosophischen Wiss. (1788-90), I, 14-17. 3.

13 Wilhelm Wundt, Grundzüge der physiologischen Psychologie, 61911, pass.

14 Samkvæmt Mögdu Arnold ber algerlega að líta á kenndir sem grunnform dóma einstaklingsins þegar hann tekur afstöðu. Sjá: Magda Arnold, Emotion and personality, 1.2, New York 2196

lífum, sem kemur yfir manninn og tekur ekki breytingum eða endurmótast oft á dag né daglega, heldur með hliðsjón af heildarskynjun hans á lífinu.

Öll upplifum við af og til skapbrigði og tilfinningar (*emotion*), tímabundnar ástríður (*passion*) og sitthvað sem skilningarvitin meðtaka (*sensation*), og yfirleitt er sígilt að lýsa því með hlutlausum hugtökum.<sup>15</sup> En ólíkt þessum kenndum er lífskenndin bundin mjög tilteknum forsendum. Forsendum sem þó eru ekkert líkar þeim að detta niður á alla rétta í lottóinu, heldur eru háðar lífsaðstæðum og lífslist einstaklingsins. **Maður getur haft áhrif á lífstilfinninguna.** Að lifa í frelsi og kærleika er háð samskiptamynstrum og hæfileikum, hvernig maður fæst við sjálfan sig og hvernig samskipti maður á við aðra. Þannig fær skynjun og þróun tilfinninga sérstakt hlutverk. Og þar með erum við komin að spurningunni um frumeindirnar, uppskriftina, efnisþætti lífskenndar.

### 3.3 Tilfinningar og frelsi

#### 3.3.1 Líkan af innra samhengi sem líkan fyrir innra frelsi

Hvort lífskennd manns sjálfs ákvarðast fremur af dýpt eða vídd, eða hvort manni virðist hún flöt og þröng, hvort maður þreifar fyrir sér líkt og gestur og finnst maður ekki lengur vera húsbóndi á eigin heimili, eða hvort maður upplifir sig sem viðfangsefni sjálfs sín og þátttakanda í mótun eigin lífs, hvernig það þróast – þetta er háð vissum stuðlum eða þáttum. Þeir snerta samræmið milli óska, ákvarðana og vilja fólks annars vegar, og athafna þess hins vegar, og hafa þar með áhrif á hversu ríkulega það upplifir frelsið.

Fólk skynjar sig frjálst og tengir það hamingju tilfinningu þegar athafnir þess eru í samræmi við það sem það telur að því finnist æskilegt og eftirsóknarvert, sem það hefur tekið ákvörðun um og lagt eitthvað í sölnurnar fyrir. Það upplifir óhamingju þegar þetta innra samhengi rofnar: Þegar fólk gerir eitthvað sem það – að því er virðist – vill alls ekki, þegar það ákveður eitthvað sem það sjálft telur rangt eða hefur ekki áður prófað til að vita hvort það færi því vellíðan. Þegar fólk hinsvegar gerir eitthvað af ástríðu þá verður innri binding eða samhengi sérstaklega þétt: Óskir, væntingar, vilji og athöfn mynda þá algera einingu.

Þroski og innræting þessa innra samhengis milli skynjunar, óska, vilja, ákvarðana og athafna mannsins hefur sérstaka þýðingu fyrir gæði lífskenndarinnar. Þegar miðla skal fagnaðarerindi Krists, þá verður manneskjunnari að takast að finna og varðveita þetta samhengi með tilfinningum sínum og lifa í því. Hér er sem sé um að ræða ferli þar sem kenndir koma ætíð við sögu.<sup>16</sup>

1. Í upphafi þessa ferlis – áður en nokkur vilji verður til eða ákvörðun hefur verið tekin, og á undan öllum aðgerðum – eru ákveðnar óskir til staðar, með öðrum orðum: afmarkaður skari tilfinninga og skynjana, sem vekja manninn allra fyrst til þess að finnast eitthvað æskilegt, og gera hann meðvitaðan um að eitthvert beri að stefna, að hann - eiginlega úr innstu kimum sjálfsvitundar sinnar – skuli stefna að einhverju. Í þessum óskum, sem hann skynjar, er áttin mörkuð sem maðurinn stefnir í vegna þess að það vekur með honum þægindatilfinningu og afmáir það sem er óþægilegt.<sup>17</sup>

<sup>15</sup> Sbr. lat.: *passio*; gr: *pathos*.

<sup>16</sup> Um eftirfylgjandi líkan af „innri samsvörun“.

<sup>17</sup> Sbr. líka: Sieland, *Emotion*, 114.

Þannig má líta á óskirnar sem eins konar aðfararkennnd, það er að segja forupplifun þess sem við tökum mið af. Óskir tengjast bæði eftirvæntingu og gildistilfinningum.

2. Óskir leita sér að farvegi í ákvörðunarferli. Sá farvegur er óhjákvæmilegur, því að við finnum margvíslegar óskir og eftirvæntingar innra með okkur, og þær leysa úr læðingi mismunandi, og að hluta jafn góðar tilfinningar. Fólk kemst að niðurstöðu með því – á vissan hátt – að sjá fyrir sér aðstæðurnar og gera sér í hugarlund hvernig óskirnar gætu ræst.<sup>18</sup> Um leið er kannað hvort þær henti þeirri lífskennd sem er í samræmi við sjálfsskilninginn. Tilfinningar verða þar með hjálpartæki til að dæma eða úrskurða um viðeigandi sjálfsskilning. Tekin er ákvörðun um eitthvað sem maðurinn *finnur* að hentar hans eigin sjálfsskilningi og styrkir hann eða mótar með einhverjum hætti – slík ákvörðun er miðlæg í tilfinningu mannsins fyrir eigin frelsi og þar með nauðsynlegur þáttur í ástríðufullu lífi.

3. Með því að óskinn verður að vilja: Í því er ákvörðun fólgin. Leiðin frá óskinni um mat til ákvörðunar og loks viljans er brennipunktur lífskenndarinnar. Að tileinka sér vilja er lykilatriði („setur hreyfinguna í gang“), bæði að því leyti að þar er verið að setja eitthvað í gang, sem annars myndi ekki gerast, og sömuleiðis að því leyti að ég geri eitthvað fyrir sjálfan mig, ég finn fyrir sjálfum mér, tek áhættu með sjálfan mig. Þessari reynslu fylgir tilfinning fyrir hugrekki, upplifun á rökstuddri von og forvitni um hvað nú muni gerast, um þær litlu eða stóru breytingar á persónunni, sem nú er „verðandi“.

4. Samræmið í lífstilfinningunni kemur fram þegar maðurinn skynjar hvernig óskir, ákvarðanir og vilji vinna saman. Hann getur lifað lífi sínu af ástríðu. Hann þekkir fiðringinn eða gæsaúðina sem fólk finnur þegar það verður snortið af einhverju. Hann upplifir hvernig athafnir hans öðlast merkingu að því leyti að allt sem gerist innra með honum samræmist tilfinningum hans og sannfæringu. Þegar þetta tekst losnar ósjaldan úr læðingi sigurkennd og þakklætistilfinning.

Þetta líkan af innra samræmi leiðir þrennt í ljós:

(a) Tilfinningar gegna stýrandi hlutverki þegar maðurinn fellir dóma og tekur ákvörðun um líf sitt.

(b) Samhengi tilfinninganna í þessu ferli á öllum fjórum stigum er afgerandi fyrir ástríðufulla lífskennd.

Þetta er hægt að skýra nánar með eftirfarandi athugasemd: Það sem fólk gerir af því að því dettur ekkert annað í hug, gerir það í vandræðagangi, gleymir því jafnvel ef svo ber undir áður en það kemur því í verk. Það sem fólk gerir þrátt fyrir að það hafi komist að þeirri niðurstöðu að þessi athöfn samræmist alls ekki hugsun þess og skynjun – það er gert með þeirri tilfinningu að það sé þvingað til þess eða með óljósi framandleikatilfinningu – líkt og það væri ekki sjálft að verki. Það sem fólk gerir eingöngu vegna þess að það virðist skynsamlegt er samt gert með bakþanka. En það sem fólk gerir af því að það er knúíð til þess af innri hvöt – í það setur fólk allan þann viljakraft sem það býr yfir og framkvæmir af ástríðu.

---

<sup>18</sup> Það útilokar ekki heldur þvert á móti felur í sér að efnisgreina þessar óskir líka í hugarum og meta þær innibýrðis. Sjá um tvíþætta stjórnlist hinnar skynsömu, rökraenu íhugunar og innlifun ímyndunarafslins: Bieri, Handwerk, 65-73.

(c) Skynjun tilfinninga og átök við þær leikur mikilvægt hlutverk þegar kemur að því að tileinka sér frelsið og þá lífskennd sem því fylgir.

Prédikunin aðstoðar manninn einnig við að tileinka sér frelsi með því að hún kveikir hugrekki til að orða tilfinningar sem gera honum kleift að finna leiðina að frelsinu eða að vera áfram á þeirri leið. Auk þess þarf að túlka slíkar tilfinningar, þær þarf að meta (finna vægi þeirra) og viðurkenna þýðingu þeirra. Oft eru tilfinningar öðru fremur gerðar að vandamáli í prédikunum, þær fá neikvætt vægi (ótti, sorg, árasarhneigð), og áhrifin geta orðið þau að trúin standi gegn mannlegum tilfinningum.

### 3.2.2 Frelsið og upplifun líðandi stundar

Að lifa af ástríðu felst meðal annars í því að hafa tilfinningu fyrir líðandi stund, lifa í vitundinni um að vera til, hér og nú. Ekkert veitir jafn sterka vitund um „núið“ og ástríðurnar.<sup>19</sup> Þær bæði byggja upp sjálfsskilning um leið og þær styrkja sjálfsvitundina, þá upplifun að geta algerlega helgað sig fólki og hlutum og um leið verið fullkomlega með sjálfum sér. Í framhaldi af þessu er nærtækt að huga betur að samhengi frelsis- og lífskenndar annars vegar og skynjun tímans hins vegar, og skoða hvort það hefur áhrif á túlkun Biblúttextanna og ákvörðun prédikunarefnis.<sup>20</sup>

Til dæmis getur landflótta einstaklingur,<sup>21</sup> sem býr við óstöðugleika vegna þess að hann er hikandi um óskir sínar og tilfinningar – og kemst þar af leiðandi ekkert áfram með spurningar um það hvað hann vill – fyrir honum er núið algerlega flatt, hann getur ekki upplifað það sem bergmál af eigin ákvörðunum. Hann þekkir enga framtíðartilfinningu vegna þess að hann hefur ekki möguleikann á að setja sér framtíðina fyrir sjónir. Nútíðin er eitthvað sem einhvern veginn hendir hann. Lífskennd hans gæti farið að komast í gang ef einhver settist með honum til þess að búa til sögur um framtíðina, skálda upp úr sér hvernig hún gæti orðið, í þeirri von að með nýjum valkostum gætu óskir og kenndir hans aftur farið að fá einhvern tilgang og beinast að einhverju.

Annað dæmi má taka af þeim sem er haldinn svonefndri frestunaráratu.<sup>22</sup> Vilji hans er útreiknanlegur, þröngvar sér á milli hans sjálfs og nútíðarinnar og þar með rænir þessi einstaklingur sig skynjun á eigin framtíð. Hann hefur það á tilfinningunni að verða að fylgja einhverjum straumi, sogast áfram – til dæmis getur það snúist um að vera sífellt að vinna. Þannig sviptir maður sjálfan sig þeirri þægilegu kennd að vera viðstaddur líðandi stund. Trúarjárnning hans hljómar: „Fyrst verð ég bara – svo get ég.“ Fortíðin var fyrir honum lítið annað en tilgangslaus bið eftir nútíðinni. Hann upplífi ekki fortíðina, hún var ein-göngu umborin. Þannig lífstillfinning samsvarar því að finnast maður vera útbrunninn, tómur. Glatast hafa bæði vídd og dýpt lífsins.

Fólki sem er líkt farið og ríka kornbóndanum,<sup>23</sup> sem ytir nútíðinni á undan sér, gæti prédikun um þá sögu komið til hjálpar, þar sem takmarkið væri að nefna þannig tilfinningar

19 Sbr.: Bieri, Handwerk, 426.

20 Í sambandi við greiningu á mismunandi tímaupplifun tilgreinir Peter Bieri ólík form ófrelsis þegar hann ræðir mismundandi kenndir sem fólk hefur varðandi nútíð, fortíð og framtíð (sbr. Bieri, Handwerk, 127-152).

21 Sbr. sama, 127-132.

22 Sbr. sama., 141-146.

23 Sbr. Lk 12, 13-23.

sem maður þarf til að „ná sér upp“, tilfinningar sem gera kleift að heyrja samhljóminn andspærnis tilverunni og öðru fólki – til dæmis með því að upplifa þakklaeti.<sup>24</sup>

### 3.4 Ást sem er notið, sýnd eða hafnað

#### 3.4.1 Samvinnulíkanið, eða: Ástin sem frumforsenda

Líkanið sem teiknað var upp í kafla 3.3.1 um innra samhengið var tilraun til að útskýra hvernig upplifun á frelsi er ómissandi þáttur í ástríðufullri lífstillfinningu og tengist langri keðju tilfinninga og ákvarðana sem skarast innbyrðis. Nú ætla ég að stilla upp öðru líkani í þessum kenndaheimi mannsins. Þar er um að ræða samvinnulíkanið sem taugalíffræðingurinn Joakim Baur hefur áður (og í allt öðru samhengi) vakið máls á. Niðurstaða hans var: Manninum líður einna best – og það er meira að segja hægt að mæla með því að skoða ákveðið „vellíðunarefni“ í heilanum – í þægilegri samveru með öðrum. Flest það sem maðurinn tekur sér fyrir hendur í lífinu beinist, við nánari skoðun, að félagslegum tengslum, þar sem boðið er upp á gagnkvæma umhyggju, athygli og viðurkenningu.

Tilfinningar mannsins, bæði óskir hans og tilfinningar sem hann byggir ákvarðanir sínar á, vilja sinn og loks ákvörðun – allar þessar tilfinningar vísa með ákveðnum hætti fram til félagslegra tengsla. Með því er átt við að í óljósum tilfinningum mannsins og athöfnum hans einnig gerir hann sér vonir um ást og umhyggju í þeirri merkingu sem nefnd var.<sup>25</sup>

Það er engu líkara en að maðurinn sé undir áhrifum lyfja þegar hann veitir og upplifir ást og umhyggju – og að lyfin sem best reynast mannum sé maðurinn sjálfur, önnur manneskja.<sup>26</sup> Lyfið er ekki bara skaðlaust, heldur hrindir af stað sálslæknandi ferli. Á hinn bóginn verður fólk skelfingu lostið og árásgjarnt þegar tengsl sem tákna umhyggju, kærleika og viðurkenningu fara að leysast upp, eyðileggjast eða lenda í ógöngum – og fólk fær eins konar fráhrarfseinkenni. Vel heppnuð mannleg tengsl eru fólki allt. Samvinna, samstaða, ást og umhyggja, þetta gerir manninn hamingjusaman. Sú upplifun að veita og njóta kærleika, já, væntingin ein og sér getur nægt til þess að þetta er sterkasta hreyfiafl mannlegra athafna og athafnaleysis.<sup>27</sup>

Gagnkvæm umhyggja – það er að njóta umhyggju og veita umhyggju, umhyggja í báðar áttir – er líka samkvæmt frásögn guðspjallanna og að álitni kristinnar guðfræði - lífslög-mál mannsins. Í tví- og þríþætta kærleiksboðinu lýsir Jesús því að það að veita og njóta kærleika sé mikilvægasta atriði trúar sinnar. Skyldi þetta þá ekki líka eiga sér stað í prédikuninni? Hvernig birtist þessi „mikilvægasta regla“ (ἡνὸς ἡμῶν – πρ τῆ) <sup>28</sup> kristinnar í prédikuninni? Er yfirhöfuð unnt að fylgja fólki á þessari tveggja akreina braut?

Það ætti ekki að vera hörgull á þematískum tengingum við prédikunartexta 18. sunnudags eftir þrenningarhátíð, sem söfnuðir þýsku mótmælendakirknanna<sup>29</sup> hafa heyrt pré-

<sup>24</sup> Hamingja og þakklaeti heyrja saman: Þakklaeti er örvin sem getur gengið til baka, og er kennd sem kemur fram sem viðbrögð, endurómur [...] þegar ákveðin umhyggjusemi verður til að snerta mann, svo að viðkomandi bregst við kenndahlöðnu andrúmslofti, sem hann skynjar sem hamingju, með örlæti svo að miðsækið innstreymi hamingju og framganga hins svarandi örlætis tengist nýrri örvin með afli miðflóttakraftsins, sömuleiðis viðsnúanlegri: Þakklaeti. (Schmitz, Gefühlsraum, 356).<sup>25</sup>

<sup>25</sup> Sbr. athuga grein 2.

<sup>26</sup> Bauer, Prinzip, 52.

<sup>27</sup> Kjarni allrar örvinar liggur í því að finna og gefa viðurkenningu, gildismat, umhyggju og athygli manna á milli (sama rit, 34).

<sup>28</sup> Sbr. Mk 12,28.

<sup>29</sup> Prédikunar- og ritningartextarnir eru: 2. Mós 20,1-17 (Lexia, textaröð V); Róm 14,17-19 (pistill, textaröð II); Mk 12,28-34 (guðspjall, textaröð I); Mk 10,17-27 (textaröð III); Jak 2,1-13 (textaröð IV); Eph 5,15-21 (textaröð VI).

dikað út frá reglulega nú um áratuga skeið. Og ekki bara þá heldur eru fleiri helgidagar þar sem textinn snýst beinlínis um kærleikann: Um hjónaband og skilnað 20. sunnudag eftir þrenningarhátíð, og næsta sunnudag um að elska óvin sinn, á jólum um kærleika Guðs, og um sáttmála Guðs við manninn á hvítasunnu, og aðra sunnudaga um sáttar-jörð, fórnfyssi og miskunnsemi.<sup>30</sup> Ítarefni með umfjöllun um þetta þema er að finna í mörgum öðrum textum og síðast en ekki síst í öllu lífinu, því flest tilvistarvandamál mannlægs lífs snerta beint eða óbeint frelsisskerðingu ellegar þá ást og umhyggju sem hef-ur brostið, verið hafnað eða ógnað.

Þannig getur til dæmis sá vandi virst óyfirstíganlegur að þurfa að taka ákvörðun eða segja faglegt álit eða skera upp úr um eitthvað, en vandinn tengist fremur því að persónuleg tengsl við þá persónu sem við er að eiga vantar til að geta leyst málið. Á sama hátt er það ekki alltaf skortur á möguleikum eða valkostum í lífinu sem skapar tómlækakenn, held-ur er hún oft birtingarform þeirrar reynslu að geta ekki sagt til um hvers vegna maður ætti yfirhöfuð að leggja upp í einhverja sérstaka átt. (Í þessu samhengi er líklega líka sú reynsla Hamlets sem kölluð hefur verið „ólyst á lífinu.“) Prédikunin getur þar á móti minnt á og miðlað því hvernig umhyggja og athygli orka á mann.

Meðal þeirra sem hlusta á prédikunina má reikna með fólki sem ekki lengur eða í litlum mæli er að upplifa þá kennd að taka á móti kærleika, eða fólki þar sem kennd hins gefandi kærleika hefur dofnað eða „þornað upp“. Sá sem lærir að fara bara þannig einstefnugötu gengur annaðhvort á sjálfan sig eða yfirsést að sinna öðru fólki.<sup>31</sup> Sá sem allt skilur, öllu vill bjarga eða alla hugga, hefur alla athyglina á hinni akreininni, kenndum annarra, tekur stöðugt tillit til þeirra – og getur því í grunni hjarta síns ekki elskað þau í alvöru, og held-ur ekki Guð. Hugsanlegt að viðkomandi hati þau. Á hinn bóginn þróa hinir sjálfselsku með sér eins konar augnskjól sem veita aðeins sýn á eigin þörf og hafa glatað þeirri kennd að aðrir vænti einhvers af þeim, þeirri kennd að aðrir vilji eitthvað hjá þeim og þarfnist þeirra. Í báðum tilfellum dvínar og rýrnar lífskenndin, sambandið við eigið sjálf og upp-lifun ástríðunnar.

### 3.4.2 Um þýðingu árársrhvatarinnar

Sérstakt vandamál í bæði prédikunafræði og kirkjulegu starfi er umfjöllun um áreitni og árársrhvöt, sem eru sterkar tilfinningar – ásamt ástinni. Í andrúmslofti þar sem hátíðleiki, góðvild og friðsæld eru iðulega ríkjandi á yfirborðinu er árársrhvötin bannorð. Hvernig er hægt að skilgreina árársrhvötina nánar?

Árársrhvöt er iðulega sú hlið sem upp kemur þegar ástinni hefur verið vísað á bug, hún horfið eða verið ógnað. Þar af leiðandi gegnir árársrhvötin oft varnarhlutverki fyrir þau (ennþá eða næstum) ríkjandi tengsl sem um er að tefla. Að sýna árársrhvöt getur því verið upphafið á því að endurvekja samband. Þar sem það tekst að skilja árársrhvötina opnast leið til þess að horfast í augu við gremjuna, viðurkenna hana og koma í veg fyrir að hún breytist í sektarkennd. Að því marki sem árársrhvöt mannsins á sér rætur í löngun hans til að viðhalda sambandi, þá getur hún:

30 3. und 13. sunnudag eftir þrenningarhátíð.

31 Sbr. yfirlit hjá: Bauer, Prinzip, 194 f.

- Verið vörn einstaklingsins fyrir mikilvægt samband sem enn er fyrir hendi. Hún er hvorki óeðlileg hegðun né „synd“ (heldur þvert á móti).
- Tilfinningarlegt innihald árársarhvarinnar getur falist í því að einstaklingurinn sé að kalla á athygli, viðurkenningu eða umhyggju.
- Árársarhvöt getur verið merki um að í tengslum ríki ójafnvægi – ójöfn skipting kosta og ókosta.<sup>32</sup>
- Árársarhvöt getur líka verið spottin af höfnun og í því samhengi kann hún að gegna því hlutverki að deyfa sársauka og vernda fyrir innri sárum.

### 3.4.3 Sjálfelska

Stærsta hindrunin í lífs- og sjálfkennd sem byggir á ást og kærleika er kannski vanþróuð sjálfelska.<sup>33</sup> Sjálfelska er tilfinning sem lærist eða þroskast í mannlegum samskiptum og miðlar þeirri kennd að maður sé metinn og elskaður. Það geta verið samskipti og tengsl þar sem fólk þjáist sameiginlega, þar sem fólk gengur saman gegnum erfiða tíma, þar sem maður deilir stöðugt því sem maður hefur að gefa – tengsl sem krefjast umburðarlyndis og þó leysa úr læðingi lífsorku. Sjálfelskunni fylgir svo líka kennd sem játar knýjandi þörf manns fyrir allt sem slík tengsl hafa að bjóða.

Á tímum sem fólk er til í að gera eitt og annað í þeim tilgangi að krækja í vinnu og öðlast þá viðurkenningu sem því fylgir, á tímum þegar vinnandi fólk er til í að líta framhá þeim mörkum sem það hefur sjálft dregið og gefa sig þvingunum hins nafnlausa og tæknivædda stjórnýslukerfis á vald, á þessum tímum er prédikunarfræðileg túlkun sjálfelskunnar sérlega brýnt og krefjandi verkefni. Og þessu krefjandi verkefni er ennþá allt annað en sjálfsgætt að mæta með kristilegri trú.

Hvaða hlutverki gegnir trúin í þessu samhengi? Miðlun trúarinnar – í trú prédikarans, áheyrandans eða þ.e.a.s. safnaðarins – er aldrei í sjálfu sér takmark boðunarinnar. Boðskipti í trú og um trú trúarinnar er hins vegar sérstakt form af rökræðu- og reynslumynstri, þar sem fólk tileinkar sér frelsi og lifir í því annars vegar en gerir sér hins vegar far um að vekja og endurvekja tengsl við fólk þar sem ást og umhyggja er veitt og endurgoldin. Eiginleikinn til sjálfelsku er partur af þessu. En frammi fyrir höfuðstól kristinnar er þessi skoðun þó engan veginn prédikunarfræðileg eða guðfræðileg almenningsseign, ekki síst þegar tekið er tillit til lífræns samhengis trúar og sjálfelsku, sem verður sérstaklega rædd í öðrum fyrirlestri.

Í því sambandi ætti meðal annars að leita svara við því hvort trúarreynsla mannsins sé í kjarna sínum ekki nákvæmlega eins og sú lífsreynsla sem hann hefur öðlast af ást og frelsi. Með öðrum orðum: Sýnir sig ekki að fyrir trúuðum einstaklingi er trú hans (verbum acti-um) kannski fyrst og fremst aðgengi að ástríðufullu eða tilfinningaríku lífi þar sem ást og frelsi fellur honum í skaut?

Mér virðist það engin tilviljun að líf í frelsi og ást er kjarni fagnaðarerindisins. Í ljósi þess er eftirtektarvert að hlutverki trúarinnar fyrir líf í frelsi og ást er lýst í kristinni guðfræði

<sup>32</sup> Sama rit.

<sup>33</sup> Sjálfelskan var í heimspeki fornaldar mikils metin dyggð og er á tímum Nýja testamentis enn tekin sem sjálfsgöð forsenda að mati á framkomu við aðra. Vandamál skapar sjálfelskan, til dæmis hjá Aristótelesi, þá fyrst þegar fólk samþykkir ekki sjálfelsku, og til dæmis fer að blanda því saman við ástríðuna að eiga, vegna þess að maður telur sjálfan sig verðlausan.

með flokkunarheitum og hugtökum þar sem varla vottar fyrir tilfinningum og litla viðkvæmni er að finna. Trú er sífellt lýst með því hlutverki að veita fólki vissu eða sannfæringu í spurningum um sáluhjálp þess. En kannski er kristin trú í kjarna sínum alls ekki á sviði fullvissunnar heldur ástríðnanna eða ástríðufulls lífs. Ef svo er felst miðlun trúarinnar framfarar öðru í upplifun ástríðnanna í lífi mannsins hér og nú þar sem maðurinn fær að reyna frelsi og ást – og bara stundum líka fullvissunni um eilífa lífið á hinstu stundu, – sem eftir allt ætti svo aftur að hafa áhrif á ástríðu hins „jarðneska“ lífs.

*Þýðing: Guðni Þór Ólafsson og Gunnar Kristjánsson.*

Wilfried Engemann:

# Tilfinningar trúarinnar sem áskorun fyrir prédikunarvinnu

Samantekt: Að trúfræði mótmælenda afmarki trúna við sannfæringu býður upp á margvísleg vandamál í prédikun. Það sem reynist sérstaklega umdeilt í þessu sambengi er að mótmælendahefðin tekur út hinn tilfinningalega þátt trúarinnar. Af þessum ástæðum er ætlunin að fjalla um í þessu erindi þær tilfinningar sem tengjast glímunni um frelsi og kærleika sem form trúar eða trúarbaráttu. Hér er trúin flokkuð undir ástríðufullt líf og sem slík sett í sambengi prédikunarinnar.

## 1. Inngangsorð

Þegar trúarsögur Biblíunnar eru bornar saman við grunnskilning trúarinnar í trúfræði mótmælenda koma ólíkar áherslur í ljós. Reyndar má spyrja hvort nokkur texti sem fjallar um sögu Ísraels, hvort sem um er að ræða spámannatexta, guðspjallstexta eða pistil, snúist ekki um trúarsögu í kjarna sínum:

Trúin tekur á sig ýmsar myndir í biblíulegu sögunum, hún birtist mjög oft í tilteknum tilfinningum eins og eftirvæntingu, von, kjarki, þakklæti o.s.frv. Stundum er sönn eða sterk trú skilgreind út frá tilfinningum sem móta tilveru mannsins og hafa gildi fyrir frelsi einstaklingsins og þau sambönd sem hann lifir í.

Þar skipta grunnreynsla og grunntilfinningar höfuðmáli: annars vegar *tilfinning viddarinnar* eða frelsisins og hins vegar *tilfinning dýptarinnar* eða kærleikans. Kjarni trúarinnar virðist felast í því að geta lifað í frelsi og kærleika og reyna lífið sem ástríðufullt líf.

Á hinn bóginn er oftast fjallað um trúna í *mótmælendahefðinni* sem skilyrðislausu sannfæringu. Trúin hefur þar að leiðandi einkenni sem ekkert hafa með tilfinningar að gera. Trúin hefur fyrst og fremst það hlutverk að veita einstaklingnum sannfæringu og öryggi gagnvart spurningunni um persónulegt hjálpræði. Trú sem sprettur upp úr kærleika og leiðir til frelsis er ekki hægt að afmarka við hina trúfræðilegu sannfæringu. Trúin er tæki og tjáningarform ástríðufulls lífs. Það er hlutverk prédikunarinnar að miðla trúnni á þann veg – ekki einungis að allir komist í snertingu við hana, heldur á prédikunin að opna fólki leið til frelsis og hvetja til reynslu af kærleika sem það nýtur og miðlar til annarra.

Þetta hefur ýmsar afleiðingar, ekki einungis fyrir spurninguna um það hvað á að segja um trúna í prédikunarstólnum heldur einnig hvaða trúarskilningur á að vera leiðandi við undirbúningu prédikunarinnar, ekki síst þegar kemur að útleggingu biblíutexta.

## 2. „Veðskuld“ trúarhugtaks mótmælenda

### 2.1 Hliðar trúarinnar: Sannfæring eða tilfinning?

Að gera trúna að umfjöllunarefni prédikunarfræðinnar er bæði umfangsmikið og erfitt verk. Vinna með þetta stef endurspeglar öfgana á milli stóryrða og hálfdrættingsháttar. Annars vegar er eins og að trúin geti leyst alla hluti, en þess á milli er varað við því að útlista trúarspurningar fyrir fólki sem koma með raunveruleg vandamál. Þess í stað er gjarnan sagt að maður geti treyst því að mun meiri trúarvissa sé í gangi en fram komi í prédikun.

Báðar þessar skoðanir eru pragmatískar. Þær koma hvorki að gagni fyrir skilninginn á hlutverki prédikunarinnar né fyrir trúarskilninginn í samhengi prédikunarfræðinnar. Athygli vekur að báðar þessar skoðanir byggjast í reynd á sama trúarskilningi: Það sést þegar farið er fram á það að trúin sé miðlægt atriði eða kjarni prédikunarinnar, en það sést einnig þegar varað er við því að slíkt sé gert. Báðar þessar leiðir endurspeglar trúarhugtak mótmælenda, þ.e. trúin er skilgreind á forsendum sannfæringar: Þar sem gengið er út frá þeirri guðfræðilegu áherslu mótmælendatrúarinnar að forsendur hjálpræðisins séu *extra nos* eru öll möguleg geðhrif og athafnir manneskjunnar – einkum hvað varðar tilfinningar hennar, óskir og vilja – tengd verkaréttlæti og tilraunum til sjálfsbjargar. Þannig eru þau tekin og aðgreind frá trúarhugtakinu, rétt trú sé fólgin í sannfæringunni sem heilagur andi kemur til leiðar í manneskjunni, sannfæringunni um frelsun fyrir Jesú Krist. Frelсандi trú tjáir því fyrst og fremst „hina mestu sannfæringu“.<sup>1</sup>

Samkvæmt þessu hefur lífstillfinning manneskjunnar hvorki með það að gera að finna trú né komast til trúar eða lifa í trú. Að sama skapi er ekki hægt að segja að tilfinningar eins og gleði, löngun og ástríða séu *forsendur þess að geta trúað*. Orðalagið „að geta trúað“ virðist vekja tilteknar grunsemdir, ekki síst vegna þess að með því koma í ljós mannlegir þættir. Dýski trúfræðingurinn Wilfried Härle segir á einum stað: „Lífsganga trúarinnar“ (athugið: ekki lífsganga hinna trúuðu!) á að vera í samræmi við þá staðreynd að „það sem ákvarðar hvort tilvera þeirra heppnast eða misheppnast kemur utan frá, nánar tiltekið: Frá Guði.“<sup>2</sup> Guð „opnar tækifæri fyrir trúna og trúarathöfn á sama tíma.“ Samkvæmt þessu hefur manneskjan ekkert með það að gera að hún trúir. Að trú felst fyrst og fremst í því að hafna verkaréttlæti.<sup>3</sup>

Þar sem trúin er skilgreind guðfræðilega sem sterk sannfæring þá felur það varla í sér hin tilfinningalegu gæði manneskjunnar. Samkvæmt þessu er trúin aðeins sönn trú sem *skilyrðislaus trú* og er þar af leiðandi ekki skilyrt út frá því hvað hinn trúaði finnur, óskar, vonar, hugsar, vill eða gerir. Trú er stökk sem ekki er hægt að rekja<sup>4</sup>, ekki niðurstaða tilfinninga, óska eða hugsunar. Þetta er hægt að orða svo: Ekkert af því sem á sér stað inni í manneskjunni getur komið að gagni fyrir trúna sem hún tileinkar sér. Trúin hefur á vissan hátt ekkert mannlegt (mannfræðilegt) samhengi. Hún er andans ígræðsla sem tilfinningar og vilji mannsins geta snert ef þau ná því yfir höfuð, en ekki án þess að standa frammi fyrir mikilli hættu á höfnun og vantrú.

1 Sjá til dæmis Hans Vorster, „Der Glaubensbegriff in der Theologie“, í: HWPPh 3/1974, 628.

2 Wilfried Härle, Dogmatik, 2. útg. Berlin 2000, 65.

3 Hans Vorster 1974, 629-630.

4 Hans Vorster 1974, 628.

## 2.2 Stutt yfirlit yfir guðfræðisöguna

Í guðfræðisögunni er vissulega í einstaka tilfellum fjallað á annan hátt um samband trúar og tilfinninga en gert var hér að framan (1.1). Í því sambandi hafa eftirfarandi þættir vægi, enda dýpka þeir að vissu leyti það sem þegar hefur verið sagt eða setja það í nýtt samhengi:

Ágústínus talar um hinn gleðilega *amor dei* sem stefnir að einingu með Guði, en stillir honum samt – með alvarlegum afleiðingum – gegn *amor sui*. Þannig hefur honum tekist að gefa því sem manneskjunn tilheyrir vont orð sem meðal annars birtist í viðhorfi mótmælendatrúar til *sjálfseksu* og sjálfskærleika allt fram á þennan dag. Samkvæmt Ágústínusi þjónar tilfinningin fyrst og fremst stefnu hins mannlega vilja og strits annað hvort til Guðs (*frui*) eða frá Guði (*uti*); hún tákna á vissan hátt nokkurs konar „andsetu“ eða eðli mannsins.

Marteinn Lúther segir að geðhrif komi ásamt gáfunum að gagni „þegar sálin iðrast“.<sup>5</sup> Að sama skapi birtist trúin sjálf sem kraftur sem ekki er undir áhrifum tilfinninga. Þvert á móti: Trúin hefur áhrif á tilfinningarnar sem maðurinn stjórnast af. Tilfinningin er því engin úrvinnsla trúarinnar heldur frelsast hún fyrir atbeina *intellectus fidei* úr eigin neti, því: „Ekkert er mannum eiginlegra en að elska sjálfan sig.“ Trúarþekkingin frelsar undan þessu.<sup>6</sup>

Í píetismanum birtist umfjöllunarefni tilfinninganna í samhengi praktískrar guðfræði á forsendum boðháttar um að finna og upplifa Guð. Þá er ekki gert ráð fyrir að tilfinningarnar séu rótróid mannlegt samskiptaform trúarinnar né að þær tengist möguleikum einstaklingsins til þess að geta trúað. Tilfinningarnar eru túlkaðar sem vettvangur opinberunar og þar af leiðandi eru gerðar allt of miklar kröfur til þeirra. Þær hafa fyrst og fremst gildi sem tæki „opinberunar guðlegs sannleika“.<sup>7</sup> „Menning innileikans“ sem var svo áberandi í píetismanum snýst fyrst og fremst um árangurstengdan innileika sem er áhugaverður fyrir tilfinningar einstaklingsins að því leyti að þær má nota til iðrunar og endurfæðingar. Trúin er fyrst og fremst *sannfæring um hjálpræðið* og *trúarákvörðun* sem gerir þetta hjálpræði aðgengilegt. Þess vegna gengur hin píetíska prédikun allt fram á þennan dag út á *ákvörðun til trúar* þar sem tilfinningar og hugsanir manneskjunnar birtast fremur sem hindrun en hjálpartæki.

*Friedrich Schleiermacher* setti fram þá tímamótahugmynd að lýsa trúnni sem „tilfinningunni fyrir því að vera algjörlega háður Guði“. Þessi hugmynd er skyld þeirri tilraun sem fjallað var um hér að framan þar sem reynt var að sýna fram á merkingu trúarinnar í samhengi reynslunnar af frelsi og kærleika. Schleiermacher leit svo á að það væri mikilvægt að við gerðum okkur grein fyrir tilfinningunni fyrir okkur sjálfum á viðeigandi hátt. Segja má að við séum í sambandi við okkur sjálf í „gleði og sorg“ sem endurspeglar „hið eiginlega tilfinningaástand“. Þar að auki lýsir Schleiermacher eftir ýmsum leiðum hvernig hin *trúarlega þekking*, sem *trúin byggist á*, *fái einungis staðist í tengslum sínum við tilfinningalíf*íð. Samkvæmt Schleiermacher eru engin sannfæringarsannindi trúarinnar til sem ekki eru bundin eða tengd einhverri tilfinningu sem vitund, vilji, verknaður og trú nærast á.

5 Sbr. Karl-Heinz Zur Mühlen, „Affekt II: Theologiegeschichtliche Aspekte“, í: TRE I, Berlín og New York 1977, 599.

6 „Nihil est profundius in homine quam ille affectus: diligere seipsum“ (Martin Luther: WA 57/2, 41, 17).

7 Sbr. Frank Thomas Brinkmann, *Glaubhafte Wahrheit – erlebte Gewißheit*, Rheinbach-Merzbach 1994, 297.

Guðhræðslan sem birtist í verkunum er samkvæmt Schleiermacher sprottin upp úr guðhræðslu tilfinningalífsins sem knýr manneskjuna og er orðin hennar helsta hvatning og hvati. Trúarleg þekking og gjörð er aðeins að því leyti tjáning guðhræðslu að tilfinningin sem býr þar að baki hafi leitt til æðrulausrar hugsunar og síðan knúði gjörðina sem af henni leiðir. Af þessu má draga eftirfarandi ályktun: *Það sem við vitum um trúna, það sem trúin sannferir okkur um, það sem við ákvörðum, viljum og gerum af trú, þarf að vera í beinu sambengi við tilfinningar okkar.*

*Karl Barth* gagnrýnir hugleiðingar Schleiermachers fyrst og fremst með þá ásökun að vopni að sá síðarnefndi hafi „gert mannfræði úr guðfræðinni“.<sup>8</sup> Höfuðröksemd Barths gegn Schleiermacher er sú hugmynd að það brjóti gegn alveldi Jesú Krists, og þar með hjálpræðisverki Guðs, að tilfinningalífið sé að hluta til orðið verkfæri guðsþekkingar og að manneskjan tileinki sér það sem Guð einn getur gefið. Í þessu sé fólgin meginvilla allrar náttúrulegrar guðfræði.

*Wolffhart Pannenberg* leggur mest af öllum í þá tilraun að skilgreina hlutverk tilfinninganna fyrir tilvist mannsins á guðfræðilegum forsendum. Burt séð frá þeim vandkvæðum sem skipting hans í jákvæð og neikvæð gedhrif einstaklingsins er bundin, eru rök hans mikilvæg að því leyti að tilfinningar tjá ekki sjálfmiðlægvan veruleika heldur eru þær hluti af því mikilvæga ferli sem mótar sjálfsmyndina og gerir manneskjunn kleift að komast að því hver hún er.<sup>9</sup> Að komast til sjálfsvitundar og geta gert sér grein fyrir því hver maður er getur varla verið niðurstaða eigin afreka eða tileinkunar sem manneskjan hafi í hendi sér, þau væru þá gæði sem manneskjan tekur en gefur ekki. Jákvæðar tilfinningar eins og gleði, von og kærleikur, sem hrinda slíkum ferlum af stað og fylgja þeim, kæmu þá af eldri samböndum sem Pannenberg skilgreinir sem „einkennilega formgerð“ (ekki einungis jákvæðra) tilfinninga, það ætti þá einnig við um trúarreynsluna.

Óháð því hversu hjálplegt og guðfræðilega djarft það er að fjalla um neikvæðar tilfinningar í samhengi syndalærdómsins og um leið að sýna fram á sjálfsfíringuna í guðsambandinu þá má efast um gildi þess að adgreina jákvæðar og neikvæðar tilfinningar með það að markmiði að sýna fram á hvaða tilfinningar styrkja trúna og hvaða tilfinningar hindra hana. Jafnvel áleitni getur verið bæði „jákvæð“ og óhjálpræðileg tilfinning við tilteknar aðstæður þar sem verið er að takast á um samband þar sem vænta má umhyggju og kærleika. Þar að auki koma ný vandamál upp á yfirborðið ef „neikvæðar tilfinningar“ eru flokkaðar sem synd, jafnvel þótt ekki sé fjallað um synd – eins og hjá Pannenberg – á forsendum siðferðis. Djúp sorg, sterk áleitnistilfinning eða reiði þurfa ekki að fela í sér að viðkomandi fjarlægist sjálfan sig, þessar tilfinningar geta einnig komið að gagni við það að finna sjálfan sig og komast að því hver maður er.

### 2.3 Vandamál og sjónarmið

Athygli vekur að í flestum þeim tilraunum sem gerðar hafa verið til að flokka eða skilgreina samband trúar og tilfinninga er hin tilfinningalega vídd trúarinnar látin ákvarðast af hjálpræðislegum sjónarmiðum: Vegna hjálpræðisverksins sem á sér stað í einstaklingn-

<sup>8</sup> Karl Barth, „Nachwort zur Schleiermacher-Auswahl“, í: Schleiermacher-Auswahl, ritstj. H. Bolli. München og Hamborg 1968, 300.

<sup>9</sup> Wolffhart Pannenberg, Anthropologie in theologischer Perspektive, Göttingen 1993, 257.

um er ekki hægt að segja að eitthvað sé í honum sem ekki má vera þar. Þannig gerðist það í umræðunni um frjálsan vilja mannsins að hið mannfræðilega svið trúarinnar var sett undir grun misnotkunar sem tengist upplausn sjálfins. Trúin hlýtur að aðgreina sig frá slíku og getur ekki haft af því gagn.

Það er að mínu mati mjög vandasamt þegar prédikun er undirbúin að ganga út frá trúarskilningi þar sem tilfinningasjóður manneskjunnar er að þessu leyti vanræktur og tekinn úr sínu rétta samhengi sem eðlilegur þáttur reynslu af heilsusamlegu lífi í gnægð. Hinn staðnaði trúarskilningur sem gengur út frá trúnni sem skilyrðislausri sannfæringu í hjálpræðisgudfræði mótmælendatrúarinnar á 16. öld ógnar í tvennum skilningi möguleikum prédikunarvinnunnar: Bæði á sviði áheyrandans og á sviði þeirra sem leggja út texta eða fjalla um trúna í prédikun sinni. En þá ber að hugleiða eftirfarandi:

1. Mannlegri trú er ekki nægilega lýst með því að hún feli í sér að varðveita sannfæringuna um hjálpræðið. Ef fólk á að upplifa trú þegar það hlustar á prédikun eða tekur þátt í guðsþjónustu og komast að því hvort trúin gefi þeim kjark, hressi þau eða huggi, þá gerist það einvörðungu á forsendum tilfinninganna. Eiga þau ekki að geta notað sitt eigið Credo eða trúarjátningu til að geta sagt að þau hafi *upplifað* hana og að hún hafi haft áhrif á *lífstilfinningu* þeirra? Það er jú hluti trúarinnar að komast aftur í snertingu við lífið og fá á tilfinninguna að maður geti tekist á við það. Slík trú er í samræmi við trú *konunnar við Jakobsbrunninn*.

2. Þörfin fyrir trú sem afmörkuð er við trú af sannfæringu er að mínu mati minni en ætla má af umfjölluninni um hana.

Fólk vill ekki hlusta á prédikun fyrst og fremst af því að það getur ekki sofnað vegna stöðugrar *óvissu* um eigin velferð – eins og Lúther – heldur af því að það vill vita hvernig það getur lifað og hverju trúin getur komið til leiðar í lífsbaráttunni. Að eignast sannfæringu hefur aðeins merkingu í lífi manneskju sem komist hefur í snertingu við óvissu sem haft hefur lamandi áhrif á líf hennar. Það sama á við um sérhvern þann sem er í tilfinningalegri óvissu (í kærleikssambandi, hvað starfsframa varðar eða vegna greiningar sjúkdóms): Sannfæringin hefur fyrst og fremst tilfinningalegt gildi fyrir þá, hún veinkar bæði frelsandi og leysandi. En slík trú er ekki skilyrðislaus, þvert á móti, segja má að hún sé *skilyrt* að miklu leyti: Hún er skilyrt á forsendum nýrrar sýnar á hlutina og er þar með bundin forvitni og létti. Slík trú er í samræmi við trú *Emmauslerisveinanna*.

3. Að talað sé um skilyrðislausa trú er guðfræðileg hugmynd sem ekki er laus við vanda-mál af ýmsum toga. Það trúir enginn skilyrðislaust. Það er einungis hægt að tala um trú sem trú einhvers og hún er að sjálfsgöðu einungis trú einhvers vegna þess að viðkomandi *trúir á sínum persónulegu forsendum*. Tilfinningalífið er hluti af þeim forsendum, jafnt óskir, ákvarðanir og gjörðir, en einnig reynslan af frelsi og kærleika sem fylgir viðkomandi – og snerta hans innra samhengi. Manneskjan trúir „vegna“ eða „af því að“ eða „þrátt fyrir að“ eða „undir áhrifum af“ o.s.frv. *Trú verður alltaf til undir sérstökum tilfinningalegum skilyrðum* og fólk upplifir hana í samræmi við þau: Trúin getur t.d. verið forboði þess sem fólk hefur á tilfinningunni, hún er hitinn, eldurinn sem yljár fólk og fólk væntir, hún felur í sér hinn tilfinningalega hæfileika til að taka á móti framtíðinni, að geta breytt lífi sínu og gera sér nýjar vonir. Slík trú er í anda *Nikódemusar*.

4. Hvers konar trú væri það sem manneskjan hefði ekkert með að gera eða ef hún hefði engin tók á að hafa áhrif á hana?

Það sem manneskjan getur ekki mótað á forsendum eigin tilfinninga eða á grundvelli óska sinna, í krafti vona sinna eða á forsendum ákvarðana sinna; það sem hún getur ekki gert á þessum forsendum getur hún heldur ekki tileinkað sér. *Ríki lærisveinninn* upplifir þessa trú, en hann yfirgefur sviðið sorgmæddur vegna þess að þessi trú fellur ekki undir hans eigin skilyrði. En kannski mun hann koma aftur, kannski er hann tilbúinn að taka breytingum.

5. Trúin er ekki einungis tæki til að tileinka sér reynslu eskatológískrar hjálpræðisvissu. Trúin fær á sig svip, tekur á sig mynd í hinni persónulegu tileinkun frelsisins, gefur festu í því að njóta og miðla kærleika.

Að þessu leyti snýst hún um stóru tilfinningarnar sem engin manneskja getur verið án til að lifa lífinu í trú. Ekki er hægt að segja að rof hafi myndast við tabúið sem mótmælendatrúin boðar, þar sem gerður er skýr greinarmunur á milli þess sem maðurinn getur og þess sem Guð getur gert. Þetta snýst um nýja nálgun þar sem trúin er sett fram á forsendum mannskilnings. Í samræmi við það er því ekki lengur gert ráð fyrir rofi milli tilfinninga og trúar eins og áður var gert á hjálpræðisgudfræðilegum forsendum, en þess í stað er litið til þeirra þátta sem sameinar þessi fyrirbæri.

### 3. Tilfinningaleg grunnstef trúarinnar

#### 3.1 Tengsl trúar og tilfinninga í sambengi reynslunnar af frelsi

Fólki sem trúir er trúin á vissan hátt eiginleg. Hún er því eiginleg – þegar vel gengur – og hefur því jákvæð áhrif á lífstilfinningu þess og hún verður að verðmætri uppsprettu þegar fólk gengur sín fyrstu skref í átt til frelsis og upplifir þar með ástríðuna fyrir eigin lífi.

En samkvæmt þessu tilheyrir trúin þessu fólki á sama hátt og tilfinningar sem fylgja því í óskum þeirra, vilja, ákvörðunum og gjörðum. Þau falla því ekki frá trúnni heldur fellur trúin frá þeim. Þetta þýðir að trúin sem boðuð er í prédikun hefur bein tengsl við tilfinningar manneskjunnar, jafnt áheyrendans sem prédikarans. Taka þarf tillit til þess þegar prédikunin er undirbúin.

Óvissan, óryggið og spurningarnar sem söfnuðurinn og prédikarinn deila, snerta ekki einungis óvissuna um kjarnasetningar kristinnar trúar. Það virðist þó vera innihald fjölmargra prédikana þar sem í löngu máli er gerð tilraun – með fullyrðingum og yfirlýsingum – til að sannfæra meðlimi sfnadarins um að Kristur sé dáinn fyrir syndir þeirra o.s.frv. Þess í stað ætti að undirstrika í prédikuninni hvernig styrkja má tilfinningar trúarinnar, að taka á alvarlega uppsprettu kærleikans í manneskjunni, vekja ástríður hennar á forsendum trúarinnar og hvetja fólk til að sætta sig ekki við vonda lífstilfinningu.

Með öðrum orðum: Það er ekki hægt að *styrkja trúna* í prédikun sem ekki er að sama skapi *glíma um tilfinningalegar forsendur lífsins*. Þegar ég tala um tilfinningalegar forsendur eða hvata þá á ég við tilteknar tilfinningar sem hafa með „innra sambengi mannsins“ að gera og leiða hann til frelsis. Þær eru tjáningarform eða „líkamning“ trúarinnar. Að

lífa í trú er því í beinu samhengi við tilraun mannsins til að vera frumlag eigin lífs eða herra í eigin húsi og reyna meðal annars frelsi í því sambandi.

Þetta má sjá í trúarlýsingum bæði Gamla og Nýja testamentisins þar sem lifandi trú er mjög oft lýst á tilteknum tilfinningalegum forsendum, hvort trúin birtist raunverulega í tilteknum tilfinningum sem hafa með óskir, ákvarðanir, vilja og gjörðir viðkomandi að gera. Á þann hátt birtast tengsl milli tiltekinna tilfinninga og tiltekinna þátta trúarinnar.<sup>10</sup>

**Trúin birtist meðal annars í því að:**

- hún hefur sjónrænan tilfinningabátt sem annað hvort uppfyllir *ventingar(tilfinningu)* manneskjunnar eða ekki;
- hún tengist *ábyrgðartilfinningu* og hjálpar manneskjunni til að draga eigin ályktanir og halda sig við þær af fúsum og frjálsum vilja;
- hún birtist í *tilfinningu vonar og kjarks* þannig að viðkomandi getur tekið ákveðna áhættu í sambandi og helgað sig því vegna trúarinnar;
- trúin birtist í *þakketistilfinningu* og getur leitt til ástríðufullrar tileinkunar.

Allt þetta tilheyrir hinni mannlegu (mannfræðilegu) vidd trúarinnar, þ.e. ástríðurfullu lífi.

**3.2 Tengsl milli trúar og tilfinningar í sambengi ástar sem miðlað er og notið**

3.2.1 Trú og trúarbarátta sem sambandsveruleiki

Trú er sambandsveruleiki – þess vegna er rík ástæða til að flokka hana sem ástríðu. Trú getur ekki verið án kærleika, hún getur ekki verið án „kerfisins“ sem knúði er af kærleikanum, hún getur hvorki kviknað né lifað af án hans. Trúin verður til og dafnar við það að njóta

*Mynd: Samræmið milli tilfinninga og trúar*

Formþættir ákvarðanatöku og lífsfærni	Tilfinning	Trú
Óska	Eftirvænting Grunur Gildismat o.fl.	eiga von á sjá fyrir skapandi
Ákvarða	Frelstilfinning Ábyrgðartilfinning Sjálfsstyrkur o.fl.	hvetjandi ákvarðandi rökstyðjandi
Vilja	Kjarkur Vonartilfinning Forvitni o.fl.	þora áhættuvitund bindandi
Gera	Samræmi Sigurtilfinning Þakketistilfinning o.fl.	gefandi bjóðandi með ástríðu

10 Sbr. meðfylgjandi mynd.

og sýna umhyggju. Þess vegna gerir Páll kærleikanum hærra undir höfði en trúnni: „En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur.“<sup>11</sup>

Á þessum forsendum er kannski hægt að skilja hugtakið trúarbarátta sem mikið var notað í díalektísku guðfræðinni, ef hugtakið er ekki aðeins notað í merkingunni að takast á um sannfæringu, heldur átök um sambönd. Ef maður vill skilgreina hlutverk boðunar guðsorðsins sem stuðning í trúarbaráttunni<sup>12</sup> mætti skilja það þannig að manneskjan tækist á um samband sitt við Guð til að styðja þá kærleiksreynslu sem í sambandinu er fólgin. Manneskjan vill vissulega hvíla í þeim kærleika en ætla má að sambandinu stafi ógn af yfirvofandi hættu sem gefur tilefni til trúarbaráttu. Trú sem ekki er sprottin upp úr reynslu umhyggju og hefur ekki verið iðkuð í glímunni um kærleika fær ekki staðist.

Slík trúarbarátta nýtur meðal annars góðs af tilfinningum sem við flokkum undir árársarhneigð eða *áleitni*. Uppspretta árársarhvatar gerir oftast vart við sig í tilfellum þar sem sambönd eru í húfi – að hluta til vegna þess að slík sambönd snerta grunnforsendur lífs okkar: „Kjarni alls þess sem knýr manneskjuna er að miðla og njóta viðurkenningar í mannlegum samskiptum, gildismat, umhyggja og velvild.“<sup>13</sup> Þegar fólk finnur að samböndum er ógnað og þar með aðgangi þess að ást sér það rautt, eins og sagt er. Það á við um samband hins trúaða við Guð, það á einnig við um samband einstaklings við sinn nánasta eða um samband manneskjunnar við sjálfa sig. Þá þarf að búa sig undir átök – ekki einungis vegna þeirra gæða sem felast í ást sem manneskjan veitir og nýtur, heldur einnig vegna ógnarinnar sem í því felst að missa trúna.

Jesús gat til dæmis ekki horft upp á það hvernig samband Guðs og manns var látið líða fyrir fjárhagslega hagsmunum. Þess vegna reiddist hann í musterinu. „Ekki þetta!“ Og Páll sér rautt þegar einhverjir einstaklingar í söfnuðinum vilja rjúfa sambandið milli Gyðinga og heiðinga sem höfðu komist til kristinnar trúar. Þetta fólk talar fyrir því að þessir hópar lifi í aðgreindum veruleika og sitji þar af leiðandi ekki við sama borð. „Óskynsömu Galatar!“ – segir hann – „Þið eruð að leggja lífsgrundvöll ykkar að veði. Ekki gera það!“<sup>14</sup>

„Trúin hefur bjargað þér.“ Að boða þetta í prédikun merkir einnig – kannski einmitt í kjarna sínum – að vísað sé til reynslu fólks af baráttu um sambönd í lífi þess: Það hvað þú leggur á þig fyrir sambandið er það sem heldur þér uppi, veitir þér það sem þú þarfnast; það var þá ekki til einskis. Þetta bjargaði þér.<sup>15</sup> Að leyfa árársarhvötina, þrjúskuna, tileinkunina: Það hefur hjálpað þér í lífinu.

Þetta má taka saman á eftirfarandi hátt: Að svo miklu leyti sem trúin snýst um ólík sambönd þar sem umhyggja er veitt og hennar notið – í sambandi við náungann, við Guð og sjálfan sig – tilfinningar eru þar sem eitthvað gerist af trú.

11 1Kor 13.13.

12 Um skilning Martheins Lúthers á hugtakinu „trúarbarátta“ sjá: Gerhard Ebeling, *Luthers Seelsorge. Theologie in der Vielfalt der Lebenssituationen an seinen Briefen dargestellt*, Tübingen 1997, 401-404.

13 Joachim Bauer, *Prinzip Menschlichkeit. Warum wir von Natur aus kooperieren*, 2. útg. Hamburg 2006, 34.

14 Gal 3.1 í samhengi.

15 Sjá til samanburðar Matt 9.22; Mrk 10.52; Lúk 7.50.

### 3.2.2 Hómiletísk vandamál varðandi hina guðfræðilegu mannsmynd (mannfræði) í samhengi kærleika og sjálfsástar.

Í praktískri prédikunarfræði er oftast gengið út frá hinni mannfræðilegu grunnsannfæringu trúfræðinnar. Þetta má sjá í fjölmörgum prédikunum þar sem fjallað er um narsíska sjálfselsku og egoísma nútímamannskjunnar. Í prédikunarfræðinni er spurningin um manneskjuna varla tekin til umfjöllunar, í besta falli er hún nefnd í samhengi aðstæðna eða í samhengi áheyrendanna.

Grunnskilningur mótmælendaguðfræðinnar gerir enn ráð fyrir því að maðurinn sé syndari, ekki síst af því að hann stendur fast á eignarrétti sínum og fylgir og sinnir hagsmunum sínum frá fæðingu: „Af þeim sökum er ekki hægt að greina hinn guðfræðilega mannskilning (eða mannfræði) frá því hlutverki að varpa ljósi á það að hve miklu leyti vanhæfni mannsins til góðra verka eigi rætur í vantrú og fráfalli frá Guði, já, að hve miklu leyti þetta tvennt er eitt og hið sama. [...] Syndin er áþjáin sem í því felst að geta ekki losað sig undan sjálfum sér. [...] Syndin sem útilokun á Guði gegn anda sameiningar; í því felst vanhæfni til að elska og taka áhættu í að vera hjá sjálfum sér eða öðrum.“<sup>16</sup>

Á sama hátt er sagt um manneskjuna að hún fæðist sjálfhverf og að hún sé að eðli til sjálfselsk og sé þess vegna ekki fær um að lifa í árangursríku sambandi. Þar að auki hafi manneskjan sem syndari engan áhuga á því að snúa sér til annarra af kærleika. Samkvæmt þessum mannskilningi er manneskjan gjörsamlega ófær um slíkt jafnvel þótt hún vildi það. Manneskjan hugsar fyrst og fremst um sinn eigin hæg. Þess vegna sé hún hamngjusöm must þegar henni tekst að gera eins mikið úr lífinu fyrir sjálfa sig og jafnvel gegn öðrum. Það sem knúi hana séu óvinveittar forsendur o.s.frv.

Þess vegna er það engin tilviljun að *sá þáttur lífstilfinningarinnar sem snýr að sjálfsást eða sjálfskærleika* hefur svo rýran sess í kristinni hefð og að mannsmynd prédikunarinnar hafi stjórnað af þessari sýn á manneskjuna í áratugi. Mig grunar jafnvel að þetta sé að hluta til svo enn þann dag í dag.

Að maðurinn sé syndari er ekki að hægt fullyrða í dag með sama hætti og áður – bæði af empírískum og guðfræðilegum ástæðum – því ekki er hægt að ganga út frá kærleiksleysi hans; betra er að sýna fram á að maðurinn hafi komið fram við sjálfan sig af ástleysi; hann hafi lifað lífinu án frelsis og kærleika, nánast á sjálfstortímandi hátt.

Kannski birtast í þeim mannfræðilegu ályktunum og dómum sem hér hafa verið teknir til gagnrýnnar skoðunar hliðar- eða aukaverkanir þeirrar viðmiðunarreglu í mótmælendatrúnni sem snýr að verkaréttlæti. Ávallt var sett spurningarmerki við það sem maðurinn átti sjálfur þátt í að koma til leiðar. Og er þá ekki átt við það að kærleikurinn komi einhvers konar sjálfshjálpfræði eða sjálfsfrelsun manneskjunnar til leiðar, hvað þá að á nokkurn hátt sé verið að lofa einhver stórverk kærleikans. Faríseinn sem setti fram spurninguna um hið mesta boðorð var vopnaður hundruðum viðmiðana í trúarreglum lífs síns.<sup>17</sup> En nú mætir hann viðmiðun hjartans sem er rituð á lífkama hans og í samræmi

16 Sbr. Traugott Koch, „Mensch IX: Systematisch-theologisch“, í: TRE 22, Berlín og New York 2000, 548-567 (562).  
17 Sbr. Mrk 12.28-34.

við mannglegt eðli hans. Af hverju samþykkir hann svar Jesú þegar í stað? Vegna þess að hann skilur að hér er einhvers af honum vænst sem hann þekkir og er að vissu leyti sérfræðingur í: Að elska, að snúa sér að náunganum og deila lífi sínum með öðrum – og þar að auki að stunda sjálfskærleika. Það tilheyrir einnig hinni biblíulegu mynd manneskjunnar: Þekkingin um kraft kærleika síns. Kærleikurinn er drifkraftur manneskjunnar, krafturinn sem knýr hana til iðrunar, mælikvarðinn á sálræn gæði hennar, uppspretta sem leiðir til uppfærðslu og til þess að manneskjan tileinki sér trú.

Kærleikurinn sem kemur til umfjöllunar í hinu fræga samtali Jesú og faríseans snertir einnig sjálfsást eða sjálfskærleika: Þú átt að elska Guð og náunga þinn eins og sjálfan þig, fyrirfram og skilyrðislaust – eins og þú ert vanur að elska sjálfan þig. Hér er gert ráð fyrir því – án þess að nefna það – að ekki þurfi að minna hann á sjálfsástina né að réttlæta hana. Á sama hátt er gert ráð fyrir því að sjálfskærleikurinn sé forsenda þess að manneskjan geti verið í árangursríku sambandi. Að elska Guð og náungann á sínar dýpstu rætur í því að vera sjálfur í þörf fyrir kærleika.

Þetta er áskorun fyrir prédikunarfræðin: Ekki síst vegna þess að mjög margt fólk hefur gengð með þá hugmynd í kollinum að það sé sérstaklega kristilegt að vera strangt við sjálft sig. Þess vegna er alltaf verið að vitna í orð heilags Fransiskanúsar um kærleikann, bæði í prédikun og guðsþjónustu: „Ekki að ég sé elskaður, heldur að ég elski...“ Hvers vegna skildi nokkur maður óska sér slíks? Er hægt að mæla með þessari lífstilfinningu? Jafnvel Guð fer ekki fram á það – samt er þessi skoðun mjög almenn og eftirsóknarverð hjá mörgum sem aðhyllast kristna trú. Það hlýtur að hindra aðgang manns og annarra að grunnvatninu – eða: lífsvatninu!

Þess vegna ætti kristin prédikun að fela í sér tilboð sem ekki er hægt að misskilja og bjóða leiðsögn til sjálfskærleika sem er meginforsenda ástríðufulls lífs. Syndarinn sem elskaður er *þrátt fyrir* og gegn öllum væntingum þarf ekki að deyja þrátt fyrir sekt sína af því að einhver hefur tekið hana á sig í hans stað, er hvorki aðgengilegt né hjálplegt tilboð: Hver gæti elskað lífsförunaut sinn ef hann væri stöðugt að ítreka ást sína eða kærleika „þrátt fyrir allt“? Sá einstaklingur yrði hataður. Slíkur kærleikur tortímur einnig því sem eftir er af sjálfskærleika. Prédikunin ætti – bæði undirbúningur hennar og hlustun – að vera tilfallinn vettvangur til að yfirvinna hina neikvæðu sýn á sjálfskærleikann sem hefur lamað bæði sjálfstílförningu og lífstílförningu manneskjunnar!

*Þýðing: Kristinn Ólason.*

Wilfried Engemann:

# Söfnuðurinn sem lífsmótunarvettvangur

## Trúin í lífi mannsins

### 1. Trúarmenning og innri forsendur safnaðarins.

1.1. Þegar hugað er að framtíð kristinna safnaða þykir sjálfsgöð speki að þeir hafi nú ekki lengur neinn einkarétt á hinu trúarlega í samfélaginu eins og áður fyrr, heldur séu þeir í samkeppni við aðra „samkeppnisaðila“ á markaði hins trúarlega. En ósjaldan draga menn engu að síður þá ályktun í því vaxandi, neyslutengda samkeppnisumhverfi, sem setur svip sinn á margt af því sem tengist hinu trúarlega – og þá er jafnframt höfð hliðsjón af minnkandi sýnilegum áhrifum þjóðkirkjunnar – að prestar ættu að verja tíma sínum og orku til annars en að miðla fagnaðarerindinu eins og það væri slagæð safnaðarlífsins, enda væri nú á tímum ekki lengur spurt um innihald. Þegar sárafáir leggja leið sína til guðsþjónustu, þegar söfnuðurinn er í vaxandi mæli orðinn að frístundafélagi, námskeiðavettvangi eða félagslegri þjónustumiðstöð í vitund fólks, þá gætu menn nú og í náinni framtíð sparað sér að gera ráð fyrir að safnaðarstarf þróaðist fyrir „boðun fagnaðarerindisins“. Þannig væri í mesta lagi unnt að ná til innsta kjarna safnaðarins – sem er þó sífellt að minnka.

Þannig er einungis hægt að tala hafi maður engan skilning á því hvað í „boðun fagnaðarerindisins“ felst eða – eins og ég vil heldur orða það: Hafi maður engan skilning á *trúarmenningu safnaðarins*. Sá sem hugsar þannig til sunnudagsguðsþjónustunnar og hefur þá í huga prédikun og sakramenti sem eiginlegt inntak safnaðarþátttökunnar – hann getur auðveldlega látið sér til hugar koma að leita nýrra „tilboða“ í þessu efni. Ég er þó þeirrar skoðunar að miðlun fagnaðarerindisins komi einnig fram innan safnaðarins í öðru formi og í öðru samhengi og að önnur þátttökuform en messusókn feli í sér trúarmenningu safnaðarins.

1.2 Með margvíslegum formum og sérstöku inntaki trúarmenningarinnar hefur söfnuðurinn yfir að ráða alveg sérstakri tegund trúariðkunar. Söfnuðir viðhalda ákveðinni trúarmenningu sem tengist fagnaðarerindinu og byggist á því að maðurinn tileinki sér frelsi, geri ráð fyrir ástúð og umhyggju sem hann á von á og er tilbúinn til að veita. Söfnuðurinn á að hafa til reiðu ákveðinn ramma, rými og helgisíði þar sem menn upplifa frelsið og þar sem mögulegt er og algengt að fólki sé sýnd ást og umhyggja auk þess að þeir veiti hana sjálfir.

Trúarmening í söfnuði er ekki neitt heilagt markmið í sjálfri sér – og skiptir þá ekki máli hvernig þessi menning lítur út í smáatriðum. Hún er ekkert sem menn hafa til að bera sem aðgreini þá frá öðrum. Kristin trú, skilin sem form fyrir tileinkun á frelsi og fyrir að bæði veita og þiggja umhyggju og ást, er trú sem tengist lífinu sjálfu með grundvallandi hætti og þjónar lífinu. Þátttaka í hefðbundinni trúarmenningu safnaðarins merkir að lifa lífi sínu á grundvelli trúarinnar og beita henni til þess að lifa í anda hennar. Þess vegna er frelsið ekki aðeins gjöf og ástin er ekki aðeins, eins og heilagur Franz frá Assisi á að hafa sagt, eitthvað sem við skuldum öðrum: „Ekki að ég njóti ástar og umhyggju annarra heldur að ég elski aðra.“ Líf okkar á allt undir því að við séum elskuð af öðrum. Í kristinni lífsspeki og lífsleikni snýst málið um þróunarferli þar sem við tileinkum okkur frelsi sem á sér rætur í löngun okkar, vilja og ákvörðunum sem hefur síðan áhrif á líf okkar allt. Eðli málsins samkvæmt miðar kristin trúarmening einnig að sjálfsselsku, sem - eins og við getum lært af mannfræðingunum utan guðfræðinnar – er mun erfiðari og ekki eins sjálfsgöð og ást til annarra.

1.3 Þess vegna tengjast lífsleikni og trúarlærdómur hjá Jesú mjög náið. Það eru í raun tvær hliðar á sama hlut. Hvorugt skilst án hins, þar haldast í hendur fræðsla, miðlun, skilningur, tileinkun, iðkun og líf. Þess vegna er söfnuðurinn hinn upprunalegi staður þar sem menn lærðu, þar er reynsluvettvangur trúinnar, þar er trúin í þjónustu lífandi fólks, þar verður frelsið að veruleika og þar er ást og umhyggju miðlað manna á meðal.

Trúarmeningin er í þessu samhengi megineinkenni safnaðarins. Hún hefur lifað af margvísleg safnaðarform og ýmsa hugmyndafræði; en í þeirri sögu hefur orðið til frelsis- og samfélagskilningur. Kristinn lífsstíll felst í iðkun þessa alls, hvaða form sem söfnuðurinn hefur hverju sinni.

1.4 Ýmis safnaðarlíkön gefa til kynna hvernig trúarmeningin hefur verið frá einum tíma til annars, það merkir: Hvernig skildu menn til dæmis á siðbótartímanum eða við lok 19. aldar eða á tutugustu öld frelsishugtak kristindómsins eða umhyggjuhugsun hans? Til dæmis má nefna:

- Þátttöku í guðsþjónustunni þar sem orðið og sakramentin skipta verulegu máli,
- reglulega þátttöku í safnaðarlífinu, sem hefur þá kannski verið skipulagt líkt og félag,
- pólitíska þátttöku í baráttu fyrir friði og afvopnun í litlum hópum,
- persónulega dýpkun trúarinnar án fastrar tengingar við stofnunina kirkju. Fleiri dæmi mætti auðveldlega nefna.

1.5 Miðlun trúarinnar í söfnuðum af ýmsum gerðum frá einum tíma til annars, birtist í afar mismunandi samskipta- og þátttökumynstrum og einnig í ólíkum félagslegum svipbrigðum trúarmenningarinnar. Ekki er unnt að skilgreina trúarmenningu af því tagi alltaf út frá sömu hugtökum sem vísa til safnaðar eða þátttöku, þ.e.a.s. þjóðkirkjulegum, trúboðslegum eða uppeldisfræðislegum. Unnt væri að skilgreina trúarmiðlun út frá þröngu sjónarhorni, til dæmis út frá því að hlusta reglulega á prédikanir um sálarheill mannsins eða út frá reglulegri þátttöku í eigin félagi, sem maður vill sækja eða telur sig verða að sækja. Maður gæti hugsanlega skilið hinn eina sanna söfnuð út frá slíkri þátttöku. En hversu mikil sem fjölbreytnin er í trúarmeningunni er hún ekki óendanleg.

Ef leggja ætti mat á hversu kristleg trúarmenningin væri, mætti nota tvo mælikvarða: Að hve miklu leyti þátttakan eykur frelsi einstaklingsins og í öðru lagi að hve miklu leyti söfnuðurinn veitir einstaklingnum athygli og vitund um eigið gildi og gerir honum kleift að vera þátttakandi í samfélagi innan safnaðarins. Í þessu samhengi kemur andleg göfgi (*Spiritualität*) sem ein þýðingarmikil hliðin á trúarmenningu safnaðarins. Áður en ég fer inn á það efni og gildi þess fyrir söfnuðinn til að miðla lífsleikni og lífsspeki ætla ég að skoða trúarmenningu þriggja safnaðarlíkana nánar.

## 2. Um trúarmenningu samkvæmt einstökum safnaðarlíkönum

### 2.1 „Safnaðarlíf“ samkvæmt félagslíkaninu.

Það er ekki tilviljun að söfnuður sem byggist á félagslíkaninu hefur verið svo sterkur sem raun ber vitni og er allt til þessa dags, í augum margra sóknarbarna og starfsmanna kirkjunnar, það eina sem gildi hefur og stefna beri að vegna þess að það sé fullkomnasta mynd safnaðarstarfsins.

Emil Sulze (1832–1914, þekktur þýskur guðfræðingur og hugmyndafræðingur á vettvangi safnaðarguðfræði, GK) skilgreindi þetta líkan fyrstur manna við lok 19. aldar og upphaf hinnar 20. og hans vegna varð það þekkt. Hann byggir þar á reynslu sem hann nefndi „víxlverkun“ milli fólks í söfnuðinum.<sup>1</sup> Sóknir skildi hann sem kirkjuleg félög, þ.e.a.s. söfnuðir áttu að breytast skref fyrir skref í félög þar sem hinn eiginlegi ávinningur fólst í því að fólk var leyst úr einhliða trúarlegum samskiptum sínum við prestinn og tengsl mynduðust milli einstakra sóknarbarna innan „félagsins“. Sulze taldi að söfnuðurinn lifði fyrir það að „félagar í honum þekkjast og láta sér ann t hver um annan og sinna sálgæslu hver gagnvart öðrum ef svo ber undir.“<sup>2</sup> Hér er reiknað með sjálfvirku<sup>3</sup> þróunarferli sem leysir úr læðingi leynda og yfirleitt ónýtta orku úr orkuforða safnaðarins.

Hér blasir við hugmynd um söfnuð þar sem hinir farsælu munu upplifa gott samfélag, þeir munu njóta sálgæslu í þessu samfélagi og þeir munu njóta samfélagsins sem verður til meðal þeirra sem taka þátt í „félagsstarfinu“. Þetta svarar ekki aðeins djúpri löngun mannsins til þess að eiga gott samfélag við aðra heldur er hér einnig um að ræða markmið fagnaðarerindisins: Að lifa í samfélagi sem færir mannum vitund um tilgang og gleði þar sem hann er metinn og þar sem hann nýtur umhyggju og viðurkenningar sem styrkir sjálfmynd hans. Það mætti kalla eitt helsta sniðmengi kristinnar trúar og mannlegrar löngunar að hitta aðra þar sem trú og gott samfélag tengist – og reisir síðan safnaðarheimili þar sem félagslífið blómstrar í góðu athvarfi. Sambandið milli félagslegrar nálægðar og safnaðar í félagskap trúaðra er upplagður jarðvegur fyrir kristna trúarmenningu því að í trúnni er í reynd um tengsl að ræða. Trúin verður lítils virði án tengsla.

Vandamálið við hugtakið „sjálfstæður söfnuður“ er annars vegar meginreglan í þessu samhengi sem er hin félagslega nánd, hins vegar hin lítilsvirðing á sjálfstæði einstaklings-

1 Emil Sulze, Die evangelische Kirchengemeinde, Berlin 1898, 1912.

2 Emil Sulze, 196.

3 Sbr. Rudolf Roosen, Die Kirchengemeinde – Sozialsystem im Wandel. Analysen und Anregungen für die Reform der evangelischen Gemeindearbeit, Berlin 1997, 65.

ins, leit hans að frelsi er vanrækt<sup>4</sup> í ferli sem er ætlað að gera trúna að veruleika sem verður sýnilegur í hversdagslífi mannsins. Frjálslynd viðhorf – að trúin eigi að vera “einkamál” – eru tekin með fyrirvara, slík sjónarmið verða áberandi í þessu samfélagi. Það er ekki skoðað hvort nokkur rök séu fyrir því viðhorfi að trúin sé einkamál; hugmyndin um „trúna sem einkamál“ er þöggud niður.

Það viðhorf frjálslyndu guðfræðinnar að trúin sé einkamál ásamt trúrækni sem tengist ekki játningum<sup>5</sup> og fram kom í lok 19. aldar, á fullan rétt á sér – innan vissra takmarka. En sá skilningur verður undir, gleymist og er þaggjaður niður þegar lífið og trúin lenda í farvegi félagsformsins. Trúin er og verður eftir sem áður einkamál þegar einstaklingurinn stendur frammi fyrir þeirri kröfu að tileinka sér ákveðna trú persónulega og skilja líf sitt og breytni út frá trú sinni, taka ákvarðanir á grundvelli trúar sinnar og breyta í samræmi við hana – og skynja sjálfan sig jafnframt frjálsan.

Út frá viðhorfi, sem kemur fram í guðfræði Schleiermachers (1768–1834), að miðlun fagnaðarerindisins innan safnaðarins eigi að stefna að sjálfstæðu trúarlífi einstaklingsins, verkar sjónarmið Sulzes fráleitt. Í hugmyndafræði hans er einstaklingurinn eins og „visnandi laufblað“ án safnaðarins, trú hans er máttvana.<sup>6</sup> Í frásögnum af Jesú lesum við oftast en einu sinni: „Trú þín hefur hjálpað þér“ og þar er ekki átt við trú safnaðarins. Jesús segir þetta við fólk eins og „bersyndugu konuna“ í húsi faríseans og einnig við blóðsjúku konuna, við fólk sem er vissulega í neyð en fjarri því að vera máttvana.<sup>7</sup> Það er engu að síður svo frjálst að það getur farið yfir markalínur sem ekki er gert ráð fyrir að farið sé yfir. Það er löngunin til að læknast hið innra eða ytra og fullvissa um að það gerist, sem rekur fólkíð áfram.<sup>8</sup>

Það er því skiljanlegt sem sýnt hefur verið fram á að margir draga sig út úr „félaginu“, frá athvarfinu, frá kirkjustarfinu. Ef hin líkamlega nánd í söfnuðinum er mikilvægari en nánd í eigin lífi, ef bandið milli sóknarbarna einkennist síður af umhyggju en viðeigandi og tilætluðum fjölskyldusíðum, eykst bilið sem er þegar fyrir hendi; og raunar enn meir þeim mun minna sem einstaklingurinn finnur að hann er tekinn gildur – og trú hans – þegar hann er fjarri.

## 2.2 „Kjarnasöfnuðurinn“ – trúboðslíkanið

Í riti sínu „Þýsk messa og skipan guðsþjónustunnar“ frá 1526 minnst Marteinn Lúther á þann möguleika að þeir „sem vilja af heilum hug vera kristnir og miðla fagnaðarerindinu í orði og verki“, gætu hist við sérstakar „guðsþjónustulegar“ samkomur, sem sagt ekki „opinberlega á meðal fólks. [. . .] Við slík tækifæri þyrfti ekki að syngja mikið. Hér mætti

4 Í skoðanakönnunum segjast 60 % Þjóðverja einnig „geta verið kristnir án kirkjunnar“ og skýra þannig úrsögn úr kirkjunni. Að baki þessari skoðun er styrkur þátttökulíkansins sýnilegur þegar um úrsögn úr kirkjunni er að ræða, þar sem það að tilheyra kirkju og kirkjusöfnuði felst að verulegu leyti í því að fara í kirkju og höfnun á því er þá „líf án kirkju“. Í stað þess að deila um það atriði, skipir mestu að koma því til skila að það að tilheyra kirkju eða söfnuði felist ekki öðru fremur í því að sækja guðsþjónustur.

5 Rudolf Roosen, sama rit og áður. a.a.O., 52.

6 Emil Sulze, 10

7 Sbr. Lúkasarguðsþjall: En Jesús sagði við konuna (bersyndugu konuna í húsi faríseans): „Trú þín hefur frelsað þig, far þú í friði.“ (Lk 7,50) / Jesús sagði þá við hana (blóðsjúku konuna): „Dóttir, trú þín hefur bjargað þér. Far þú í friði.“ (Lk 8,48) / Síðan mælti Jesús við hann (manninn sem hann læknaði af holdsveiki): „Stattu upp og far leiðar þinnar. Trú þín hefur bjargað þér.“ (Lk 17,19) / Jesús sagði við hann (Blinda manninn frá Jeríkó): „Fá þú aftur sjónina. Trú þín hefur bjargað þér.“ (Lk 18,42).

8 Frumsaga hér er sagan um glímu Jakobs í Jabbok (Sbr. 1. Mós. 32, 23-33).

[. . .] beina sjónum eingöngu að orði og bæn, ást og umhyggju.<sup>9</sup> Fjögurhundruð árum síðar vísar Gerhard Hilberts á þessi orð þar sem Lúther gengur það eitt til að varpa fram hugmyndum um mismunandi form á guðsþjónustum. Hilberts byggir á þessum orðum trúboðslíkanið *ecclesiola in ecclesia* – kjarnasöfnuðinn.<sup>10</sup>

Ein forsendan fyrir þessu líkani er sú sannfæring að flest sóknarbörnin séu í reynd ekki raunverulega fólk sem trúir á Krist,<sup>11</sup> og þess vegna sé ekki rétt að setja jafnaðarmerki á milli sóknar og raunverulegs kristins safnaðar. Þetta er baksviðið fyrir safnaðarþróun þar sem byggt er á trúboði „lifandi kjarnasafnaða“. Að öðrum kosti skorti söfnuðinn grundvöllinn.<sup>12</sup>

Kjarnasöfnuðurinn er því hinn trúaði, einhuga grunnsöfnuður, samfélag hinna andlega viljugu og meðal þeirra ríkir sannarlega samfélag þar sem sönn uppbygging fer fram, þar sem Biblían skiptir einhverju máli – og síðast en ekki síst – þar sem sönn trú verður til og þroskast. Samkvæmt Hilbert verður kjarnasöfnuðurinn til með þeim hætti að þar fer fram „val“ þeirra sem vilja í einlægni vera kristnir og hittast reglulega í kvöldmáltíðarguðsþjónustum og við biblíulestur.<sup>13</sup>

Þessi hugsun felur í sér umbúðalaus gagnrýni á aðra í söfnuðinum, á þá sem eiga í einhverjum vanda með kristna trúfærði og – að því er virðist – hafa „umritað trú feðranna í anda nútíma trúrækni“<sup>14</sup>. Það liggur í augum uppi í hverju aðdráttarafl og vandi þessa viðhorfs eru fólgin: Það er dálítið sérstakt að tilheyra „hópi útvalinna“ í kirkjunni á tímum þegar kirkjan hefur vindinn í fangið – og finna viðurkenningu og athvarf í ákveðnum hópi. Það er þeim mun mikilvægara þegar þess er gætt að þeir sem þar eiga heima finna litla viðurkenningu og eru lítils metnir af „heiminum“ utan hins góða kjarna. Í reynd er hér um að ræða innsækið atferli sem getur raunar einnig verið ein hliðin á lífsleikni: Það hefur ævinlega verið list þeirra sem búa við kerfi sem eru einstaklingnum ofviða að leita skjóls í trú sinni og draga sig inn í veröld sem er saklaus og góð og veitir öruggt athvarf í vöndum heimi.<sup>15</sup>

Í viðurkenningu kjarnasafnaðarins, og með því að tilheyra honum, á sér samt talsverð aðlögun stað. Hún gerist með því að draga úr eigin, einstaklingsbundnum, persónulegum trúarskilningi. Það er athyglisvert að þegar á þriðja áratug tuttugustu aldar er farið að tala um ögrun sem felst í kjarnasöfnuðinum, sem margir hinna upplifa – þeirra trúarlega ómúsíkölsku sem tilheyra „massa“ þjóðkirkjufólksins – þeirra sem vilja vera í þjóðkirkjunni þrátt fyrir trúfærðilega gagnrýni sína og frjálslýndi. Þetta fólk lítur svo á að kröfur kjarnasafnaðarins gangi of langt en finnst eigin háttur að trúa vera mjög víðeigandi trúarform.

9 Martin Luther: Deutsche Messe und Ordnung des Gottesdienstes 1526, sbr.: Luther Deutsch, Bd. VI, hg. v. Kurt Aland, Göttingen / Stuttgart 1959-1967, xx.

10 Sbr. Gerhard Hilbert: *Ecclesiola in ecclesia*. Luthers Anschauungen von Volkskirche und Freiwilligkeitskirche 6 Emil Sulze, 10 in ihrer Bedeutung für die Gegenwart, Leipzig 1920, einnig eftir sama höfund: Gerhard Hilbert: *Kirchliche Volksmission*, Leipzig 1916; *Volksmission und innere Mission*, Leipzig 1917; *Wie kommen wir zu „lebendigen Gemeinden“*, Leipzig 1922.

11 Vgl. Gerhard Hilbert: *Ecclesiola in ecclesia*, 49.

12 Sama, 65.

13 Sama, 93.

14 Sama, 49.

15 Hér er að mínum dómi að finna eina helstu ástæðuna fyrir styrk karismatískra safnaða í fyrirverandi sambandslöndum Austur-Þýskalands. Sjá um það efni: Wilfried Engemann: *Die intime Interne. Charismatik als pastoralpsychologisches Paradigma*, (in:) *WzM*, 41. Jhg., H. 2, 1989, 87-103.

Þannig er kjarnasafnaðarlíkaníð þátttökumynstur frá félagsforminu í enn sterkari útfærslu: „Réttur“ safnaðarmeðlimur er maður þá aðeins þegar hann heldur sig við safnaðarkjarnann og sækir guðræknissamkomur hans, en þar sem persónuleg samskipti lúta hins vegar oft í lægra haldi fyrir því að laga sig að meðalhegðun kjarnasafnaðarins.<sup>16</sup> Spennan milli yfirlýstrar nándar bræðra og systra í trúnni og umhyggju, sem menn upplifa, kemur hér í ljós; hún gerir það að verkum að athvarfið, sem kjarnasöfnuðurinn heitir, er iðulega lítið áhugavert þegar á hólminn er komið og felur hvorki í sér frelsi einstaklingsins né styrkingu eigin sjálfsmyndar.

Það felur í sér skynsamlega og góða lausn að margt safnaðarfólk lítur á trú sína sem einkamál andspánis þeirri trúarmeningu sem *ecclesiola in ecclesia* býður upp á.

### 2.3 Söfnuður þar sem menning trúarinnar er varðveitt. „Safnaðarræktarlíkaníð.“

Í líkaninu „Evangelísk safnaðarrækt“<sup>17</sup> er gengið út frá uppbyggingu safnaðarins með hagnkvæmum hætti. „Söfnuðurinn er alltaf til staðar“<sup>18</sup> – og allir meðlimir safnaðarins, hvaða tengsl sem þeir hafa við kirkjuna, tilheyra henni með einum eða öðrum hætti. Þetta mætti orða þannig: Menningarlandslag trúarinnar – þ.e.a.s. með hvaða hætti þátttaka í söfnuðinum og með hvaða hætti fólk upplifir frelsi trúarinnar – það getur verið með margvíslegum hætti.<sup>19</sup> Þessi fjölbreytni er sjálf þáttur í frelsi trúarinnar og tákn um gagnkvæma viðurkenningu.

Í þessu samhengi merkir safnaðarrækt að skilja það sem fyrir er, skipulag og aðstæður annarra öðru fremur sem tækifæri. Þar má nefna margs konar hópa og áhugagrúppur þar sem karlar og konur, börn og unglingar, áhugafólk um söng, aldraðir o.s.frv. safnast saman „lauslega tengdir kirkjusöfnuðinum eða undir þaki hans“<sup>20</sup>, til þess að ræða saman, læra, halda hátíð, gæta barna eða skipuleggja umönnun þeirra sem þurfsandi eru.

„Safnaðarheimilið“ verður í þessu samhengi eins konar þjónustumiðstöð með bókasafni, djáknastöð, smábarnastofu og leikskóla; þar er – auk biblíulestra – „fyrirlestrar, tónleikar, fræðsla, ferðalög, íþróttir, leikir, skemmtun“ og handíðir. „Safnaðarheimilið varð þannig miðpunktur safnaðarlífsins og [...] eins konar annað heimili.“<sup>21</sup> Fyrir Jakob Schoell skipti það mestu máli að safnaðarmeðlimir myndu ekki finna sig í hlutverki „ódyrra áhorfenda“<sup>22</sup>, þ.e.a.s. – þetta verður að taka með í reikninginn -, þeim er ekki sagt hvort eða hvernig þeir eiga að vera virkir þátttakendur. Sóknarbörn vilja hins vegar gera eitthvað; fólk hefur áhuga á því að reynast þess trausts vert sem því er sýnt og taka þannig þátt í að byggja upp ákveðið gildismat.

Með þessum hætti verður söfnuðurinn smám saman aðlaðandi mótsstaður þar sem menn vilja gjarnan láta reikna með sér: Það var greinilega ekkert vandamál fyrir Schoell í þessari framtíðarsýn að deila kröftunum á herðar margra eins og sjá má af ótrúlegum fjölda sókn-

16 Gerhard Hilbert: *Ecclesiola in ecclesia*, 49.

17 Samsvarandi stefnuir er eftir Jakob Schoell: *Die evangelische Gemeindepflege. Handbuch für evangelisch-kirchliche Gemeindearbeit*, Heilbronn 1911.

18 Sama rit, 2.

19 „Evangelískur söfnuður getur þolað mikla fjölbreytni og ætti ekki að horfa óttasleginn til vinstri og hægri“ (a.a.O. 112).

20 Rudolf Roosen, sjá áður, 84.

21 Sama rit, 85.

22 Sama rit, 44.

arbarna sem varð virkur í starfsemi safnaðarheimilanna, svo sem safnaðarsystur, hjálparfólk prestsins og annað samstarfsfólk.

Hugsunin byggist á því að nýta það skipulag og þá möguleika sem búa í því, sem fyrir hendi er, með margvíslegum hætti. Þetta vildi ég túlka í anda vinnulíkansins sem nefnt hefur verið „open space“. „Open space“ sem dagskrárhugtak er þróað ferli sem beinist að því að vinna með reynsluþekkingu og hæfileikum viðstaddra án þess að kalla til ráðgjafar sérstaka sérfræðinga með sérstaka fagþekkingu.

1. *Persónulegi þátturinn*: Sóknarborn sem eru þátttakendur – hvert með sínum hætti – í starfi safnaðarins og halda sig í því efni í ákveðinni fjarlægð eða nálægð, eru einmitt þau réttu. Söfnuðurinn þarf enga aðra, enga betri, andlegri eða gáfaðari eða kirkjuvanari en þá sem eru til staðar, til þess að vera lifandi söfnuður, svo framarlega sem tilvist safnaðarins er ekki sett út af sporinu með sérstökum trúræknis- eða stjórnunarstíl sem tekur líf einstaklingsins ekki lengur með inn í myndina.<sup>23</sup>

2. *Sjálfsábyrgðarþátturinn*: Það sem gerist í söfnuðinum gerist með þeim sem þar eru og fyrir þá. Það sem ekki er hægt að gera með þeim og á ábyrgð þeirra er yfirhöfuð ekki hægt að gera. Sem presti ber mér að gæta þess hvað þessu fólki hentar og hvað ekki.

3. *Viðurkenningaþátturinn*: Það sem gerist í söfnuði, með þátttöku sóknararbarna, er það eina sem gerst getur. Með þessari grundvallarreglu snýst málið um að horfa á það og viðurkenningu þess sem mögulegt var. Þegar allir sem hlut eiga að máli sýna ábyrgð og leggja sitt lóð á vogarskálina er hægt að ganga út frá því að niðurstaðan verði sú eina sem hugsanleg var. Þetta þarf að virða í stað þess að gefa fólki það í skyn að eiginlega ætti það að vera annar og betri söfnuður.

4. *Tímaþátturinn*: Það sem byrjað er á í söfnuði, byrjar þegar tíminn er hentugur til þess. Hópar hafa sinn eigin takt; innblástur og sköpunargleði er ekki hægt að þvinga fram heldur verður það einfaldlega til. Mikilvægt er að skynja merki sem gefin eru á þessu sviði sem öðrum og finna út hvenær rétti tíminn er til að byrja.

Þetta eru sem sagt grundvallarforsendur sem – að breyttu breytanda – eiga við um ýmsa hópa. Grundvallareinkenni safnaðar er það sem ég hef nefnt „trúarmenning“. Hún er sérstakt framlag og tilboð safnaðarins til einstaklingsins um kristna trú.

#### 2.4 Samandregið: Þátttaka í safnaðarstarfi og eigin lífsmótun.

Það sem nefnt er í 2.3. birtist með ýmsum hætti allt til þessa dags. Ég hef lýst þessu svo nákvæmlega vegna þess að í þeim er að finna sameiginlega þætti trúarmenningar sem að minni hyggju tilheyra frumþáttum sérhvers kristins safnaðar – óháð öllu skipulagi. Um safnaðar-ræktarhugtakið hjá Schoell er þetta að segja – þ.e.a.s. starf með þeim sem eru til staðar við tiltekna aðstæður – og það gildir einnig með takmörkunum um Sulze og Hilbert:

1. *Skipulag gagnkvæmrar viðurkenningar*. Hvort maður tilheyrir samfélaginu eða ekki byggist með einum eða öðrum hætti á því hvort maður hefur löngun til að tilheyra þessu samfélagi eða ekki, hvort maður finnur sig velkominn, upplifir viðurkenningu, viðmót

<sup>23</sup> Sjá Christian Grethlein: Gemeindentwicklung, in: Handbuch Praktische Theologie, hg. v. Wilhelm Gräb und Birgit Weyel, Gütersloh 2007, 494-506, 505).

og lífsgæði sem maður reiknar ekki með að finna annars staðar, utan safnaðarstarfsins.

2. Þessi reynsla er ekki bundin við eitthvað ákveðið svið þátttökunnar heldur við tilfinningalegar forsendur samfélagsins. Það byggist á því að reiknað sé með einhverju frá hverjum og einum einstaklingi – og alveg sérstaklega frá *honum* – einhverju sem söfnuðurinn væntir ekki frá hverjum sem er og hvar sem er; á hinn bóginn fær einstaklingurinn viðurkenningu og athygli sem gefur honum þá tilfinningu að hann sé einhvers virði og sérstakur.

3. Skipulag safnaðarins er þeim mun meira aðlaðandi vegna þess að það gengur upp sem félagslegt form þar sem reynsla mannsins er virt og einnig frelsi hans og þar sem umhyggjan verður áþreifanleg. Með kröfu um að taka þátt í einhverju sérstöku og með ákveðnum hætti er þetta þátttökumynstur, sem hér um ræðir, ekki lengur fyrir hendi sem skyldi.

4. Slíkar kröfur búa í öllum einfölduðum líkönum „félagslegs safnaðarveruleika“, þar sem lítið er á „kirkjusöfnuðinn [...] sem eins konar fjölskylda“, „lítið hús þar sem „bræður systur“ búa í sátt og samlyndi undir einu þaki“<sup>24</sup>. Söfnuðurinn „er hvorki „lítil“ né stór „fjölskylda“. Hann er miklu heldur fjölbreytilegt félagskerfi sem verður ekki lýst vel með því að grípa til samlíkingar við fjölskylduna, hvað þá með því að reyna að gera þá samlíkingu að veruleika“.<sup>25</sup>

Í nýlegri bók sinni um tengsl fólks við kirkju bendir höfundurinn Gerald Kretschmar á að ekki megi einblína á líkamlega nánd fólks þar eð með því horfi menn framhjá því að félagsleg fjarlægð er sterkur þáttur í nútíma samfélagi í jákvæðum skilningi og getur undirstrikað sterk félagsleg tengsl. Félagssleg nánd, þ.e.a.s. náin félagsleg samskipti, eru hins vegar sérstök tilvik í samskiptum innan samfélagsins; þau geta þar af leiðandi ekki verið mælikvarði á þátttöku í söfnuðinum.<sup>26</sup> Þetta merkir ekki að einstaklingurinn í söfnuðinum finni ekki að hann sé metinn og virtur eða ná þar ekki tilfinningalegri fótfestu og skynji þar ekki frelsi sitt; það merkir aðeins að söfnuðurinn þarf ekki að kynna sig sem fjölskyldu til þess að ná þessum tilgangi. Þvert á móti, með því að söfnuðurinn reynir að líkja fjölskyldu gerir hann of miklar og óeðlilegar kröfur og verkar þvingandi sem endar með því að hann verður fráhrindandi.<sup>27</sup>

Fleiri þættir trúarmenningar safnaðarins, sem hafa þýðingu fyrir lífsleikni einstaklingsins, eru á þessu stigi. M.a. þessi:

- Í söfnuðinum hefur einstaklingurinn tækifæri til samtals um eigið líf – og getur valið sér stað til þess: Á heimili sínu, í skrudhúsinu, í skóginum eða hjá prestinum.
- Það er hlustað á einstaklinginn þegar hann tjáir sig um trú sína og kannski fær hann einnig hvatningu til þess að trúa og hugsa eins og hentar honum, en honum eru ekki settar skorður. Það frelsi sem hann tileinkar sér á vettvangi safnaðarins felur einnig í sér frelsi til að taka þátt í starfi safnaðarins eins og honum hentar.
- Við tímamót í lífinu hefur einstaklingurinn aðgang að helgisiðum safnaðarins, sem – og þetta á hann sameiginlegt með söfnuðinum – getur stutt hann á þessum tímamótum.

24 Rudolf Roosen, sjá áður, 528. Sjá einnig: Walter Lück: Praxis Kirchengemeinde, Stuttgart 1978, 9.

25 Sama rit.

26 Gerald Kretschmar: Kirchenbindung. Praktische Theologie der mediierten Kommunikation, Göttingen 2007. 21 Sama rit, 85.

27 31 % þeirra sem telja sig „kristna“ telja sig ekki tilheyra þeim sem eru virkir í söfnuðinum, cinkum í guðsþjónustunum og gefa það upp sem ástæðu fyrir því að segja sig úr kirkjunni.

- Spurningar vakna andspænis safnaðarskipan þar sem starfið fer nánast að snúast um sjálft sig. Það gerist m.a. þegar einstaklingnum er boðið upp á eins konar hliðstæðu-veruleika við flókinn veruleika lífsins. Það gerist þegar einstaklingurinn fellur inn í ákveðna hópa (t.d. „kjarnasöfnuðinn“) sem miðlar til hans innri lífsreglum hópsins og einnig trúarlegri iðkun sem þar er tekin gild án þess að þar verði til staður sem hægt er að læra að takast á við vandann og leiða einstaklinginn þann veg sem hentar honum.
- Það eru til ýmsar leiðir til þátttöku án þess að sambandið við prestinn sé náði (t.d. getur sóknar barn leitt samtalshóp þótt viðkomandi leggi sjaldan leið sína til guðsþjónustu). Það virðist vera afar eðlilegt enda þótt það virðist liggja í loftinu meðal presta að þeir, sem gefa sig í safnaðarstarf, hljóti einnig að sækja guðsþjónustu reglulega.

Nú ætla ég að skoða eitt megineinkenni trúarmenningarinnar nánar – andlega göfgi (*Spiritualität*). Þetta hugtak hefur orðið dálítið þokukennt á síðari árum vegna orðmengunar af völdum líkamsræktar og tilboða á sviði andlegra æfinga af ýmsum toga, jafnvel svo að það hefur glatað merkingu sinni – margir telja því að þar sé um að ræða guðhræðslu í viðteknum og hefðbundnum skilningi fyrri tíma. Þess vegna langar mig til að gera tilraun til þess að setja fram þrjú einkenni á hinn andlegu göfgi. Þau eru ekki tengd ákveðinni trúarmenningu en tengjast samt iðkun trúarinnar í viðtækum skilningi og undirstrika þýðingu trúarinnar fyrir listina að lifa.

### 3. Andleg göfgi í trúarmenningu safnaðarins

Með hugtakinu andleg göfgi (*Spiritualität*) skil ég þann andlega og félagslega hæfileika mannsins í samskiptum við sjálfan sig, við aðrar manneskjur og við „Guð“. Þess vegna er hin andlega göfgi þáttur í trúarlegri samfélagsmenningu sem tileinkar sér frelsi, sjálfsvirðingu, umhyggju og stillingu.

Svo reynt sé að skilgreina hugtakið nánar, a.m.k. sem vinnuhugtak þá felst andleg göfgi sem andlegur og félagslegur eiginleiki í að:

1. Líta á sjálfan sig út frá sambandinu við aðra og einnig eins og frammi fyrir Guði, að geta sem sagt skoðað það úr fjarlægð,
2. geta gefið af sjálfum sér svo að það komi fram í eigin breytni, í samskiptum við aðra og frammi fyrir Guði,
3. geta skoðað sjálfan sig „af yfirvegum“, einnig annað fólk og Guð.  
Þessar þrjár hliðar langar mig til að skoða nánar hér á eftir.

#### 3.1 Eigið líf í fjarlægð. Endurskoðunarhliðin á andlegri göfgi

Þessi hæfileiki heyrir til forsendunum fyrir því að maðurinn geti upplifað frelsi. Hér er átt við sjálfsþekkingu, í anda Nýja testamentisins er um að ræða *metanoia*-hliðina á andlegri göfgi en *metanoia* er hugtak í Nýja testamentinu sem yfirleitt er þýtt með orðinu „iðrun“ en merkir í reynd endurskoðun á eigin lífi og jafnframt betrumbót á því sem þarf og mætti bæta. Orðrétt merkir gríska orðið *metanoia* fúsleika og hæfileika mannsins til að tileinka sér *meta*-skilning (gríska: *meta-nous*) og vísar til hugarfarsbreytingar en felur í sér að maðurinn breytir lífi sínu, ekki aðeins hugarfarinu. Iðrun og hugarfarsbreyting

eru – orðað með þverstæðukenndum hætti – lúxus sem fylgir andlegri göfgi. Það kemur fram með því að

- geta myndað fjarlægð frá sjálfum sér og eigin lífi og hugsað um líf sitt með þeim hætti,
- iðka og æfa sig í sjálfsþekkingu,
- finna að iðrun hefur ávallt einhver tengsl við eigið frelsi,
- skynja eigin takmörk en uppgötva einnig nýtt svigrúm fyrir sjálfan sig,
- þekkja sinn eigin draumaheim og greina á milli meðvitaðra óska og leyndra,
- geta látið reyna á ákvarðarnir og kunna að taka ákvarðanir,
- vita hvað maður vill,
- þekkja helgisiði og siðvenjur sem styðja það sem áður segir.

Þessi hlið á andlegri göfgi getur þróast vel í sálgæslu safnaðarins, sem á sér ekki aðeins stað í samtali við prestinn heldur einnig í samskiptum við vini. Þar er átt við samtöl í tengslum við uppákomur í söfnuðinum en einnig samtalshópa, þetta getur átt við um fyrirlestra og einnig guðspjónustuna. Þetta sýnir safnaðarræktarlíkanið og minnir á Schmalkaldengreinarnar frá siðbótartímanum.<sup>28</sup>

- Upphafsbæn messunnar beinir athyglinni að skilningi á ákveðnum lífsveruleika, án þess að vera með siðavendni.
- Davíðssálmarnir eru einnig umfjöllun um sjálf mannsins (frammi fyrir Guði) af bestu gerð, samt aðeins þegar þeir eru þýddir að nýju og túlkaðir inn í veruleika okkar sem nú lifum. Davíðssálmarnir fela í sér hugleiðingar mannsins frammi fyrir Guði. Við segjum frá því sem er að gerast í lífi okkar, líf okkar er þar sett á dagskrá.
- Vissulega á prédikunin einnig heima í þessu samhengi. Prédikun er ekki eitthvað sem maður heyrir af tilviljun í sæti sínu, þar sem maður setur sig í stellingar áheyrandans og hugleiðandans. Prédikunin er tæki til þess að hjálpa manningnum til að mynda fjarlægð frá sjálfum sér og skoða líf sitt „utanfrá“ – til þess að geta síðan tekið eitt skref frammávið í átt til frelsisins.

### 3.2 Sjálfsafneitan í þágu lífsins. Eftirfylgd og andleg göfgun

Sjálfsafneitan í eigin lífi eða einlægni og hollusta annarra vegna heyrta til því sem nefnt er eftirfylgd í hinn andlegu göfgun. Í Nýja testamentinu snýst eftirfylgdin um að tilheyra öðrum, vera til reiðu annarra vegna. Þessu lífi nær maður ekki með viðvarandi fjarlægð eða óræðri afstöðu. Eftirfylgd felst í því að láta ekki sitt eftir liggja, að hafa áhrif á eigið líf og beina því í þann farveg sem Guð opnar því, líf sem maður gæti annars misst sjónar af.

Þetta kemur sérstaklega í ljós þegar taka þarf ákvarðanir – vegna þess að þær hafa í för með sér breytingar af einhverju tagi. Þegar tekin er ákvörðun felur það óhjákvæmilega í sér að maður kastar sér út í óvissu lífsins og bætir einhverju við í eigin sjálfsmynd. (Að tekinni slíki ákvörðun erum við aðrar manneskjur, við búum við það að hafa tekið ákvörðun. Við breytum okkur sem sagt að einhverju marki þegar við ákveðum að taka einhverja ákveðna stefnu.) Þessi flötur á andlegri göfgi kemur fram í fleiri atriðum.

- Hún kemur fram í hæfileika til að gefa sig allan í það sem maður þarf að fást við, brjótast í gegnum fjarlægð frá eigin innstu vitund sem nauðsynleg er í daglegu amstri.

<sup>28</sup> Sbr. Schmalkaldengreinarnar, 3. hluta (Um hina fólsku iðrun pápistanna).

- Eftirfylgdinni tilheyrir sá hæfileiki að nálgast eigið líf með því að maður er til reiðu og tekur þátt í lífsbaráttu annarra.
- Þessari hlið andlegrar göfgi fylgir að lifa með opnum huga til framtíðarinnar og skynja í framtíðinni sífellt nýja möguleika.
- Eindregin helgun sjálfs sín og eigin lífs – nefnt eftirfylgd á máli Biblíunnar – er í því fólgið að lifa innihaldsríku lífi með öðru fólki, hvornig sem það kann að líta út í raunveruleikanum.

Í trúarmenningu safnaðarins birtist andleg göfgi í þessum flötum – umhyggja, eftirfylgd, að vera til reiðu fyrir aðra – þannig kemur hún fram og ekki aðeins í tengslum við líknarþjónustu sem söfnuðurinn kann að veita. Setja mætti spurningarmerki við umhyggjuhliðina á hinni andlegu göfgi þegar siðrænn eða móralskur tónn fylgir henni („sem kristinn maður á maður að hjálpa náunga sínum og gera honum gott“), eða þegar ákveðin umhyggja og hluttekning verða að einhvers konar gæðamælikvarða. Það er ákveðin hættu sem yfir undir þennan vanda og felst í feimni kristinna manna við sjálfselsku þar sem lítið er á hana sem andstæðu við elsku til náungans. Í því eftirfylgdarhugtaki sem hér er fjallað um helst hvort tveggja í hendur.

Það hlýtur að tilheyra trúarmenningu safnaðarins og jafnframt frelsinu og sjálfsákvörðun kristinnar tilvistar að fólk nálgast þetta efni með margvíslegum hætti.

Heimsóknir til sjúkra eru í þessu samhengi ekki minna andlegt atferli heldur en þátttaka í guðsþjónustum. Þegar þar á eftirlaunum sem lifir við takmörkuð lífsins gæði fjármagnar kaup á nýrri kirkjuklukkunni er það einnig ákveðin tjáning á andlegri göfgi, til dæmis þegar hugsað er út í hversu lengi þau hafa rætt sína á milli um þetta mál og þurft að reikna dæmið aftur og aftur svo að þau reistu sér ekki hurðarás um öxl – og svo ekki hvað síst hvað þau glöddust sjálf þegar þau gátu loksins boðið upp á þessa gjöf.

Í trúarmenningu eins safnaðar gerist margt „stórt lítið“ og „lítið stórt“. Það tengist þeim fjölmörgu möguleikum til þess að tengjast öðrum og öðru með eigin aðferðum til þátttöku, bæði vegna eigin hæfileika og eigin hugmynda. Einnig sú reynsla að lífinu sé ekki lifað til einskis þegar maður lifir því innan safnaðarinnar ætti að styrkja þessa hlið í hinni andlegu göfgi.

Á stúdentsárunum bjó ég um tíma ásamt nokkrum öðrum guðfræðistúdentum í gömlu prestssetri úti á landi, það var ekki lengur í notkun sem prestssetur. Við byrjuðum á því að halda guðsþjónustur á ný í þorpinu en réðum ekki við það ein að axla einnig hlutverk kirkjuvarðar og meðhjálpara. Við spurðumst fyrir í þorpinu hvort einhver gæti hugsað sér að taka að sér þessi hlutverk og gera okkur þannig kleift að hefja aftur reglulegt guðsþjónustuhald í þorpinu. Stór og stæðilegur maður kominn á eftirlaun bauð sig fram, herra B. Hann hafði aldrei fengist neitt við kirkjustarf. En frá þeim degi sem hann gaf sig fram var hann öllum stundum í kirkjunni – án þess að þiggja nokkur laun. Hann þússaði og þreif kirkjuna alveg frá þaklofti og niður í kjallara, hann hringdi kirkjuklukkunum þrisvar á dag, hann undirbjó sunnudagsguðsþjónusturnar, hann kittaði upp rúðurnar, gerði við dyrnar, sá um kyndinguna á vetrum og hann gróf hina látnu. Hann var ekki margmáll. Hann var ekki félagslyndur, frekar einfari, og ef ég man rétt virtist hann ekki hafa mikið gagn af guðsþjónustunum – þá sjaldan hann tók þátt í þeim. En samt var hann í sterkum

tengslum við söfnuðinn. Hann gaf sig allan í þetta starf. Andlát hans var í stíl við þessi síðustu ár hans. Hann fannst látinn á gólfinu í klukkuturninum. Eftir að hafa hringt klukkunum hafði hann sest á gólfíð og spennt greipar. Hjartaáfall.

Ég ætla að benda á nokkra þætti í guðsþjónustunni þar sem þessi umhyggjuhlíð hinnar andlegu göfgi kemur sérstaklega fram.

- Miskunnarbænin í guðsþjónustunni er í sögu helgisiðanna eitthvert ástríðuþrungnasta atriði messunnar. Það er bæn sem er þrungin tilfinningum og sálarorku, við biðjum „Drottinn miskunna þú oss“. Kyriebænin veur upp eitt og annað sem okkur liggur á hjarta, við leggjumst í duftið frammi fyrir Guði vegna þess sem íþyngir okkur – en bænin veur einnig dálitlar efasemdir.
- Á svipaðan hátt er því farið með fyrirbæninna: Gerðu þér í hugalund að fólkíð sem beðið er fyrir gæti einnig hlustað á bæninna; og þú fengið það tækifæri að reyna í síðasta skipti að hafa áhrif á Guð. Þannig eru „aðstæður“ fyrirbænarinnar. Í því sambandi skiptir ekki svo miklu máli að orða vandann sjálfan og afhjúpa hann. Hvernig sem lífi okkar er háttað getum við lagt það fram fyrir Guð – af því að það er okkur mikilvægt. (Í þessu samhengi er stundum bent á að við þurfum ekki að „upplýsa Guð“, við ættum að einbeita okkur að viðeigandi bænum. Rétt eins og Guð væri minna upplýstur um það sem væri okkur fyrir bestu. Hvers vegna ættum við að segja honum frá? Hann „þarfnast“ ekki bæna okkar til þess að fá upplýsingar. En mennirnir þarfnast þeirra. Þess vegna snúa þeir sér til Guðs, til þess að sýna umhyggjuhlíðina á eigin lífi. Við leggjum fram fyrir hann hvernig hlutirnir eru; jafnvel þótt það liggja allt saman fyrir.)

Loks vildi ég koma inn á blessunina, þ.e.a.s. blessunina í messunni. Samkvæmt fornum skilningi á blessuninni leysir hún orku úr læðingi. Blessun vísar til samþjöppunar á kröftum, þeir beinast í ákveðna átt og þess er vænst að blessunin verði hinum blessaða eða blessuðu til góðs. Blessun er þannig ákveðið form til að breyta heiminum, þar sem gripið er með vissum hætti inn í gang mála.

### *3.3 Rósemi tilvistarinnar. Dulhyggjuhlíðin á andlegri göfgi*

Þriðji þátturinn í þessu efni, og varðar söfnuðinn, er rósemi sem ávinnst fyrir hina andlegu göfgi. Rósemi er leiðin til þess að bjarga manningum frá tortímingu þar sem sífelld sjálfsskoduð er annars vegar en takmarkalaus umhyggja hins vegar. Ef til vill mætti segja sem svo: Rósemi er frelsi af annarri gráðu þegar litið er til afstöðu mannsins til sjálfs sín en ást af annarri gráðu þegar litið er til umhyggjunnar fyrir öðrum. Í rósemi lífsins ber því að skilja frelsi og ást sem gefnar forsendur fyrir því að lífa en skilyrðin eru hvorki réttar ákvarðanir né ákveðið magn af umhyggju af okkar hálfu. Rósemi felst í því að láta hlutina vera eins og þeir eru, láta náungann vera eins og hann er – rétt eins og dulhyggju- maðurinn Meister Eckhart skilur þetta – einnig Guð; láta hann vera eins og hann er. Það eru einmitt sjálfsskilningur sem veitir innsæi og eindregin umhyggja einnig, þau gera það nauðsynlegt að láta hlutina vera eins og þeir eru andspænis því sem náðst hefur. Þess vegna hefur söfnuðurinn til afnota tíma og rými þar sem einstaklingurinn getur einfaldlega verið. Tími og rúm, þar sem einstaklingurinn er öruggur, varinn fyrir áreiti og ekki

stjórnað, tilvist hans er ekki dregin í efa og hann er ekki heldur hvattur til þátttöku, hér er stund og staður þar sem hann getur einfaldlega verið og áttað sig.

Hér eiga ákveðin form hugleiðslunnar heima, stillingin, kyrrðin, aðgerðarleysið. Í þessu skyni eru kirkjur opnar hversdags, meðvituð virðing presta fyrir rýminu, hinn mikli sjóður sígildra listaverka í mörgum kirkjum, kyrrðarstundir í hádeginu með lágmarkshelgisíðum og tilboð um uppbyggilega samveru af einu eða öðru tagi.

Guðsþjónusturnar skipta einnig miklu máli í þessu efni, þær dýpka vitund okkar um kristna andlega göfgun og einnig að því er rýmið varðar, rými aðgerðarleysis sem vekja rósemi og dýpka vitund okkar um tilvistina og styðja einstaklinginn til þess að komast áleiðis í eigin lífi. Þetta hefur afleiðingar á ýmsa þætti helgihaldsins, hvort sem þeir tilheyrta hinu viðtekna eða nýjungum.

Skoðum sérstaklega upphaf guðsþjónustunnar sem er reyndar einn mesti vandamálaþáttur messunnar. Hann einkennist af miklu málæði – a.m.k. meðal mótmælenda – sem umsnýr orðum Lúthers um að koma „orðinu“ í gang í að menn fjölyrða um eitt og annað sem skiptir ekki máli, um upplýsingar, útskýringar og hvatningar. Með þessu hálf-litúrgíska málæði eru kirkjugestir eins og þvingaðir upp að vegg og sú tilfinning kemur upp að Guð eða sáluhjálpin þurfi fyrst á þessu málæði að halda. En í reynd er allt þarna sem við þurfum, spurningin er hvar við erum sjálf, hvort við sjálf erum til staðar í raun og veru.

Að gefa róseminni meira svigrúm í guðsþjónustunni merkir að gefa einstaklingnum – og það er mjög lútherskt – tækifæri til að vera án tilgangs á staðnum. Einmitt hinn sjálfsgagnrýni og ábyrgi trúmaður fær hér tækifæri til þess að vera andspænis því sem er og andspænis því sem maður sjálfur er eða ekki.

Í þessu samhengi má einnig minna á það að guðsþjónustan þekkir samskiptaform sem gera nafnleysi og fjarlægð möguleg.<sup>29</sup> Milli heilsunar og blessunar opnar hún margvísleg samskiptatengsl.

Fyrir andrúmfloftið í guðsþjónustunni skiptir það miklu máli hvort maður tekur þátt í henni með það í huga að ná einhverju takmarki eða hvort söfnuðurinn fær þau skilaboð að við getum verið viðstödd sjálf, haldið upp á okkar eigin tilvist, sambönd, trú og stutt hvort annað hér og nú til þess að leyfa okkur að vera það sem við erum.

Með þennan bakgrunn í huga mætti einnig tala um aðra þætti messunnar. Hvað tónlistina varðar: Orgelleikur í upphafi og við lok messu þarf ekki endilega að vera voldugur og mikill. Það getur að vísu vakið addáun einstaklingsins eða glatt hann í fagurfræðilegum skilningi en það gerir hann einnig smáan. Andspænis kvöldmáltíðarsakramentinu og sameiginlegri máltíð er heilög kvöldmáltíð bæði af guðfræðilegum og mannfræðilegum ástæðum sérlega vel til þess fallin að styrkja vidd róseminnar. Þar er fyrir öllu og öllum séð. Við setjumst til borðs án þess að gera okkur sjálf að meginatriði. Við leyfum öðrum að vera það sem þeir eru. Kvöldmáltíðinni tengist alltof oft sjálfsskoðun og sjálfsgagnrýni (iðrun, syndajátning) eða fórnarhugsun þar sem umhyggjan er sett á oddinn.

<sup>29</sup> Sbr. Klaus Raschzok: Gefragt, nötig, präsent. Zur Diskussion um den Pfarrerberuf, in: Korrespondenzblatt des Pfarrerrinnen- und Pfarrervereins in der Ev.-Luth. Kirche in Bayern, 123. Jhg., Nr. 6/2008, 81-91, 86.

Ég dreg saman: Með hliðsjón af þýðingu nefndra hliða á kristinni andlegri göfgi ættum við að búast við guðsþjónustu sem

- opnar vídd hinnar gagnrýnu fjarlægðar frá hinu hversdagslega en opnar jafnframt leiðina til eigin lífs,
- hvetur til forvitni um aðra og opnar leiðina inn í hið hversdagslega,
- ræktar reynslu róseminnar og áhyggjuleysis trúarinnar.

*Þýðing: Gunnar Kristjánsson*

Wilfried Engemann:

# Prédikunarundirbúningur og prédikunargreining í hópi

## I. hluti: Undirbúningur einstaklings Þróun prédikunarhugmyndar í þríþættu samspili

Sú manneskja, sem síðar á að flytja prédikun, stendur frammi fyrir því verkefni að nálgast prédikunina á grundvelli *ritskýringar, sjálfskilnings og aðstæðugreiningar* og verður þá að takast á við þau vandamál sem koma í ljós. Í því efni ætti að vera nokkur hjálp í því sem hér kemur á eftir.

### 1. Unnið með textaskilninginn

Við greiningu og túlkun textans snýst málið um merkingarfræðilega greiningu hugtaka, myndir, myndlíkingar og byggingu textans. Sú spurning er leiðandi „hvað“ textinn merkir í heild sinni, hvaða guðfræði býr að baki honum, hvaða mannlegir grunnþættir eða mannleg reynsla kemur þar fyrir og hvað það segir að þessi texti er yfirleitt til.

Í þessu sambandi gætu eftirfarandi *leiðsöguspurningar* komið að gagni:

- Hvaða hugmynd býr að baki textanum?
- Hvernig gæti andstæð hugmynd verið?
- Hvernig mætti umorða merkingu textans?
- Hvaða guðshugmynd og hvaða mannsímynd einkenna textann?
- Hvað segir textinn um höfundinn?
- Hvaða getum við vitað af textanum um þá sem hann var skrifaður fyrir?
- Hvaða framsetningarsvið má greina í textanum?
  - Hvaða tákni úr tungumálinu (hugtök, athugasemdir, samhengi o.s.frv.) vísa til hins sögulega baksviðs textans?
  - Um hvað fjallar frásagnarheimurinn?
  - Er innan frásagnarheimsins að finna skáldskap eða sýnir sem vísa út fyrir frásögnina og gefa til kynna einhvern raunverulegan heim?

*Með hliðsjón af prédikunarundirbúningi:*

- Hvað merkir miðlun textans fyrir prédikunina?
- Hvaða boðskap, hvaða andmæli, hvaða afstöðu krefur textinn mig um, felur hann mér, gefur hann mér kost á?
- Hvað merkir það fyrir prédikunina ef ég geri sjálfan mig að verjanda og talsmanni textans?

## 2. Úrvinnsla aðstæðnanna með ákveðið sjónarhorn í huga

Nú koma til skjalanna ákveðnir þættir sem tengjast aðstæðum: Umfjöllunarefni og reynsla. Með þetta baksvið í huga, félagsmenningarlegt samhengi sem prédikunin verður flutt í spyrjum við um tákni (aftur hugtök, myndir, myndlíkingar, orðræðu, uppbyggingu o.s.frv.) sem hefðu getað átt erindi inn í textann núna. Í því sambandi reynum við að hitta á samsvaranir í reynslu eða vandamálum sem áttu við upphaflegar aðstæður textans þá. Það gerir kröfur um að prédikarinn geti lesið samtíma sinn (á persónulega sviðinu, fjölskyldusviðinu, félagslega, sambúðarlega o.s.frv.), skoðað þessa þætti og haft þá í huga.

*Leiðandi spurningar hér getu verið:*

- Eru tengsl milli „aðstæðna þá“ og líklegra eða trúverðugra aðstæðna nú?
- Eru einhverjar aðstæður hugsanlegar þar sem kjarni textans virðist eiga vel við?
- Hvaða reynslu sóknarbarna / samfélagsins get ég gert ráð fyrir ef ég reyni að vinna með inntak textans (eins og ég hef þá þegar gert) og gera hann raunhæfan fyrir samtímann?
- Hvaða tjáning í orðum, myndum eða atvikum kemur fyrir í samtímanum sem er samsvarandi við aðstæður, „Sitz im Leben“, upprunalega textans?
- Hvernig er unnt að koma orðum að þeirri reynslu sem ég vildi lýsa í samfélagi nútímans, í mínum eigin samböndum, mínu persónulega lífi? Í hvaða táknum, sögum, atvikum o.s.frv. kemur sú reynsla fyrir?

*Með hliðsjón af prédikunarundirbúningi:*

- Hverju gæti prédikun mín komið til leiðar með hliðsjón af þeim aðstæðum sem ég lýsi?
- Hvaða leshætti (e. *codes*) um lífið, um Guð, ákveðna reynslu o.s.frv. ætti hún að staðfesta eða setja spurningarmerki við?
- Með hvaða hætti ætti gildi prédikunarinnar að koma fram andspærnis þeim aðstæðum sem ég hef þegar skilgreint?

## 3. Sjálfsskilningur með hliðsjón af texta og aðstæðum

Með skrefi 2 var sett á blað eitt og annað sem tengist persónu okkar: Þar eru varúðar- og leiðbeiningarskilti úr eigin minningasjóði, okkar eigin neyðarbjöllur, hugsanlega sá ótti og þær óskir sem fylgja okkur – allt þetta skilyrðir lestur okkar og skilning á textum. Þannig tákni eru tilfinningar eins og gremja eða andúð, reiði eða skyndilegur brennandi áhugi sem gæti gefið textanum, sem við erum að fást við, sérstaka merkingu.

*Nokkrar leiðandi spurningar:*

- Hvaða upplýsingar í textanum finnast mér við fyrsta lestur sérlega áhugaverðar? Get ég útskýrt hvers vegna?
- Hvaða viðhorfi í textanum vildi ég helst horfa fram hjá þegar í stað?
- Get ég tengt þessa jákvæðu eða neikvæðu afstöðu við eitthvað í mínum eigin persónuleika? Hvað finnst mér af persónulegum ástæðum erfitt að tjá mig um, jafnvel þótt mér sé það meðvitað?

- Óháð textanum: Eru einhverjir erfiðleikar í lífi mínu núna sem íþyngja mér? Hef ég áþreifanlegar hugmyndir eða óskir um hvernig þá megi fara til betri vegar? Get ég tengt þær hugmyndir einhverju sem felst í textanum?

*Með hliðsjón af prédikuninni:*

- Get ég vísað til persónulegrar reynslu minnar í þágu þess boðskapar sem textinn flytur?
- Með hvaða hætti get ég sagt „ég“ til þess að sýna að það sem textinn boðar skiptir sjálfan mig máli?

Þeirri heimavinnu með textann sem fylgir í framhaldinu, og aðstæður eigin persónu, lýkur með u.þ.b. 30 mínútna skýrslu sem flutt er á námskeiðinu, tilgangurinn er einkum að setja helstu atriði undirbúningsins í brennipunkt, greina vandamál og setja fram allnákvæmar spurningar til frekari úrvinnslu.

## II. hluti: Umfjöllun um prédikunina í hópi

### 1. Skýrsla um vandamál prédikunarundirbúnings

Í skýrslunni koma fram upplýsingar og spurningar sem hafa vaknað með þeim sem taka þátt í námskeiðinu og þeir halda því öllu til haga með þessum hætti. Vandinn sem málið snýst um er þetta: Eftir að þátttakandinn hefur unnið í ritskýringu og kannað til hlítar það sem þar er að finna um textann, og þá ekki hvað síst tilganginn með textanum, markmiðið með ritun hans – eftir þetta hefur þátttakandinn einbeitt sér að umhverfi áheyr-endanna og gert fyrstu tilraun til að leiða saman texta og aðstæður þeirra sem takast á við textann núna. Hann þarf sem sagt að samræma þetta „þá“ og „nú“ í einni ræðu.

#### *1.1 Stutt umfjöllun um niðurstöður á textarannsókn (tengist I 1)*

Hér skipta upplýsingar úr ritskýringum um textann litlu máli, áherslan er á heildarskilning á textanum. Textinn sjálfur þarf að koma til umræðu. Þar gildir að marka honum guðfræðilega stöðu og ákvarða tilganginn með honum, umhverfi hans og megininntak.

Í því sambandi hjálpa setningaupphöf eins og:

„Greinilegt er af textanum að maðurinn ...“

„Textinn reynir að koma þeirri sannfæringu til lesandans að Guð ...“

„Textinn fjallar um þá reynslu að ...“

„Hvaða tilfinning er sterkust í textanum? Hvaða tilfinning hefur skapað textann?“

Það hjálpar við að flytja boðskap „þaðan og þá“ „hingað og nú“ að spyrja um reynslukjarnann, hvað það var sem hreyfði við manningum (höfundu og þeim sem textinn var stílaður á) í fortíðinni og hvað tengist jafnframt fólki hér og nú til þess að ná að greina fastar mannfræðilegar stærðir sem áður er fjallað um.

#### *1.2 Snertipunktur og andstæður í reynslunni nú og þá*

Skýrslan fjallar nú um þá snertipunkta og andstæður milli reynslunnar sem liggur að baki textanum og lífsreynslunni hér og nú, eða með öðrum orðum hinni félagslegu greiningu.

- Í því sambandi er gott að grípa til texta að eigin vali úr nútímanum til viðbótar eða samanburðar við biblíutextann, það gæti verið frásögn eða smásaga, menningarfræði-

legt fræðirit eða dagblaðsgrein. Með því gæti skýrslugjafinn varpað ljósi á þá reynslu sem biblíutextinn fjallar um.

- Þessu skrefi fylgir einnig það verkefni að skoða sjálfvalda prédikun sem hefur verið prentuð og lýsa hvernig þar er fengist við sama texta, einkum með hliðsjón af samanburði á reynslu mannsins þá og nú. Hér er um að ræða „hómiletíska lausn“ annars prédikara sem skýrslugjafinn tekst á við og vegur og metur – annað hvort vegna þess að hann er sáttur við þá lausn, hrífst jafnvel af henni eða vegna þess að hann telur hana ekki standast.

### 1.3 Guðfræðileg skýring

Hér bætist við guðfræðileg skýring sem skoðar guðfræðina með hliðsjón af mannfræðilegum, sköpunarguðfræðilegum, hjálpræðissögulegum og jafnvel fleiri líkönnum. Tilgangurinn með því er að dýpka hina guðfræðilegu umræðu og guðfræðilegar forsendur fyrir prédikuninni, einkum með hliðsjón af snertipunktum og andstæðum milli hins líðna og líðandi stundar. Skýrslan notast hér við þessar leiðsöguspurningar:

- Hvaða guðfræðilegt innsæi er miðlægt fyrir textann? Hugsanlega mætti einnig bæta við þeirri prédikun sem verið er að semja.
- Hvaða guðfræðileg rök styðja þennan skilning?
- Að hve miklu leyti gagnast guðfræðilega röksemdafærslan fyrir túlkunarfræðilega miðlun milli texta og aðstæðna?
- Að hve miklu leyti getur textinn gagnast til þess að setja vandamál úr samtímanum á oddinn? Hvað í textanum er „eins og skrifað fyrir okkar tíma“?
- Hvað „þyngir“ prédikuninni út frá þessum texta, guðfræðilega séð? Er hætta á einhverjum guðfræðilegum misskilningi?
- Inn í hvaða vandamál úr samtímanum talar textinn og gerir prédikun af þeim sökum auðveldar?

### 1.4 Hugleiðingar um prédikunarundirbúning og prédikunarfræðilegar kröfur

Í framhaldi af þessu er komið að fyrstu hugsunum um að semja prédikun og spurningar vakna um hvernig best verði að verki staðið. Í því sambandi eru þessar leiðsöguspurningar hjálplegar:

- Fyrir hvaða fólk ætla ég að prédika út frá þessum texta?
- Hvað er það sem mig langar til að koma til skila með prédikuninni?
- Hvaða afstöðu og breytni langar mig til þess að prédikunin leiði til?
- Til hvers er ég að prédika? Hvert er markmiðið með prédikun minni – sett fram með hliðsjón af trú, hugsun og breytni sóknarbarna?
- Hvaða megintilfinning vil ég að komist til skila með prédikuninni?
- Með hvaða prédikunarfræðilegum skilningi get ég vænst þess að ná markmiði mínu?

### 1.5 Önnur vandamál og opnar spurningar

Loks ber að hafa í huga spurningar og vandamál sem ekki er tekið á í því sem að ofan er fjallað um. Þar getur verið um að ræða víðeigandi myndir, samanburð við eitt og annað og dæmi sem þjóna samskiptamarkmiði prédikunarinnar. Hér ber einnig að nefna hugs-

anlegan efa um að efnið, sem fyrirhugað er í væntanlegri prédikun, eigi við og sé nægjanlega trúverðugt. Einnig mætti hugleiða samræmi í guðsþjónustunni í heild.

Eftir slíkar umræður hefur þátttakandinn í námskeiðinu tækifæri til að endurskoða og velta enn betur fyrir sér prédikuninni, hugsanlega að endurskipuleggja hana, breyta áherslum og vinna betur að því að greina kjarna málsins.

## 2. Prédikunarflutningur

Í prédikunarflutningi er lögð áhersla á að upphaf og endir prédikunarinnar (heilsun u.þ.b. fyrstu 2 mínúturnar og niðurlag u.þ.b. 2 mínútur) og – frá sjónarmiði prédikarans – meginefni prédikunarinnar sé flutt blaðlaust. Með þeim hætti verða áherslur prédikarans greinilegri en ella, af þeirri ástæðu er lögð áhersla á að prédikunin sé ekki lesin af blaði.

## 3. Umræða um prédikunina

Eftirfarandi form fyrir prédikunarumræðu tengir óundirbúin viðbrögð hópsins, undirbúin viðbrögð „talsmanna“ ákveðinna prédikunarfræðilegra spurninga og djúpar spurningar um guðfræði, boðskap og verkun prédikunarinnar.

### 3.1 Viðbrögð um innihald og boðskipti

Eftir að hópurinn hefur hlustað á prédikunina felst fyrsti þáttur umræðunnar um prédikunina í því að nýta sér hópinn og það er gert með því að biðja þá sem í honum eru um viðbrögð sem varða einkum innihald og samskipti í hinni nýfluttu prédikun. Áheyrendur eru beðnir um að sýna viðbrögð í stuttum athugasemdum um innihaldið og einnig um að lýsa eigin tilfinningaviðbrögðum.

*Leiðarspurningar um innihaldið:*

- Hvað sagði prédikunin mér?
- Hver var að mínum skilningi kjarni málsins í prédikuninni?
- Hvað skýrði prédikunin?
- Hvaða yfirskrift hefði hæft þessari prédikun?

*Leiðarspurningar um samskipti:*

- Hvernig upplifði ég samskiptabáttinn?
- Hvaða tilfinningar gerðu vart við sig með mér?
- Hvernig upplifði ég prédikarann? Hvers konar manneskja var hann?
- Hvers konar tilfinningaástand leiddi prédikunin mig í?

Stuttar athugasemdir eru síðan lesnar hver á fætur annarri og samþykkt að þátttakendur vísi ekki til þess sem þegar hefur verið sagt í eigin athugasemdum eða ræði það frekar. Ef einhverjar frekari spurningar koma fram eru þær teknar niður og ræddar undir lokin. Prédikarinn sjálfur bregst ekki við athugasemdum.

### 3.2 Varnarræður talsmannanna

Viku fyrir flutning prédikunarinnar fá fjórir þátttakendur handritið af prédikuninni í hendur og hafa það hlutverk með höndum að skrifa eins konar varnarræðu, 5–10 mínútur, sem á að gæta „hagsmuna“ prédikarans, textans (þ.e.a.s. guðfræðinnar), aðstæðna (þ.e.a.s. áheyrenda) og tungumálsins.

Í þessum varnarræðum snýst málið um að meta prédikunina út frá nefndum viðhorfum og jafnvel að óska frekari skýringa ef þörf er talin á. Talsmennirnir þurfa að horfa til persónu, texta og aðstæðna og gæta þess að þeirra sjónarmiða og „hagsmuna“ sé gætt og viðeigandi orðalag notað í þessum athugasemdum.

#### 3.2.1 Talsmaður áheyrenda

Talsmaður aðstæðna á að fjalla um það hvort hagsmuna áheyrenda hafi verið gætt, hvort gengið hafi verið út frá trúverðugri greiningu á aðstæðum þeirra, vandamálum fólks sem nú er uppi – hvort raunveruleikinn hér og nú hafi verið rétt fram settur.

*Nokkrar leiðarspurningar:*

- Kemur raunveruleiki líðandi stundar fyrir í prédikuninni eða er heldur að finna þar eitthvað sem kalla mætti „kirkjulegar klisjur“ um veruleikann?
- Um hvaða grundvallarvandamál snerist prédikunin?
- Að hve miklu leyti er það vandamál mikilvægt?
- Að hve miklu leyti mætti segja að prédikunin hafi „þjónað lífinu“?
- Hvaða þættir úr lífi mannsins – út frá sjónarmiði „evangelískrar kristni“ – voru dregnir upp í prédikuninni?
- Mætti segja að prédikunin hafi verið í anda sálgæslunnar?
- Vék hún að pólitískum málum?
- Hvar og með hvaða hætti hefði prédikunin getað fjallað enn betur um veruleika fólks hér og nú?
- Finnst þér að þú sem manneskja og kristin manneskja hafir verið tekin alvarlega?
- Hvaða mynd hefur prédikarinn af áheyrendum sínum? Sérð þú sjálfan þig í þeirri mynd?

Nálægð veruleika lifandi lífs hér og nú er ein mikilvægasta forsendan fyrir prédikun sem nær sambandi við fólk. Sömuleiðis er í henni að finna meginstefnuna sem prédikuninni er mörkuð þegar á heildina er litið. Í kristinni trúarhefð eru fyrirheitin ekki innantómar kenningar, heldur er þeim ávallt ætlað að hafa áhrif á viðhorf og breytni fólks við tilgreindar aðstæður.

#### 3.2.2 Talsmaður prédikarans

Talsmaður prédikarans á að draga fram hvernig persóna hans kemur fram í prédikuninni. Talsmanni prédikarans er ætlað að greina og meta að hve miklu leyti persóna hans passar við það sem hann segir og þau viðhorf sem koma fram og hvort hann telur að prédikuninni ætti að breyta með hliðsjón af þessu.

#### *Nokkrar leiðsöguspurningar:*

- Er prédikarinn sem persóna nægjanlega sýnilegur í prédikuninni?
- Hvernig talar hann um sjálfan sig?
- Hvaða „ég“ er á kreiki í prédikuninni?
- Kemur hann fram sem „vitni“ í hinni guðfræðilegu afstöðu?
- Ef já, í hverju felst þá vitnisburður hans og hvernig kemur hann fram?
- Kemur lífsreynsla prédikarans við sögu í prédikuninni?
- Eykur prédikarinn með trúverðugleika sínum á gjaldi prédikunarinnar?
- Hefur „sýnileiki“ prédikarans með einhverjum hætti gert áheyrendum erfitt fyrir?
- Hvaða embættis- eða hlutverkaskilningur kemur fyrir í prédikuninni?

Þótt handritið gefi ýmsar upplýsingar sem auðvelda svarið við þessum spurningum hefur talsmaður prédikarans þó fleira við að styðjast þar eð hann hlustar á prédikunina og það kann að breyta einu og öðru fyrir mat hans.

#### *3.2.3 Talsmaður textans/guðfræðinnar*

Talsmaður textans/guðfræðinnar hefur því hlutverki að gegna að vega og meta samræmið milli texta og prédikunar. Hann leitar svara við þeirri spurningu að hve miklu leyti það sem sagt er í prédikuninni eigi sér forsendur í textanum.

#### *Nokkrar leiðsöguspurningar um texta og guðfræði:*

- Hvaða guðfræðilega kjarna hefur prédikunin?
- Er þetta miðlæga atriði guðfræðilega trúverðugt?
- Ertu sammála skilningi prédikarans? Gerðu grein fyrir guðfræðilegu samþykki þínu eða andstöðu.
- Er hugsanlegt að orða megininntakið í anda siðbótarguðfræðinnar?
- Er tekin einhver guðfræðileg áhætta í prédikuninni, þ.e.a.s. kemur guðfræðingurinn fram með ástríðufullum hætti eða styðst hann einungis við löngu mótaðar skoðanir trúfræðinga?
- Hvernig metur þú sambandið milli „lögmáls og fagnaðarerindis“ í prédikuninni?
- Eru „móralíserandi“ viðhorf í prédikuninni?
- Er siðfræðileg stefna í prédikuninni? Ef svo er, hver þá?
- Er kristsfræðilegt einkenni á prédikuninni?

#### *Nokkrar leiðsöguspurningar um prédikarann:*

- Hefur textinn í prédikuninni eigið vægi – t.d. andspænis reynslu prédikarans eða almennri reynslu?
- Hefur prédikarinn nýtt sér öll svið textans í prédikuninni?
- Hvernig er samræmið á milli þeirra dæma sem prédikarinn tekur úr daglegu lífi samtímans og þess sem er að finna í textanum?
- Hvernig er samræmið á milli texta og prédikunar? Hefur textinn einkum upplýsandi hlutverki að gegna eða kemur hann fram sem andstaða eða árekstur við eitthvað? Staðfestir hann prédikunina (þ.e.a.s. prédikarann) eða er hann framandi í henni?
- Visar prédikunin guðfræðilega aðeins á einn texta eða á vitnisburð Ritningarinnar í heild?

Tenging prédikunar og texta er flókið ferli sem ekki hefur verið rakið hér til hlítar, svo margir þættir koma þar við sögu. Á það ber að leggja áherslu að þetta ferli sem hér er lýst hefur ekki þann tilgang að meta kenningu prédikunarinnar eftir kenningu textans. Hér er miklu heldur um það að ræða að gera þátttakendur meðvitaða um guðfræðilegar ígrundanir og ákvarðanir sem brýnt er að fást við þegar unnið er að undirbúningi prédikunar.

### 3.2.4 Talsmaður tungumálsins

Sá sem prédikar beitir tungumálinu sem miðli, þar sem hann kemur til skila merkingu, lýsir atvikum og hefur áhrif – og þar sem hann býr til ákveðinn veruleika. Talsmaður tungumálsins verður því að gæta að því hvort innihald prédikunarinnar sé tjáð með viðeigandi tungutaki, hvort tjáningin sé skýr, hvort orðræðan sé trúverðug, hvort samanburður sé ávallt sannfærandi og hvort röksemdafærslan standist.

*Nokkrar leiðsöguspurningar:*

- Er tungutakið fjölbreytt eða er einn tjáningarmáti ríkjandi?
- Hvað merkir það fyrir áhrif prédikunarinnar?
- Hvaða orðræðu er saknað í prédikuninni, kemur of lítið fyrir eða skortir með öllu? Hvað merkir það fyrir viðtöku áheyrenda?
- Er þess gætt að viðeigandi orðalag sé notað til þess að ná þeirri verkun sem textanum er ætlað að ná? (Dæmi: Sá sem gefur fyrirheit um eitthvað verður að hafa eitthvað fyrir augum í framtíðinni; eflíkur eru leiddar að einhverju verður niðurstaða að koma í framhaldi; þar sem eitthvað er leyft verður að gera ráð fyrir einhverju virku banni o.s.frv.).
- Er þess gætt að halda áhuga áheyrenda vakandi með viðeigandi tjáningarmöguleikum tungumálsins?
- Er prédikunin einnig merki? Hvetur hún til ákveðinnar breyttni, jafnvel ákveðinna aðgerða?

Þessar varnarræður fella enga dóma yfir prédikuninni og alls ekki yfir prédikaranum, heldur koma þær að nokkru leyti með framandi sjónarmið inn í myndina með það í huga að þau mætti nota í prédikuninni. Það leysir prédikarann undan þeirri kvöð að verða að verja sjálfan sig eða prédikun sína frammi fyrir hópnum.

Eftir varnarræðurnar er prédikarinn beðinn um að tjá sig sjálfur um prédikun sína og skýra það sem honum bjó efst í huga og að hverju hann stefndi.

*Þýðandi: Gunnar Kristjánsson*

Wilfried Engemann:

# Vinnustofa í prédikun

## Frelsi og kærleikur sem trúarreynsla? Prédikun í þjónustu ástríðufulls lífs

### Prédikunardæmi

#### *Formálsorð*

1. Fyrir þessa vinnustofu voru af ásettu ráði valdar þrjár prédikanir sem eru líkar hvað varðar rökfærslu. Þær eru í samræmi við markmið fyrirlestranna og er þeim ætlað að skýra innihald þeirra. (Þessar prédikanir voru fluttar í tveimur ólíkum sóknum og því var ekki um endurtekið efni að ræða fyrir áheyrendur).
2. Fyrsta og önnur prédikun fjalla um efni fyrirlestranna með beinum hætti (lífstilfinning, ást og frelsi sem trúarvidd). Þriðja prédikun fjallar efnislega um framlag trúarinnar til ástríðu lífsins.
3. Lengd prédikananna er í samræmi við tilefni þeirra:  
Fyrsta prédikun var flutt í samhengi „Borgarprédikana í Münster“ en þar skipar prédikunin öndvegi (Birt hér). Henni er ætlað að ná til hinnar menntuðu borgarastéttar. Önnur prédikun var flutt á Jóhannesardegi (Jónsmessu) í guðsþjónustu í háskólanum þar sem lítill áhersla var lögð á litúrgíuna, megináherslan var á hugsun og íhugun. Þriðja prédikun var haldin við skólasetningu í háskólanum samkvæmt guðsþjónustuformi II þar sem prédikunin fékk meira rými en venja er.
4. Engar yfirskriftir eru lesnar við flutninginn. Þeim er einungis ætlað að skipta textanum í einingar.

### Prédikun

Ástríðufullt líf. Um merkingu trúarinnar fyrir lífstilfinningu okkar

Texti: Jóhannes 4.1–42

#### 1. Inngangur: Að trúa – góð tilfinning fyrir líf okkar

Spurningin sem við mætum oftast er spurningin um velferð okkar. Hvar sem fólk hittist og heilsast virðist vera tími fyrir hina mikilvægu spurningu: „Hvernig hefur þú það?“

Þessi spurning snertir ekki einungis heilsu okkar og daglegt líf, heldur lífstilfinningu okkar almennt. Þetta er grunntilfinningin sem stjórnar því hvað okkur finnst um lífið, hvort

við metum það mikils eða hvort okkur stendur á sama. Hvort við lifum ástríðufullu lífi eða hvort við sjáum okkur eins og í framandi heimi rétt eins og við værum gestir í lífinu. Lífstílfíningin skiptir meginmáli þegar við leggjum mat á líf okkar. Hún er á vissan hátt tilfíningaleg samantekt á tilverunni. Hvort okkur finnst tilveran góð eða slæm birtist í lífstílfíningunni.

Þess vegna stendur okkur ekki á sama um lífstílfíninguna. Öðru nær: Allt sem við gerum og látum ógert, allt sem gerist með eða án þátttöku okkar, á að hafa jákvæð áhrif á lífstílfíninguna. Það byggist á því að við gerum mjög gjarnan það sem við gerum, einnig vegna þess að það er í samræmi við okkar eigin vilja, við gerum hlutina af kærleika og ástríðu – í öllu falli ekki gegn betri vitund eða sannfæringu eða af ótta. Við vitum að þá mundi lífstílfíningu okkar hraka til muna.

Það er engin tilviljun að spurningin um velferð er áberandi í samskiptahefðum okkar, jafnvel þótt við gerum sjaldnast ráð fyrir nákvæmum lýsingum á augnabliksástandi viðmælandans þegar við spyrjum: „Hvernig hefur þú það?“ Þvert á móti. Það kemur okkur mjög á óvart þegar einhver tekur spurninguna alvarlega og notar tækifærið til að tjá sig.

„Hvernig vegnar þér í lífinu?“ Þessi spurning hefur að vissu leyti þolmyndarmerkingu: „Hvernig hefur þú það?“ Spurningin hljómar þannig að ætla má að líf okkar sé stundum svona og stundum hinsegin vegna þess að *okkur líður* stundum svona og stundum hinsegin. „C'est la vie“ segja menn í Frakklandi. „Þetta er lífið!“ Það kemur eins og það kemur. En lífstílfíning okkar er enginn lottóvinningur. Hún byggist að miklu leyti á sjálfum okkur – til dæmis á því hvernig við bregðumst við tilteknum aðstæðum eða getum látið okkur líða vel, jafnvel í fangelsi þar sem sumir finna fyrir frelsi og kærleika – eins og sjá má af bréfi Páls postula til Filippímanna eða bréfum Rósu Luxemborg úr fangelsinu.

Nú gæti einhver sagt: Rósa og Páll áttu sína trú. En svo einfalt er það ekki. Ekki geta allir fullryrt sem segjast trúa að þeir elski lífið eða hafi góða lífstílfíningu. Oft virðist trúin – í ljósi betra lífs sem síðar kom – vera nokkurs konar vonaruppbot fyrir neikvæða reynslu í núinu.

Það virðist hafa mikið gildi fyrir tilfíninguna um tilvist okkar – að svo miklu leyti sem við hugsum um trúna – hvort við tileinkum okkur trú sem styður okkur í því að lifa ástríðufullu lífi eða hvort við státum af trú sem afmarkast af því að við álitum fremur ólíklegar kennisetningar líklegar. Þessar kennisetningar hafa lítið sem ekkert gildi fyrir lífstílfíningu okkar, þær geta jafnvel valdið henni skaða.

Í trúar- og guðfræðisögu kristindómsins komu aftur og aftur upp tímabil þar sem kjarni trúarinnar var talinn felast í því að halda fast í sannfæringu og sannindi. En Biblían fjallar á mun fjölbreyttari hátt um trúna. Hún lýsir henni þannig að trúin sjálf hafi aldrei verið markmið í sjálfu sér eða hugmyndafræðileg séreign tiltekkins trúarhóps. Trúin snýst ekki um að rækta hina hinstu eða eilífu sannfæringu sem fólk hefur til að afmarka sig frá öðrum sem ekki eru eins sannfærðir. Trúin þjónar ávallt lífinu hér og nú. Hún er tæki að tilteknu markmiði. Henni er ætlað að styðja manneskjuna í því að tileinka sér frelsi og gera hana færa um að veita og taka á móti kærleika. Trúin á að styðja fólk í því að auðga góða tilfíningu fyrir lífinu, helga sig því gjörsamlega, elska lífið og lifa lífinu án hræðslu og ótta.

Í þessum tilgangi er okkur sögð athyglisverð saga í fjórða kapitula Jóhannesarguðspjalls.

## 2. Samtal um afturhvarf til lífsins

Hér segir frá því að Jesús er á heimleið frá Júdeu til Galíleu og kemur ásamt lærisveinum sínum um hádegisbil í nágrenni samversku borgarinnar Síkar (nálægt borginni Nablús nútímans). Hann sest örþreyttur við Jakobsbrunn rétt fyrir utan borgarhliðið. Á meðan lærisveinarnir eru staddir inn í borginni að kaupa matvæli kemur kona nokkur að sækja vatn í brunninn. Á þessum heitasta tíma dagsins sækir yfirleitt enginn vatn í brunninn, nema hann vilji fá að vera í friði og ekki hitta neinn. Konan hefur sínar ástæður. Líf hennar hefur farið annan veg en hún ætlaði, henni er það óþægilegt: Hún er ekki lengur húsmóðir á eigin heimili. Aðrir hafa notfært sér hana og tilvera hennar mótast af hlutverki hjákonu, ástkonu og allrahandu konu – allt í einni persónu.

En nú situr þarna einhver sem reynir að fá hana til að tala við sig. Af hverju heldur hann sér ekki saman? Nú voru samskipti Gyðinga og Samverja eitruð; var ekki hægt að láta þar við sitja? Af hverju brýtur þessi maður boð og bönn og biður þar að auki um vatn? Samverska konan spyr sjálfa sig og síðan viðmælandann. Jesús svarar á óræðinn hátt: „Það snýst ekki aðeins um drykkjarvatn að við tvö tölum hér saman. Mitt markmið er að fólk farist ekki af lífsþorsta, að það neiti sér ekki um þá svölun sem tengist frelsi og kærleika. Það sem meira er: Ég er sannfærður um að þú ert manneskja sem getur miðlað öðrum af lífsvatninu og sjálf haft af því lífsgleði. Hefur þú áhuga?“

Þetta minnir á það sem gerðist á þessum stað um það bil 1750 árum fyrr þegar Jakob leitaði sér eiginkonu. Þá kom einnig kona að brunninum og ókunnugur maður ávarpaði hana. Umræðuefnið var einnig frelsi og kærleikur. „Viltu“! hljómar í eyrum hennar. Auðvitað vill hún. En í stað þess að gefa frekari vísbendingar biður Jesús hana að sækja eiginmann sinn. En það veldur henni vanda því fleiri en einn maður koma til greina. Og hvað á þessi spurning að þýða? Konan heldur að eitthvað sé að í trúarlífi hennar og spyr því hikandi hvort aðgangur að lífsins vatni og réttu trúarlífi sé bundinn tilteknum helgistöðum. Jesús neitar því og segir: „Þeir skipta engu máli, trú þín þarf að mótast af anda frelsis og kærleika. Þess vegna minnti ég þig á mennina þína, ánauð þína, skort á kærleika og daufa lífstilfinningu.“

Áður en samtalinu er lokið áttar konan sig á því að líf hennar hefur tekið breytingum. Hún gleðst yfir því að vera til. Hún horfir til framtíðar og gerir sér grein fyrir því að líf hennar hefur tekið nýja stefnu. Forvitni vaknar. Athyglin sem hún fékk gerir henni gott. Þegar hún fer frá brunninum gengur hún fyrstu skrefin til frelsis. Nú getur hún horfst í augu við sjálfa sig á ný. Sjálfsvirðingin sem var henni glötuð lætur aftur að sér kveða.

Niðurlagið er augljóst: Hún snýr aftur til síns heima. Það merkir: Hamingjan knýr hana. Hún er reiðubúin að lifa lífinu, ganga út á götur og stræti sem sendiboði ástríðufulls lífs. Þegar hún gengur fram hjá nágrönnum sínum kallar hún til þeirra: „Flýtið ykkur! Við brunninn úti fyrir borgarhliðinu situr maður sem opnar skilning á mannlegum trúarbrögðum og trú sem gerir okkur kleift að lifa í frelsi og kærleika. Það hlýtur að vera Kristur!“ Hún veit ekki hvert hún á að hlaupa, hún er yfirfull af gleði og lífslöngun.

### 3. Frelsi og kærleikur sem lífshvati

Hvað gerðist eiginlega? Lífstilfinning samversku konunnar breyttist í grundvallaratriðum. Trú hennar breyttist, svo og skilningur hennar á trúarbrögðum. Í frásögunni af samskiptum samversku konunnar og Jesú er því lýst að trúarbrögð og trú sé lífsins vegna, lífinu er ekki ætlað að þjónusta trúna. Svonefnd sönn trúarbrögð og sönn trú eru sönn vegna þess að þau hjálpa fólki að lifa lífinu, þau halda þeim á lífi, þjóna lífinu. Sönn trú leiðir undantekningarlaust til frelsis og gerir þá sem hana eiga hæfa til að elska.

Guðspjallamaðurinn Jóhannes metur þá trú til jafns við sannleikann af því að þeir sem eiga slíka trú eru verndaðir af henni í frelsi og kærleika. Einungis slík trú er sönn og áþreifanleg. Sannleikur tengist varðveislu og vernd, þess vegna þarf enginn að óttast sannleikann. Og þess vegna þarf konan við brunninn ekki að örvænta þegar hún horfist í augu við sannleikann um sjálfa sig.

Lesi má af frásögunni að þessi sannleikur snúist fyrst og fremst um reynslu af frelsi og kærleika: Það sem mæðir á samversku konunni er annars vegar reynsla áþjánar, hins vegar sú staðreynd að henni hafði verið neitað um kærleika, kærleikurinn hafði verið tekinn frá henni.

Um áþján konunnar má segja eftirfarandi: Lífið sem hún lifir er ekki í samræmi við lífið sem hún óskar sér. Konan er komin inn í lífsaðstæður sem einkennast af áþján – hvort sem það gerðist af ótta, vegna hótana eða til þæginda. Hún segir mönnum sínum eitt-hvað annað en hún hugsar og hún gerir hluti sem hún ætlaði aldrei að gera. Hún ræður ekki lengur för. Líf hennar er orðið henni framandi. Kannski er það erfiðasta form áþjánar sem nokkur manneskja þarf að þola.

Í þessu samhengi má nefna sambönd hennar þar sem hlutirnir höfðu snúist upp í andhverfu sína. Gagnkvæm samskipti, að njóta og veita umhyggju, höfðu brugðist. Kærleikurinn er mikilvægasta uppspretta mannlegs lífs. „Ást“ getur birst í margs konar félagslegri umhyggju þar sem fólk fær athygli og er mikils metið um leið og það veitir öðrum athygli og metur aðra mikils. Í samskiptum við starfsfélaga, vini, fjölskyldu og lífsförunaut. Í lífi konunnar sem gekk um auðar göturnar til að komast að brunninum ríkir einstefna: Hún gefur allt en fær ekkert til baka. Þyngsta sorgin felst í því að hún er hætt að elska og virða sjálfa sig. Í fyrstu spurði hún sig af hverju hún hefði þvælst með öllum þessum körlum. Nú býr hún með sjötta manningum. Á einhverjum tímamarki tók hún að trúa því sem þeir sögðu: „Þú kemur ekki að neinu gagni!“ Þetta er afstaða hennar um það leyti sem hún mætir manningum við brunninn. Þetta gæti orðið sjöundi maðurinn í lífi hennar – hugsar hún eitt andartak – en segir svo: „Af hverju talar þú við mig? Láttu eins og ég sé ekki hérna. Ég fer að fara.“

Við þurfum ekkert að rekja þennan þráð frekar. Það blasir við að þetta á einnig við um okkur: Þau vandamál sem knýja fólk til að leita sér ráðgjafar eða sálusorgunar, erfiðleikarnir sem hafa áhrif á daglegt líf okkar og æviferil – og móta þannig lífstilfinningu okkar – snúast um reynslu þar sem frelsi hefur verið skert eða kærleikur glatast. Til lengri tíma getum við hvorki verið án frelsis né kærleika, því að lífið er ekki mikils virði án þeirra, fólk missir tilfinninguna fyrir lífinu.

Frelsið tengist grunntilfinningu „breiddar“ í lífinu, það snertir sannfæringuna um að okkar bíði eitthvað, að lífið haldi áfram handan sjóndeildarhringsins, að við stöðnum ekki, heldur standi okkur margir vegir færir, að lífsaðstæður okkar séu ekki „frosnar“ þrátt fyrir tímabundnar hindranir.

Reynslan af því að geta veitt og notið umhyggju færir okkur „dýpt“ í lífið. Í því felst að nærveru okkar sé vænst, það er gert ráð fyrir okkur og við finnum hversu gott það er að gera eitthvað með öðrum, miðla og elska. Líf án slíkrar reynslu er „flatt“ líf sem er alls ekki hægt að lifa nema á sársaukafullan hátt. Þess vegna er skiljanlegt – og í vissum skilningi eðlilegt, því að það snertir náttúru mannsins – að Jesús skuli gera reynsluna af því að geta veitt og notið kærleika að þungamiðju kristinnar trúar. Það á einnig við um þá fullyrðingu hans að Guð sé að þessu leyti einnig maður og að mannum sé að þessu leyti eins á komið og Guði.

#### 4. Að auðsýna sjálfum sér kærleika: Uppspretta lifandi vatns?

Kærleikurinn sem ædsta boðorð trúarsíðs? Snýst trúin þá um eitthvað sem er erfitt og við eigum alls ekki auðvelt með að framkvæma en verðum að láta okkur það varða sem kristnir einstaklingar? Jafnvel þó að ekki sé útlit fyrir neinn árangur? Snýst hún um hluti sem geta haft neikvæð áhrif á lífstilfinningu okkar? Þetta er óttalegt erfiði (Sísýfúsarvinna) fjölmargra trúaðra einstaklinga sem leggja hart að sér til að uppfylla kröfur trúarsíðarins án þess að njóta góðs af því sjálfir. Í guðsþjónustunni er þeim svo sagt að það nægi ekki til. Hvar er þá pláss fyrir ástríðuna í eigin lífi?

Þessa reynslu átti fariseinn sem freistaði Jesú með spurningunni um það hvert væri æðst allra boðorða trúarsíðarins (sbr. guðspjallstextinn: Mrk 12.28–34). Svarið hljómar enn í eyrum okkar: Að elska Guð og náungann – þar með er gefinn mælikvarðinn um það hvernig elska á sjálfan sig. Ekkert boð er þessu æðra.

Sú staðreynd að fariseinn samþykkir svar Jesú þegar í stað – rétt eins og þungu fargi hafi verið af honum létt – skýrist af því að með svarinu er eitthvað gefið í skyn sem er honum ekki um megn, hann á því auðvelt með að fallast á það: Kærleikur og sjálfsvirðing. Hann hefur ekki orðið fyrir áhrifum af miðaldakenningunni um manneskjuna sem er beygð inn í sig og getur ekki elskað af eigin mætti. Hún er dæmd til stöðugrar sektarkenndar þar til hún loks snýst til kristinnar trúar. Fariseinn þarf ekkert námskeið í sjálfskærleika því að á þeim tíma flokkaðist hann undir sjálfsagðar dyggðir og mikils metnar listir.

Kristnum mönnum fylgir eitt og annað í farangrinum, einkum þungar byrðar úr átrún- aðarsögu kristindómsins þar sem lítið er gert úr kærleika til sjálfs sín en mikið úr sjálfsafneitun, sett fram í fjölmörgum fögrum en villuleiðandi kennisetningum um mannfólkið: „Ekki að ég njóti kærleika, heldur að ég elski ...“ Sjálfur Guð orðar það ekki á þennan hátt ef marka má það sem skrifað stendur um hann í og utan Biblíunnar. Viljum við að lífstilfinning okkar stjórni af slíkum slagorðum?

Er það ekki skelfileg afstaða sem við tökum undir þegar við fullyrðum að við getum án umhyggju verið þar sem við eigum hana ekki skilið? Setjum við ekki nánungakærleikann í fyrsta sæti af því að fólk – að sjálfsögðu annað en við – er í þörf fyrir hann? Hvers konar

tilfinning er það að segjast í besta falli „þrátt fyrir allt“ vera elskaður af því að heiðarlegur kristinn einstaklingur, syndari að eðli, geti ekki fundið neitt elskuvert í eigin fari? Hvaða áhrif hefði það á lífstilfinningu þína, ef lífsförunautur þinn viðurkenndi að hann elskaði þig „þrátt fyrir allt“ af því að þú býir ekki yfir neinu sem er elskuvert? En sjáðu til: Trúir þú því upp á Guð? Þann sem maður elskar einungis „þrátt fyrir allt“ getur maður ekki elskað í raun og veru. Þeim getur maður heldur ekki trúað. Í raun og veru hatar maður hann. Það getur ekki verið til þess að efla tilfinningu trúnaðartrausts.

Við lifum á tímum þar sem vandamál í samskiptum fólks mótast af skorti á sjálfsvirðingu og kærleika. Margir eru reiðubúnir að leggja á sig hvað sem er til að fá atvinnu og sýna sjálfum sér algjört tillitsleysi í þeirri von að fá viðurkenningu. Og þeir sem hafa atvinnu eru tilbúnir til að ganga langt fram úr sjálfum sér og gefa sig á vald persónulauss tækniapparats. Hér gæti hvert okkar sennilega bætt við persónulegri útgáfu af vanræktum sjálfskærleika.

Þegar kjörum samversku konunnar hefur verið lýst ber hún fram óvenjulega bón til Jesú: „Getur þú, uppspretta lífsins sem þú talar um, tekið þér bústað í mér til að svara þessum látlauða þorsta sem allir brunnar heimsins geta ekki slökkt?“ Jesús svarar henni: „Þarna komstu auga á mikilvægt atriði. Málið snýst ekki um að leita uppi rétta helgistaði, heldur – á myndmáli – getur þú ausið upp úr lifandi lind kærleikans í sjálfri þér, sem ekki er hægt að miðla af nema þú auðsýnir sjálfri þér kærleika.“ Þetta er nú saga til næsta bæjar. Lindin hefur þegar gert vart við sig. Eithvað hefur gerst í samtalinu. Jesús hefði getað farið með eina af sínum uppáhalds setningum við þetta tækifæri: „Trúin hefur bjargað þér! Trúartraust þitt – að treysta jafnt öðrum og Guði – kemur þér til bjargar.“ Að trúa merkir einnig að fara fram á það að fá að lifa í veruleika sambands þar sem ég get snúið mér af heilindum til annars án þess að hann snúi við mér bakinu. Þannig get ég verið öðrum og sjálfum mér heill og óskiptur. Trúarbaráttan sem oft er talað um snýst ekki um að takast á við kennisetningar. Hún snýst um að opna, vera, rækta og verja af ástríðu þau sambönd sem við tökum þátt í með því að gefa og þiggja af kærleika.

## 5. Frelsi sem markmið þess að fylgja Kristi

Allt þetta gildir á sama hátt um veruleika frelsisins, jafnt ástríðufullt líf sem hlutverk trúarinnar.

Hið kristna frelsishugtak er enn og aftur notað um frelsi frá synd, dauða og djöfli, í besta falli um frelsi frá sektartilfinningum. Með siðbótinni voru óskir og vilji manneskjunnar aðgreind frelsishugtakinu; að fylgja Kristi felst í því að gera hluti sem maður vill ekki; með öðrum orðum að vaða yfir sjálfan sig. Góð lífstilfinning sem við tjáum stundum með hugtakinu hamingja byggist fyrst og fremst á því að gjörðir okkar séu í samræmi við það sem við teljum eftirsóknarvert og að ákvarðanir okkar séu í samræmi við okkar innri vegferð. Það er eina leiðin til að njóta ástríðu.

Það sem við gerum einvörðungu af því að okkur dettur ekkert annað í hug gerum við óvart eða við gleymum því áður en til þess kemur. Það sem við gerum – enda þótt við séum komin að þeirri niðurstöðu að gjörðin sé ekki í samræmi við eigin hugsun og tilfinningar – gerum við þvinguð eða deyfð rétt eins og einhver annar gerði það. Það sem við

gerum af því að okkur virðist það skynsamlegt gerum við að yfirlögðu ráði. En það sem við gerum knúin af innra afli og sannfæringu, í það leggjum við allan viljakraft okkar. Við gerum það af ástríðu og upplifum okkur þannig sem frjálst fólk.

Þessu samhengi á trúin ekki að riðla, hvað þá að fórna ímynduðum vilja Guðs. Trú sem á að efla frelsi okkar hlýtur að birtast í þeim tilfinningum sem móta tilvist okkar, viljaá-kvarðanir og gjörðir. Í trúarsögum Gamla og Nýja testamentisins er sá mælikvarði settur á gagnsemi trúarinnar fyrir lífið sjálft *að hún snerti reynslu frelsisins*. Spurningin er hvort hún birtist í frelsandi tilfinningum eða ekki: Þegar trúin er bundin ábyrgðartilfinningu sem gerir manneskjuna hæfa til að draga eigin ályktanir og halda sig við þær; þegar trúin fær á sig tilfinningagildi vonar og kjarks þannig að einstaklingurinn geti tekið eigin ákvarðanir; þegar trúin birtist í þakklætistilfinningu sem leiðir til ástríðufullrar þátttöku í lífinu og þegar trúin skilur eftir sig spor í væntingum manneskjunnar og gerir hana forvitna um eigið líf, þá fyrst getur þessi trú vísað okkur veginn til ástríðufulls lífs.

Samverska konan skilur mjög fljótt að það að fylgja Kristi leiðir hana inn í eigið líf og er því ekki í neinni samkeppni við ástríðufullt líf. Þess vegna fer hún ekki á eftir lærisveinum Jesú. Hún snýr sér að eigin lífi og endurskipuleggur það. Nú kemur hún loks til sjálfrar sín í nútíðinni. Hún horfir hvorki til fyrri tíma né flýr inn í framtíðina til að losna við augnablik nútíðarinnar. Núið er hennar tími. Hún er nú til staðar. Ástríðan er komin aftur. Trúin hefur bjargað henni!

Veik trú er ekki andheiti yfirþyrmandi sannfæringar sem er tilbúin að veðja gegn náttúruvísindum. Veik trú er að vantrosta eigin trú með aðgætnum væntingum, veikum vonum og stundum hikandi gleði.

Látið ekki tala trú ykkar veika og trúið engu sem hvorki stenst kærleika né frelsi. Ekki tileinka ykkur trú sem treystir ykkur ekki til að miðla og njóta kærleika, eða varnar ykkur réttarins að ganga með hverju trúarskrefi í átt til frelsis. Þá glatið þið ekki trúinni, því að slík trú glatar – vonandi – ykkur. Amen.

Bragi J. Ingibergsson:

## Sjónin

*„Sælir eru fátækir í anda, því að þeirra er himnaríki“*

Á einni freskumyndanna í Víðistaða-kirkju má sjá bjartan og fagran engil halda á ljóskeri sem varpar birtu á umhverfið og fólkið í kring. Í forgrunni myndarinnar eru meðal annarra tveir menn blindir - annar þeirra situr og snýr ásjónu sinni frá englinum og ljósinu. Við hlið hans stendur lítil stúlka, sem við skulum ímynda okkur að sé dóttir hans - hún horfir hugfangin til ljóssins og lætur hönd sína hvíla á öxl föður síns og segir honum frá upplifun sinni. Hún er augun hans.

Baltasar málaði freskuna í kirkjunni, fögur myndverk í nýu þáttum, út frá upphafi fjallræðunnar: Sæluboðunum. Myndirnar vekja ávallt athygli þeirra er koma inn í kirkjuna, þær krefjast í raun athygli vegna þess sjónræna áreitis sem felst í margslungnu samspili lita og tóna, forma og tákna sem birta sögur og flytja boðskap – freskan er prédikun í myndum.

Þær túlka lífið í öllu sínu litrófi, sorg og gleði, vonir og vonbrigði, ljós og myrkur, ofsóknir og miskunnsemi, hatur og kærleikur, dauði og líf – en jafnframt dýpri merkingu og máttugri tilgang en við fáum upplifað sem blindir þátttakendur og leikendur í sjónleik þessa heims.

Lífið er nefnilega á vissan hátt eins og sjónleikur sem við upplifum um leið og við reynum að sjá framvindu verksins - og vitum stundum ekki hvernig við eigum að bregðast við, hvort við eigum að hlæja eða gráta, hvort við eigum að horfa áfram eða loka augunum.

Sjónin er vissulega dýrmæt og hana ættum við nota vel, en því miður lítur allt of oft út fyrir að manneskjan sé blind á umhverfi sitt og samfélag – sjái ekki það sem skiptir máli. Blindi maðurinn gat ekki notað sín jarðnesku augu til að sjá það sem var að gerast, en dóttir hans miðlaði til hans því sem augu hennar námu af þeim stórkostlegu viðburðum sem hún upplifði - og hún miðlaði af kærleika.

Og hann sá þrátt fyrir brostin augu og ef til vill betur en þeir sem höfðu heilbrigð augu, því hann átti þann auð í harta sem veitti honum sannfæringu um þá hluti sem ekki er auðið að sjá. Hann átti auðmjúka trú og sá fyrirheitið sem fólgið var í ljósinu sem dóttir hans sagði honum frá.

Efasemdarmaðurinn Tómas var ekki blindur en þegar hinir lærisveinarnir sögðu honum að þeir hefðu hitt Jesú upprisinn sagðist hann þurfa að sjá naglaförin á höndum frels-

arans til þess að trúa. Þegar hann svo hitti Jesú í eigin persónu fékk hann að sjá hendur hans og leggja hönd sína á síðu hans og Jesús sagði við hann: „*Salir eru þeir sem hafa ekki séð og trúá þó.*“

Þegar við veltum fyrir okkur mikilvægi sjónarinnar í lífinu, þá opna þessi orð Krists okkur nýjan skilning á því hvað hugtakið sjón getur haft margbrotna og djúpa merkingu og ótvírátt mikilvægi fyrir andlega velferð ekki síður en þá veraldlegu. Því Kristur gefur okkur blindum að sjá og boðar eilífa sælu.

Við þekkjum frásöguna af því þegar blindur maður varð á vegi Jesú. Í samræmi við hugsunarhátt og viðhorf þess tíma spurðu lærisveinarnir hann hvort þessi maður hefði syndgæð eða foreldrar hans fyrst hann hefði fæðst blindur. En Jesús sagði svo ekki vera, „*heldur til þess að verk Guðs verði opinber á honum.*“

Og þá þegar sýndi Jesús í hverju verk Guðs væru fólgin þ.e. í kærleikanum og til hvers þau ættu að verða opinber, þ.e. til að opna lokuð augu svo þau mættu sjá sannleika Guðs. Í frásögunni segir annars vegar frá líkamlega blindum manni og hins vegar sjáandi mönnum - faríseunum - og í lokin spyrjum við hverjir séu blindir og hverjir sjáandi í raun. Jesús gaf blinda mannum líkamlega sjón en einnig þá andlegu og trúarlegu svo hann sá Jesú sem Drottinn sinn og frelsara. En hinir líkamlega sjáandi farísear töldu sig hafa réttláta andlega sjón og búa yfir allri þekkingu á Guði, en voru samt blindir á opinberun Guðs í Jesú Kristi og rötudu því ekki hjálpræðisveginn í honum.

Síðar í þessari sömu frásögu má lesa eftirfarandi orð Jesú: „*Til dóms er ég kominn í þennan heim, til þess að blindir sjái og sjáandi verði blindir.*“ (Jób. 3.39)

Hér er Jesús ekki að tala um hinn hinsta dóm heldur þann sem er eins og innbyggður í útbreiðslu fagnaðararindisins á meðal fólks, sumir andlega blindir fá sjón er þeir meðtaka Krist, krossfestan og upprisinn, sem frelsara sinn og lausnara meðan aðrir loka augum sínum fyrir fagnaðarboðskapnum eins og farísearnir og eru því blindir.

Já, maðurinn er blindur til þess að verk Guðs verði opinber á honum – og Jesús segir í framhaldi: „*okkur ber að vinna verk þess er sendi mig meðan dagur er. Það kemur nótt þegar enginn getur unnið. Meðan ég er í heiminum er ég ljós heimsins.*“

Með því er Jesús að segja að við sem viljum sjá hann og fylgja honum eigum að vinna að útbreiðslu ljóssins meðan tækifæri gefst, þegar dagur er, þ.e. á meðan við lifum hér í heimi. Nóttin kemur allt of fljótt og stundum fyrir en varir. Birta dagsins er betri en næturmyrkrið og eilífa birtan er eftirsóknarverðari en nokkuð annað. Þess vegna ættum við að reyna af fremsta megni að nálgast það ljós, rétt eins og fólkið á fresku Baltasars teygir sig til ljóskersins sem engillinn heldur á – og er táknrænt fyrir ljós heimsins.

Jesús segir í fjallræðu sinni og beinir orðum sínum til lærisveina sinna: „*Þér eruð ljós heimsins.... Þannig lýsi ljós yðar meðal manna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar sem er á himnum.*“

Það er einmitt með þeim hætti sem litla stúlkan á freskunni miðlar geislum ljóssins til hins blinda föður - og hann fékk séð vegna einlægrar hlýju dóttur sinnar. Hún var hans veraldlegu augu, sem varð til þess að hann sá það sem skipti raunverulegu máli.

Já, lífið er eins og sjónleikur og við vitum ekki alltaf hvernig við eigum að bregðast við framvindunni. Vitum ekki einu sinni hvort við sjáum það sem skiptir máli, skiljum verk-  
ið á réttan hátt eða breytum með þeim hætti að skilji eitthvað eftir fyrir okkur og aðra þátttakendur.

Og ég held að ástæðan sé sú að við erum í vissum skilningi blind og höfum ekki nægar forsendur til að draga réttar ályktanir nema við öðlumst sjónina að nýju – þá sjón sem gerir okkur kleift að horfa á lífið og samferðafólkið með þeim augum sem Jesús Kristur opnar – augum trúarinnar.

Og þegar við fáum séð með þeim hætti skiptir mestu að horfa á lífsveginn eins og við séum að sjá hann í síðasta sinn, því við höfum bara eitt tækifæri til að sjá og upplifa þá atburði sem á vegi verða,- meðan dagur er.

Við skulum nú láta okkar innri augu hvarfla frá freskumyndinni sem ég lýsti hér í upphafi og til annarrar myndar í fresku Baltasars. Þar má sjá fimm menn, tónskáldin Bach, Mozart og Beethoven, myndhöggvarann og skáldið Michaelangelo og listmálarann Velaskues, nokkra af fremstu snillingum mannkynssögunnar í listum.

Þeir unnu verk sín meðan dagur var, til dýrðar Guði. Þeir áttu skýra andlega sjón og dreifðu geislum frá ljósi heimsins út til samborgara sinna – í formi fagurra tóna og innihaldsríkra mynda þar sem hver nóta og hver lína í kirkjulegum verkum þeirra virðist dregin af auðmjúkri trú og hreinu hjarta. En þeir og verk þeirra eiga þó fyrst og fremst að minna okkur á hvað við getum gert til að virkja trúarsýn okkar, til dæmis með því að leggja hönd á öxl náungans og miðla kærleiksgeislum til hans af hreinu hjarta. Þannig fá blindir sýn að nýju.

Það er sjálfsagt þess vegna sem Baltasar leitir fyrirmynda í fyrrnefndum listamönnum er hann túlkar sæluboðið þar sem segir: „*Sælir eru hjartabreinin, því að þeir munu Guð sjá.*“

Jóna Hrönn Bolladóttir:

## Snerting

Ágætu áheyrendur, mig langar að segja ykkur nokkrar magnaðar sögur.

Pegar Jesús var á leiðinni þrængdi mannfjöldinn að honum. Þar var kona sem hafði haft blóðlát í tólf ár. Hún hafði leitað lækna og varið til aleigu sinni en enginn getað læknað hana. Hún kom að baki Jesú og snart fald klæða hans og jafnskjótt stöðvaðist blóðlát hennar. Jesús sagði: „Hver var það sem snart mig?“ En er allir synjuðu fyrir það sagði Pétur: „Meistari, mannfjöldinn tredst að þér og þrýstir á.“ En Jesús sagði: „Einhver snart mig því að ég fann að kraftur fór út frá mér.“ En er konan sá að hún fékk eigi dulist kom hún skjálfandi, féll til fóta Jesú og skýrði frá því í áheyrn alls fólksins hvers vegna hún snart hann og hvernig hún hafði jafnskjótt læknað. Jesús sagði þá við hana: „Dóttir, trú þín hefur bjargað þér. Far þú í friði.“ (Lúk 8: 42-48)

Svo bar við, er Jesús var í einni borginni, að þar var maður altekinn líkþrá. Hann sá Jesú, féll fram fyrir honum og bað hann: „Drottinn, ef þú vilt getur þú hreinsað mig.“

Líkþráir eða holdsveikir menn voru útilokaðir frá mannlegu samfélagi og öllu helgihaldi í musterinu og samkundum vegna sjúkdóms síns.

Jesús rétti út höndina, snart hann og mælti: „Ég vil, verð þú hreinn!“ Jafnskjótt hvarf af honum líkþráin. (Lúk 5: 12-13)

„Meðan ég er í heiminum er ég ljós heimsins.“ Að svo mæltu skyrpti hann á jörðina, gerði leðju úr munnvatninu, strauk leðju á augu hans og sagði við hann: „Farðu og þvoðu þér í lauginni Sílóam.“ (Sílóam þýðir sendur.) Hann fór og þvoði sér og kom aftur sjáandi. Nágrannar hans og þeir sem höfðu áður séð hann ölmusumann sögðu þá: „Er þetta ekki sá er setið hefur og beðið sér ölmusu?“ (Jóhannes 9:5-8)

Þá tók María pund af ómenguðum, dýrum nardussmyrslum og smurði fætur Jesú og þerraði með hári sínu fætur hans. En húsið fylltist ilmi smyrslanna (Jóhannes 12:3)

Þessar mögnuðu sögur sem mörgum finnst eflaust sumar hverjar misbjóða nútíma skynsemi fjalla um gæði og gildi hins líkamlega lífs. Jesús snerti og læknaði og lýsti það hreint sem samfélag manna hafði lýst óhreint og tókst þannig að viðhalda fordómum og félagslegri einangrun einstaklinga. Líkamar okkar eru það sem gerir okkur sýnileg og það er því áhrifarík leið til að halda fólki niðri að hafna líkama þess. Guðfræði sem hafnar líkamanum, hafnar manneskjunn. Þannig var ekki guðfræði Jesú. Maður sem skyrpir á jörðina, gerir leðju úr munnvatni og strýkur augu hins veika er ekki líkamshræddur. Munnvatn og mold roðið í augu einhvers vesalings. Oj bara! Mold, líkamsvessar og sjúklingar. Það er óhreint!

Jesús snertir hið óhreina og gefur því gildi, færir því stöðu og ljær því tilgang. Kristin guðfræði má aldrei vera líkamsfjandsamleg og kristin kirkja má ekki vera líkamshrædd. Boðskapur Krists fjallar um andleg gildi, en þar er svo sannarlega líkamsmiðuð guðfræði á ferðinni. Sjálf upprisufrásögnin er aðferð til að skila þeirri vitneskju að líkaminn er góður. Þess vegna var ég svo glöð að sjá hver voru umfjöllunarefni hér á þessu predikunaserminari. Ilman, snerting, sjón og heyrn. Þessar yfirskriftir bera ekki vott um líkamshrædda kirkju. Þegar ég var beðin að velja mér yfirskrift hugsaði ég mig ekki um, það kom alveg ósjálfrátt og frá hjartanu-SNERTINGIN.

Og ég veit núna af hverju. Á þeim tíma sem ég var beðin um að tala var ég að kveðja föður minn eftir mjög löng ogársaukafull veikindi. Og í þeirri þjáningu fékk innihald og mikilvægi snertingarinnar miklu dýpra gildi í lífi okkar fjölskyldunnar. Snertingin er hluti af því að mæta fólki á heildrænan hátt. Manneskjan er ein heild; líkami, sál og andi. Og svo er til eitthvað sem heitir mennskar frumþarfir. Þegar ég las masterritgerðina hans Bjarna míns kynntist ég heimspekingi sem heitir Mary Clark en hún var ein af heimilissvinunum þegar Bjarni var að skrifa ritgerðina sína. Hún heldur því fram að við þurfum í fyrsta lagi á tengslum og samskiptum að halda til að lifa af. Í öðru lagi séum við háð því að hafa sjálfræði, að geta dregið mörk gagnvart öðrum og ráðið ráðum okkar. En það sem er sér-mennskt að áliti þessarar konu er þörfin fyrir tilgang. Þetta samræmist í mínum huga algerlega þeirri sjálfsmynd sem Kristur vildi færa fólki. Hann hafði þá aðferð að mynda tengsl við fólk og eiga djúpstæð samskipti. Og t.d. með orðunum „Dóttir, trú þín hefur bjargað þér. Far þú í friði“ er Jesús að færa konunni með blóðlátin hennar eigið sjálfræði, hann lyfti undir vilja hennar til að ná bata og bendir henni á hennar eigið hugrekki. „Dóttir, trú þín hefur bjargað þér. Far þú í friði“. Enda var þessi kona ekki lengur ósýnileg, hún var ekki lengur óhrein og það hafði verið gert opinbert með því að vísa til hennar eigin ákvörðunar og hugrekkis. Nú hafði líf hennar tilgang, frumþörfum hennar hafði verið mætt. Og Mary nefnir samfélagið, tengslin sem eina af frumþörfunum. Það er óendanlega erfið og jafnframt merkileg reynsla að upplifa ástvin sem maður hefur verið í tengslum við í tugi ára missa minnið. Hvað er það sem er mikilvægast í samfélagi við ástvini? Það er hin sameiginlega saga þess sem er liðið, hin sameiginlega upplifun í núinu og vitundin um að standa saman í framtíðinni. Faðir minn Bolli Gústavsson greindist fyrir átta árum með sjúkdóm sem er kallaður „Leví-sjúkdómur“. Lýsingin á sjúkdómnum er sú að heilinn rýrnar, minnið hverfur sem veldur verkstoli fyrst og síðan málstoli auk þess sem líkaminn er með Parkinson einkenni eins og stirðleika og rýrnun og loks hefur einstaklingurinn enga möguleika til að hirða um sjálfan sig á nokkurn hátt.

Hvað er eftir þegar ekki er lengur hægt að rifja upp minningar, segja sameiginlega sögu eða segja frá viðburðum líðandi stundar? Við fjölskyldan tókum þá ákvörðun að ganga inn í hjúkrunina á spítalanum. Við fundum að snerting og augnsamband var það sem við gátum átt saman. Alveg eins og þegar við önnuðumst börnin okkar í frumbersku. Og af því að tilfinningarsambandið milli föður míns og fjölskyldunnar var byggt á svo miklu grundvallartrausti þá fann maður að snertingin minnti hann með einhverjum hætti á ástvini sína þó að hann myndi ekkert nafn síðustu mánuðina.

Hvenær hefði ég trúað því að það gætu verið mér óendanlega dýrmætari stundir að baða föður minn, klæða hann, klippa á honum neglurnar, greiða hárið hans, nudda fæturna

og mata hann? Og hvernær hefði ég trúað því að í slíkum aðstæðum hefði færst friður og öryggi yfir hann? Aldrei, fyrr en ég fékk að reyna það sjálf. Snertingin var það sem tengdi okkur fjölskylduna saman og við hann.

Ég man einu sinni eftir því að koma á spítalann þegar pabbi var orðinn mjög veikur og komin í hjólastól, þá kom vakthafandi hjúkrunarkona á móti mér og sagði mér andaktug frá því að hr. Sigurbjörn Einarsson biskup hefði komið í heimsókn, einn af góðum vinum pabba. Ég spurði hvort hann hefði stoppað lengi, hún játti því. Síðan spurði ég hvort Sigurbjörn hefði náð einhverju sambandi við hann. Þá sagði hún mér að þeir hefðu bara setið lengi og haldist í hendur. Málstol föður míns var þá orðið algjört, en það kom ekki í veg fyrir að þeir gátu átt samfélag með því að sitja hlið við hlið og haldist í hendur og blessað þannig hvor annan.

Já, snertingin er máttug og innihaldrík. Þarna var sterkur vitnisburður um vináttu og traust.

Þegar að andláti föður míns kom var það svo mikilvægt fyrir fjölskylduna að fá að ljúka þjónustu okkar við hann. Við munum seint fá fullþakkað þá helgu stund er við bjuggum hann í kistuna. Eitt af því sem við gerðum var að bera á hann ilmolíu. Þegar við höfðum veitt honum þessa síðustu þjónustu lögðum við hann sjálf í kistuna og er ástvinahópurinn kom til kistulagningarinnar barst góður ilmur að vitum. Viku síðar var það líka svo sjálfsgagt að horfa á bræður mína tvo svartklædda í blankskóm standa við gröfina og moka sjálfir yfir kistuna. Þannig lukum við löngu ferli sem kenndi okkur margt.

Ég hef verið prestur í 17 ár. Þegar ég fer yfir starfstíma minn og hugsa til þess hvaða verkefni mér þykir einna vænst um þá koma Kolaportsmessurnar upp í huga minn. Ég man eftir ferðum mínum þangað sem miðborgarprestur, ég horfði yfir þetta mannlífstorg þar sem svo mikið var af fólki og margt af því einmana í leit af samfélagi. Hvað gat leitt okkur saman? spurði ég og lausnin var helgihald. Við fórum af stað með messur í kaffihúsinu Kaffiport í hverjum mánuði og hver einasta guðsþjónusta var umvafin töfrum. Í gegnum fyrirbærni og lofgjörð sameinuðumst við og það myndaðist traust á milli okkar, sameiginleg guðsþekking og reynsla. Eitt af því sem mér fannst dýrætast í þjónustunni var snertingin. Í lok hverjar guðsþjónustu vorum við með blessun með olíu. Við gengum á milli borða þar sem fólkíð sat sumt reykjandi, drekkandi kaffi eða að snæðingi. Söfnuðurinn, hver einstaklingur sem það kaus rétti fram hendur sínar og krossmarkið var sett í lófa hvers og eins þar sem farið var með blessunarorðin. Þau sem þjónuðu horfðust í augu við hvern og einn og fólkíð valdi það að þiggja blessun og snertingu með því að rétta fram hendur sínar. Ilmurinn af olíunni fyllti kaffihúsið. Ólían sem er tákni heilags anda varð að krossmarki í lófa ólíks fólks með ólíka sögu og ólíkar hendur. Og við fundum að við vorum samfélag manna, samfélag þar sem við viðurkenndum að við gátum rétti fram okkar tómu hendur sem framkvæmt höfðu hluti til góðs og líka til vansa og við þörfnumst öll leiðsagnar heilags anda til að velja hið góða og gagnlega. Þarna raungerðist það hversu mikilvægt það er að vera líkamselskandi kirkja. Þarna voru svo sannarlega ekki ósýnilegar manneskjur. Það sköpuðust ómetanleg tengsl.

Þetta er það sem mig langaði að deila með ykkur á þessum morgni um gildi snertingarinnar í lífi mínu sem manneskju og í þjónustu kirkjunnar.

## Ilman

Hrúturinn fílar grön aftan við ána. Hann snertir ekki við henni ef hún er ekki blæsma, ef egginn eru ekki tilbúin til að skapa lömb gengur hann framhjá uns hann finnur rétta ilminn. Þannig leiðir ilmur náttúrunnar til viðgangs hennar.

Þannig er ilmanin sterkur þáttur í allri náttúrunni, allt sem lifir ilmar, dýr, jurtir og manneskjur. Ilmurinn af mömmu og ömmu, ilmurinn af því sem þær voru að gera í bernsku okkar yljá okkur ...eða kvelur ef svo ber undir...

Hjá sumum vekur ilmur af hangikjöti og grenigreinum tilfinningu jólanna...sú tilfinning getur bæði vakið tilhlökkun og kvíða. Tilhlökkunartilfinning barnskujólanna getur hellst yfir okkur eingöngu við að finna þessa angan, en minning jólanna getur líka verið sár og erfið og því getur þessi ilmur jafvel breyst í óþef í vitum okkar.

Í sveitinni er það gjarnan hrútaalyktin sem vekur ilm jólanna, kannski í sambland við piparkökulilm. Það passar að fara að baka piparkökur þegar ærnar fara að beiða, þá er hrúturinn sóttur og þegar búið er að leiða hann á milli ána koma allir inn og fá sér nýbakaðar piparkökur.

Er ekki lífið undarlega afstætt? Hrátaalyktin sem í raun er viðbjóðslegur fnykur breytist í ilm af því hann er svo náttúrulegur og færir okkur stórkostlegar gjafir Guðs og kemur okkur í snertingu við það sem lífið er í raun og veru.

Hrátaalyktin og ilmur ána þegar þær beiða vekja mig alltaf til umhugsunar og aðdáunar á Skaparanum sem hefur komið þessu svo meistaralega fyrir. Ilmanin verður nákvæmlega rétt þegar rétti tíminn er. Svona er það líka með lóðatíkunum. Gríska orðið kairos nær þessu svo vel, hinn rétti tími. Tími Guðs. Var ekki Guð vitur að finna upp skynfæri okkar til að við gætum notið lífsins á þennan undursamlega hátt? Mér verður alltaf hugsað til kraftaverka Guðs þegar undur náttúrunnar blasir svo stórkostlega við, þegar litlu kjötvélarnar koma með framleiðslu sína af fjalli á haustin og kýrnar breyta grasi og vatni í mjólk. Hver getur sagt að Guð sé ekki til þegar þetta blasir allt svo stórkostlega við augum okkar og vitum?

Ög við mannfólkið þekkjum líka angan ástarinnar:

Við elskum ilm þess sem við unnum. Angan þess sem við elskum vekur unað innra með okkur. Ilmanin vísar okkur veg ástarinnar. Þess vegna rugla ilmvoðn þennan vegvísi og um leið gang ástarinnar. Rakspírinn segir þér: Ég elska þessa lykt, en að morgni þegar

ástríðan er liðin hjá vekur svitalyktin viðbjóð. Ef þú elskar svitalyktina, þá elskar þú manninn, alveg eins og þú elskar ilmanina úr bleyju þíns eigin barns.

Getur það verið að ilmvoðn og rakspírar séu orsakavaldar svo margra hjónaskilnaða? Við rötuðum óvart að röngum manni eða rangri konu...aðeins vegna ilmsins?

Ilmanin snertir fleiri þætti en ástina og kynlífið. Hún snertir minningar um liðna tíð, söknuð og sorg.

Við göngum hér inn í Skálholtsdómkirkju og ilmur aldanna kemur á móti okkur. Ilmur gamalla timburkirkna, fúalykt, ilmur grófra vaðmála, rök lykt og köld. Um leið og við köllum þennan fortíðarilm fram sjáum við fyrir okkur löngu liðna atburði. Við sjáum fyrir okkur Brynjólf biskup, Ragnheiði biskupsdóttur og allt það drama sem minningin kallar fram og við sjáum fyrir okkur fólk koma saman og syngja tíðasöng allt á sínum rétta tíma.

Nú er hlýtt í Skálholti – kirkjan upphituð þó úti sé dimmt og kalt. Á móti okkur kemur ilmur nýrra efna, steinn, viður og málning.

Málningarlykt minnir mig á dauðann. Það var málningarlykt af kistunni sem þeir komu með heim til að leggja hana ömmu mína í þegar hún var dáin. Kistan stóð heima fram að jarðarför og lyktin var um allt hús, málningarlykt í bland við blómailm.

Blómailmur vekur í hugum margra syrgjenda hrylling fyrstu daganna eftir dauðann.

Þegar við Gylfi komum heim frá Afríku var það ilmanin úr afrískri jörð sem sat eftir í vitum okkar í margar vikur á eftir. Þegar ég sé myndir frá Afríku kemur þessi lykt fyrir vit mér alveg ómeðvitað, lykt af rauðri, rakri og heitri jörð í bland við ilm af brennandi viðarkolum...ilmur einfaldleikans...ilmur fátæktarinnar... En hver er ilmur trúarinnar? Tengist ilmur trúarinnar kirkjum okkar og helgiathöfnum eða tengist ilmur trúarinnar heimilinu og bænagjörðinni eða eigum við engan ilm trúarinnar?

Í fjölskylduguðsþjónustum heima á Möðruvöllum bjóðum við upp á smurningu. Ég dreypi ilmólú á enni viðstaddra, geri krossmark og segi þessi einföldu orð:

„Engill Drottins varðveiti þig á öllum vegum þínum.“

Mýkt olfunnar á að minna okkur á kærleika Guðs, en ilmur olfunnar á að minna okkur á nærveru Guðs.

Smurningin vísar til upprisú Jesú, en hún vísar líka til hinnar stórkostlegu sögu í Markús-arguðspjalli um konuna sem helli ilmólú yfir höfuð Jesú.

Hún smurði hann til konungdóms. Hún smurði hann til spámanns og hún smurði hann til greftrunar hans. Hún var víðsýn þessi ónefnda kona sem Markús guðspjallamaður segir frá. Hún skildi hvaða þýðingu dauði hans myndi hafa. Hún sá að hann var konungur og spámaður sem þurfti að deyja til að opna okkur leið inn í himininn.

Hvar sem fagnaðarerindið verður boðað þar verður hennar minnst, sagði Jesús. En hennar er ekki oft minnst þessarar konu. Við skulum þó muna eftir henni og minnst oft á hana vegna þess sem hún gerði. Hún fyllti herbergið af ilmi. Hún fyllti herbergið af nærveru Guðs.

Það var svo hinn fyrsta dag vikunnar að þær komu að gröfinni til að smyrja hann. Við þekkjum framhaldið. Líkaminn var ekki smurður því hann var ekki þar.....hann var upprisinn. Hann fór á undan þeim til Galíleu.

Hann fór á undan okkur hingað. Hann er hér mitt á meðal okkar í helgihaldinu og í samverum okkar.

Veturinn er genginn í garð. Ég veit að þegar ég held heim á leið á þriðjudaginn og ég ek heim Hörgárdalinn mun ég finna ilm í lofti....bændur eru farnir að reykja....reykja til jólanna og þegar ég finn þann ilm þá veit ég að sá sem fæddist á jólum er og verður og mun verða, í Jesú nafni Amen.

Gylfi Jónsson:

## Heyrnin

Ég heyrði þau nálgast  
í húminu, beið  
á veginum rykgráum veginum.

Hann gengur með hestinum  
höndin kreppt  
um tauminn gróin við tauminn.

Hún hlúir að barninu  
horfir fól  
fram á nóttina stjarnlausa nóttina.

Og ég sagði: þið eruð  
þá enn sem fyr  
á veginum flóttamannsveginum,

en hvar er nú friðland  
hvar fáist þið leynzt  
með von ykkar von okkar allra?

Þau horfðu á mig þöggul  
og hurfu mér sýn  
inn í nóttina myrkrið og nóttina.

*Snorri Hjartarson*

Ég heyrði þau nálgast.  
Snorri Hjartarson heyrir í sál sér hófa asnans er hann fetar veginn og eltir taum húsbónda síns.

Hamar, steðji, ístað og myndin verður til á hugarhimni skáldsins.

Hljóð umhverfisins hafa skapað mynd. Tengsl við reynsluheiminn. Tengsl við þekkta sögu.

Orðin sem við heyrum, tónlistin sem við nemum kallar eftir tengslum, samsvörun, speglun í lífsreynslu okkar.

Hljóðbylgjurnar sem hamar, steðji og ístað færa heilabúinu, gera þó meira.

Þær enduróma í höfði okkar, frumum líkamans í lengri eða skemmri tíma.

Hver hefur ekki reynt að orð eða setning líkt og gróf um sig í hlustinni, eyrnaormur. Góð orð og gefandi.

Biturt fúkyrði.

Tónlistin lifir þó einatt lengur. Við heyrum lag og tónar þess iða í eyra okkar heilan dag.

Tónlistin sem svo oft er farvegur orðanna verður oft orðunum langlífari.

Tónlistin vekur dýpri og varanlegri tilfinningaviðbrögð en orðin tóm.

Í Samúelsbók segir frá því er Davíð var kallaður til að leika á hörpu sína þegar illur andi var að sturla Sál.

Og jafnan þegar hinn illi andi kom yfir Sál, þá tók Davíð hörpu sína og lék hana hendi sinni. Þá bráði af Sál og honum batnaði. Og hinn illi andi vék frá honum.

Það eru ekki aðeins hamar, steðji og ístað sem bregðast við tónlistinni.

Sérhver fruma líkama hrífst með. Jafnvel blóðkornin breyta um lögun eftir því hvers konar tónlist hljómar.

Liðanin breytist eftir því í hvaða tóntegund spilað er.

Tónlistin eins og orðin geta ýmist átt sér samsvörun í lífsreynslu okkar eða að tónlistin er okkur framandi.

Spilað upphaf að brúðarmarsi Wagners (á orgel).

Lífsreynslan segir okkur að þetta er leikið við brúðkaup.

Gæti alveg eins verið sorgarmars.

Það sem við heyrum vekur upp minningar.

Með vinum mínum á öldrunarheimilunum syng ég og spila lög frá blómaskeiði lífs þeirra.

Ljóst og óljóst kvikna í huganum myndir liðinna ánægjustunda.

Þetta á bæði við um veraldleg lög, danslög, slagara og sálma.

Heyrnin er beintengd hugmyndafluginu. Þegar ég var að alast upp og hlustaði á útvarp barst að eyrum mér þularrödd, djúp og dökk og hljómmikil.

Það urðu mér nánast vonbrigði þegar ég, nýstúdent í Háskóla Íslands, var kynntur fyrir manninum sem átti röddina. Jóhannesi Arasyni. Lágvaxinn og nettur maður með dökkt liðað hár.

Þegar hugurinn staðnæmist við prédikunina kvikna margar hugsanir.

Mörg höfum við trúlega heyrt söguna af unga prestinum sem hlustaði á læriföður sinn prédika, en sá hafði hljómmikla og djúpa rödd.

Ræðuna hóf lærifaðirinn á þessum orðum:

Det brinner, det brinner.... Og á því sama augnabliki hafði hann höndlað athygli kirkju-  
gestanna.

Í sinni næstu trúdinu hugðist ungi presturinn nota þetta upphaf, og með með hvellri og  
skerandi röddu nánast hrópaði hann út yfir kirkjuna: Det brinner, det brinner, og kirkju-  
gestir hröðuðu sér út af ótta við eldsvoða.

Er heyrnin næmari ef ræðumaður horfir í augu þín?

Leynist eftirvænting í athygli hlustandans ef augu þess er mál flytur hvíla á honum?  
Já, ég held það.

Sigurbjörn Einarsson biskup nýtti sér vel þennan leyndardóm á fyrstu dögum sjónvarpsins.

Á gráum og köldum sjánum birtist hans kunnuglega andlit. Augun horfðu beint á þig og  
í helgi jólanætur komu orðin hans til þín:

„Í nótt ættu englarnir einir að tala

Í nótt ættu himnarnir að hafa orðið einir, jörðin að vera hljóð. En nú langar englana til  
að mennirnir tali líka....“

Þó má svo vel flytja ritað mál beint af blaði að ekkert komist að nema hlustunin ein.

En rétt eins og orðin geta dregið upp myndir, getur einfaldur, myndrænn atburður verið  
dreginn nýjum og hrifandi pensilförum þegar skáldið heyrir og les.

Kaldan steinvegg  
hefur þú rofið hljóðlaust  
með útbreiddan faðminn.

Stígur fram úr þokunni  
stígur út úr skýinu  
sveipaður litum sakleysis  
birtu og vonar.

Frá svo óvæntum atburði  
flýjum vér úr húsi þínu  
sleginn ótta

og sjáum af hlaðinu  
í hnýgandi kvöldsól  
sáttmála þinn og leyndardóm:

Fjall eins og brauðhleif  
vatn rautt eins og blóð.

*Hjörtur Pálsson*

**Þátttakendur á ráðstefnunni:**

Anna Höskuldsdóttir  
Arna Ýr Sigurðardóttir  
Axel Árnason  
Ása Björk Ólafsdóttir  
Bjarni Karlsson  
Bragi J. Ingibergsson  
Elfnborg Gísladóttir  
Erla Guðmundsdóttir  
Guðbjörg Jóhannesdóttir  
Gunnar Kristjánsson  
Gunnbjörg Óladóttir  
Gunnþór Ingason  
Gylfi Jónsson  
Hans Guðberg Alfreðsson  
Jóna Hrönn Bolladóttir  
Kjartan Jónsson  
Kristinn Ólason  
Ragnheiður Jónsdóttir  
Skúli S. Ólafsson  
Sólveig Lára Guðmundsdóttir  
Stefán Einar Stefánsson  
Wilfried Engemann  
Þorgeir Arason  
Örn Bárður Jónsson